

RODRIGUEZ LUNA

Kennir börnum og fullorðnum taekwondo

• heilsa

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR

Hitti í mark hjá Páli Óskari

Eurovision-sérfræðingarnir sannspáir

FÓLK 34



HEMMI GUNN

Fór á kostum fyrir vestan

Salurinn söng með í öllum lögum

FÓLK 34



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. apríl 2009 – 88. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Ekkert vöfflubóð

Sandra Erlingsdóttir flytur inn heimsþekktan tónlistarmann á þritugsafmælinu.

TÍMAMÓT 18



### Fjölmeni á Bítlamynd

Íslenskir Liverpool-farar rifjuðu upp góðar minningar í Listasafni Íslands.

FÓLK 25

### Víkingsævin-týri Baltasars

Stórmynd Baltasars Kormáks í tókur eftir áramót.

FÓLK 27




### Spilar lítið í Meistaradeild

Eiður Smári Guðjohnsen hefur aðeins fengið að spreyta sig í þremur leikjum með Barcelona í Meistaradeildinni.

ÍPRÓTTIR 28



## VEÐRIÐ Í DAG



Úrkomusamt Í dag verður nokkuð hægur vindur víðast hvar, 5-10 m/s. Víða verður rigning eða slydda en minnstar líkur á úrkomu eru við vesturströnd landsins. Hiti 0-8 stig, hlýjast sunnanlands.

VEÐUR 4

# Helmingur þingheims tengdur fyrirtækjum

Samkvæmt hlutafélagaskrá tengjast nú þrjátíu alþingismenn alls 55 fyrirtækjum og félögum. Fimmtán alþingismenn fara með eignarhald í hlutafélögum. Þetta kemur fram í skýrslu sem Creditinfo Ísland hefur unnið fyrir Fréttablaðið.

**STJÓRN MÁL** Fimmtán alþingismenn áttu minnst sautján fyrirtæki á öllu eða einhverju leyti í árslok 2007. Þetta kemur fram í skýrslu sem Creditinfo Ísland vann fyrir Fréttablaðið.

Tölur um eignarhald þingmanna í fyrirtækjum vann Creditinfo meðal annars úr ársreikningaskrá.

„Niðurstöður sýna það helst að flestir þingmanna með eignatengsl í fyrirtækjum eru þingmenn Sjálfstæðisflokksins en tíu af 26 þingmönnum þeirra áttu eignahlut í fyrirtækjum hinn 31. desember 2007.

Af sautján þingmönnum Sam-

fylkingar áttu þrjú eignahlut í fyrirtækjum, einn af níu þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en enginn af þingmönnum Framsóknarflokks,“ segir í skýrslu Creditinfo, sem skilgreinir ekki nánar flokksstöðu þeirra þingmanna sem eftir standa til að afhjúpa ekki hvaða einstaklinga sé um að ræða. Af þessum óskilgreinda hópi áttu þrjú fyrirtækjum.

Einnig var kannað í hlutafélagaskrá nú í byrjun apríl hvernig alþingismenn tengjast hlutafélögum sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórnar og svo framvegis. Í ljós kom

að alþingismenn tengjast nú minnst 55 félögum.

Persónuvernd synjaði Creditinfo um leyfi til að miðla opinberum upplýsingum um eignatengsl einstaklinga. Rákel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo, segir það miður því slík upplýsingagjöf myndi stuðla að betra gagnsæi – öllum til góðs.

„Þegar teknar eru ákvarðanir um viðskipti gætu legið lögvarðir hagsmunir í því fyrir einn aðila að vita hvað annar á og hvað hann stendur fyrir og hvaða félögum hann tengist,“ segir Rákel Sveinsdóttir.

- gar / sjá síðu 12 og 13

## Listaverkafjófar á Akureyri: Skúlptúr stolið úr Leirutjörn

**LÖGREGLUMÁL** Listaverkinu Trommusett nr. 2 var stolið úr hólmanum á Leirutjörn á Akureyri aðfaranótt páskadags. Verkið er skúlptúr eftir Baldvin Ringsted myndlistarmann, gert úr gömlu trommusetti sem búið var að festa saman og fylla af grjóti.

Baldvin segir verkið vege yfir hundrað kíló, og útilokað annað en að þjófarnir hafi komið því undan á pallbíl. Aðeins sé hins vegar hægt að beita ímyndunaraflinu til að útskýra hvernig verkið var fært á brott, eða í hvaða tilgangi því var stolið. Listaverkið var í hólmanum á vegum Gallerís Víð8ttu, en opna átti sýningu á vegum gallerísins með afhjúpun á verki Baldvins í gær. Þeir sem hafa upplýsingar um málið hafi samband við lögreglu á Akureyri.

- shá



**KR ÍSLANDSMEISTARI** KR-ingar tryggðu sér Íslandsmeistaratilinn í körfuknattleik karla í gærkvöldi þegar þeir lögðu lið Grindavíkinga að velli í hreinum úrslitaleik. Leikurinn, sem fór fram á heimavelli KR í Frostaskjóli, var æsispennandi og endaði með aðeins eins stigs sigri KR, 84-83. Fannar Ólafsson, fyrirlíði KR, lyftir hér bikarnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Íslandsmótið í körfubolta: KR vann og Jón Arnór bestur

**KÖRFUBOLTI** KR varð í gærkvöldi Íslandsmeistari í körfubolta eftir sigur á Grindavík í hreinum úrslitaleik um titilinn. KR hafði sigur eftir æsispennandi lokamínútur, 84-83. Grindavík átti möguleika á að vinna sigur í blálok leiksins en náði á endanum ekki að vinna bug á varnarleik KR í síðustu sókn sinni.

Jón Arnór Stefánsson var stigahæstur leikmanni KR með 23 stig og hann var einnig valinn besti leikmaður úrslitakeppinnar.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, tilkynnti eftir leik að hann ætlaði ekki að halda áfram sem þjálfari liðsins.

Sjá síðu 34 / esá

Kjartan Gunnarsson vissi um risastyrki FL Group og Landsbankans til flokksins:

## Vildi að styrkir yrðu afþakkaðir

**STJÓRN MÁL** Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, vissi undir árslok 2006 að flokknum stæðu til boða háir fjárstyrkir, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Kjartan hefur staðfastlega neitað að hafa haft vitneskju um styrki frá FL Group og Landsbankanum að upphæð 55 milljónir króna. Heimildir herma að Kjartan hafi lagt að Geir H. Haarde, þáverandi formanni, að afþakka styrkina. Þeir væru allt of háir til að geta talist eðlilegir og úr takti við styrki sem flokkurinn hefði áður þegið.

Haustið 2006 var fjárhagsstaða Sjálfstæðisflokksins mjög slæm. Flokkurinn hafði kostað miklu til í kosningabaráttu sveitarstjórnarkosninganna fyrr á árinu.

Svandís Svavarsdóttir segir styrk FL Group setja REI-málið í nýtt ljós og kalli á að Guðlaugur Þór Þórðarson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson upplýsi um prófkjörstyrki sína. Guðlaugur segir það koma til greina en segist ekki vita hvort hann fékk styrk frá FL Group eða Landsbankanum.

- bps, sh / sjá síðu 2 og 6

**ÍSLENSKT GRÆNMETIS GRATIN**

Engin fyrirhöfn, hitið og njótið.

## Verjum velferð, sköpum störf



VINSTRI GRÆN

**SKEYTI**

Sendu persónuleg fermingarskeyti á [www.postur.is](http://www.postur.is)

VERÐ 890 kr.

**SKEYTI min** PÓSTURINN allur pakinn



**SPURNING DAGSINS**

*Birgir, hver er helsti styrkur íslenskra stjórnmalaflokka?*

„Það er erfitt að svara því. Það eru milljón hlutir sem koma upp í hugann!“

Mjög styttest til alþingiskosninga sem verða haldnar 25. apríl næstkomandi. Birgir Guðmundsson er stjórnmalafraeðingur.

## Deilur strandríkja um kvóta: Ísland býður til makrílfundar

**SIÁVARÚTVEGUR** Íslensk stjórnvöld hafa boðið fulltrúum ESB, Noregs og Færeyja til fundar einhvern næstu daga til að finna farsæla lausn á framtíðarstjórnun makrílveiða. Í frétt frá sjávarútvegsráðuneytinu segir að Ísland sé í fullum rétti að nýta auðlind sem sé innan efnahagslögsögu landsins og að halda öðru fram sé í þversögn við alþjóðalög. Hins vegar fylgi þeim rétti að nýta sameiginlega auðlind sú skylda að ríki leiti eftir samvinnu við önnur strandríki.

Frá því að stjórn makrílveiða hófst hafa íslensk stjórnvöld krafist viðurkenningar sem strandríki að makrílstofninum og þar með þátttöku í samningaviðræðum strandríkja. Til þessa hefur ekki verið tekið undir þá kröfu og Íslandi verið haldið utan við samningaviðræður. - shá

## Ríkisstjórn Baracks Obama: Afléttir hömlum á Kúbu

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjastjórn hefur ákveðið að aflétta ferðatakmarkunum til Kúbu. Bandaríkjamenn geti nú ferðast þangað óhindrað. Enn fremur verða ekki framfarar neinar takmarkanir á peningagreiðslu frá Bandaríkjamönnum til ættingja sinna á Kúbu.



**DAN RESTREPO**

Robert Gibbs, blaðafulltrúi Baracks Obama Bandaríkjaforseta, og Dan Restrepo, ráðgjafi hans í málefnum rómönsku Ameríku, skýrðu frá þessu í gær.

Bandaríkjastjórn hefur áratugum saman bannað Bandaríkjamönnum að ferðast til og eiga viðskipti við Kúbu.

Forseti Pakistans undirritar lög til að friða talibana:

## Fellst á íslamska löggjöf

**PAKISTAN, AP** Asif Ali Zardari, forseti Pakistans, undirritaði í gær lög sem heimila að íslömsku sharia-lögin verði hluti af gildandi lögum í norðvesturhéruðum landsins, þar sem talibanar og aðrir strangtrúarhópar hafa mikil ítök.

Herskáir múslimar hafa síðustu tvö ár barist fyrir því að íslömsku sharia-lögin fái fullt gildi í héruðunum. Harðir bardagar hafa iðulega brotist út milli hers landsins og hinna herskáu múslima.

Pakistansstjórn gerði í febrúar samkomulag við talibana um frið í skiptum fyrir gildistöku íslömsku laganna. Zardari hefur þó dregið

að undirrita lögin þangað til í gær.

Pakistansstjórn vonast til þess að samkomulagið verði til þess að nú ríki friður í þessum héruðum. Hundruð manna hafa látið lífið í átökum þar síðustu mánuði.

Mannréttindasamtök hafa gagnrýnt þetta samkomulag fyrir að heimila mannréttindabrot í nafni íslamstrúar. Ráðamenn á Vesturlöndum hafa auk þess margir látið í ljós ótta um að afganskir talibanar og aðrir uppreisnarmenn hafi athvarf í norðvesturhéruðunum og skipuleggi þar árástir yfir landamerin á erlenda setuliðið í Afganistan. - gb



**ÞRYST Á FORSETANN** Þúsundir manna í Swat-héraði kröfðust þess á föstudag að Zardari forseti undirritaði lögin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Páskahelgin nær slysalaus:

## Umferðin gekk vel um helgina

**SAMGÖNGUR** Umferð gekk vel yfir páskahelgina að sögn lögreglu um allt land.

Umferðin dreifðist vel yfir páskahelgina og menn komust auðveldlega leiðar sinnar. Þá virðast öllum hafa virt hraðatakmarkanir úti á þjóðvegum.

Umferðin til Reykjavíkur í gær var hvað þéttust um kvöldmatarleitið að sögn lögreglu bæði í Borgarnesi og á Selfossi. Nokkur mál komu upp vegna ölvunar- og hraðaaksturs en ekki fleiri en gengur og gerist á venjulegri helgi. - shá

# Guðlaugur upplýsi um prófkjörsstyrki

Tengsl REI-málsins og styrkja til Sjálfstæðisflokksins kalla á að fulltrúar flokksins upplýsi um prófkjörsstyrki, segir Svandís Svavarsdóttir. Kemur til greina, segir Guðlaugur Þór. Hann segist ekki vita hvort FL Group styrkti prófkjör hans.

**STJÓRN MÁL** Þrjátíu milljóna króna styrkur FL Group til Sjálfstæðisflokksins setur REI-málið í nýtt ljós og kallar á að Guðlaugur Þór Þórðarson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson geri hreint fyrir sínum dyrum. Þetta segir Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi og þingframbjóðandi Vinstri grænna. Guðlaugur ætlar að óska eftir úttekt Ríkisendurskoðunar á störfum sínum fyrir Orkuveituna.

Svandís segir tvennt hafa vakið sérstaka athygli í REI-málinu á sínum tíma að því er varðar FL Group. „Annars vegar það hvað samningnum var þrykkt í gegnum stjórnina á miklum hraða. Við fengum aldrei neina skýringu á því en daginn eftir var þessi mikli hluthafafundur FL Group í London þar sem félagið þurfti að sýna fram á hjartari tíð í sínum rekstri. Það vakti strax ákveðnar grunsemmdir því FL Group átti stóran hlut í Geysi Green Energy,“ segir Svandís. Enn fremur hafi stýrihópur um málefni REI komist að því að FL Group hafi átt beinan þátt í samningsgerðinni á milli REI og Geysi Green og og það hafi þótt óeðlilegt.

„Síðan þegar það kemur fram að FL Group hefur beinlínis afhent Sjálfstæðisflokknnum gríðarlega fjármuni, fyrir orð Guðlaugs Þórs sem þá var stjórnarformaður Orkuveitunnar, hlýtur það að setja þetta allt saman í nýtt ljós,“ segir Svandís.

Hún kallar eftir því að Guðlaugur Þór Þórðarson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson upplýsi um prófkjörsstyrki sína. „Fyrir



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

## ÓHJÁKVÆMILEGT AÐ UPPLÝSA STYRKINA

Guðlaugur og Vilhjálmur geta ekki komist hjá því að upplýsa hverjir styrktu þá í prófkjörum úr því að óskað hefur verið eftir upplýsingunum. Þetta segir Birgir Guðmundsson stjórnmalafraeðingur. „Það eru allir flokkar farnir að birta allt,“ segir hann. „Ef menn fara að segja nei núna eru þeir bara búnir. Þá vaknar spurningin um hvað menn hafa að fela.“

Birgir segir að jafnframt megi búast við að upplýsingar um prófkjörsstyrki annarra frambjóðenda líti dagsins ljós í kjölfarið ef grunsemmdir vakna um óeðlileg tengsl.

Birgir á von á því að upplýsingar um eldri styrki til stjórnmalaflokka en frá árinu 2006 eigi einnig eftir að koma upp á yfirborðið á næstunni, þótt sú vitneskja sé ekki eins knýjandi fyrir almenning.

náum við ekki heildarmyndinni í þessu máli. Við vitum að menn voru í mjög dýrum prófkjörum í aðdraganda þingkosninganna 2007 og í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna 2006,“ segir hún. Almennigur hljóti að vilja þær upplýsingar upp á borð.

Guðlaugur Þór Þórðarson sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann sagðist ætla að óska eftir úttekt Ríkisendurskoðunar á störfum sínum sem stjórnarformaður Orkuveitunnar.

Í samtali við Fréttablaðið segir hann að fram hafi komið alvarlegar aðdróttanir í hans garð og hann sé með þessu að ganga eins langt og hann mögulega getur til að gera

hreint fyrir sínum dyrum.

Spurður hvort til greina komi að opinbera það hverjir veittu honum styrk í prófkjöri hans fyrir kosningarnar 2007 segir hann sjálfsagt að skoða það. „Það koma allir hlutir til greina í því en það er mjög mikilvægt að sambærilegar upplýsingar liggi fyrir hjá einstaklingum og stjórnmalaflokkum,“ segir hann. Spurður hvort hann hafi þá þegið styrki frá FL Group eða Landsbankanum segist hann þurfa að skoða það betur. Aðrir hafi séð um fjáröflun fyrir hann og hann þekki ekki hverjir styrktu hann. „Ég hef reynt að halda mig sem lengst frá þessu,“ segir Guðlaugur. stigur@frettabladid.is

## Gísli P. Reynisson látinn

Athafnamaðurinn Gísli Þór Reynisson lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut aðfaranótt sunnudags eftir skammvinn veikindi.



**GÍSLI ÞÓR REYNISSON**

Gísli var í hópi auðugustu manna Íslands og var aðaleigandi Nordic Partners, fjárfestingarfélag sem starfaði að stærstum hluta í Austur-Evrópu. Gísli átti meðal annars hótelið D'Angleterre í Kaupmannahöfn. Gísli var 43 ára og skilur eftir sig eiginkonu og fjögur börn.



**GAF SIG FRAM** Byssumaðurinn skaut á fólk af handahófi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Byssumaður á sjötugsaldri:

## Myrti tvo menn

**FRAKKLAND, AP** Sextíu og fimm ára maður myrti tvo menn og særði þann þriðja alvarlega í bænum Douchy-les-Mines í Norður-Frakklandi síðdegis í gær.

Maðurinn hóf skothríf út um glugga á húsi sínu og hæfði þrjú menn. Tilviljun ein virðist hafa ráðið því hverjir urðu fyrir skotunum.

Maðurinn var hinn rólegasti og gaf sig á vald lögreglu sem hafði umkringgt húsið. Maðurinn hafði þó áður hóttað því að fyrirfara sér. - gb

Forseti Alþingis segir afgreiðslu sumra mála geta beðið fram yfir kosningar:

## Stefnir í nokkurra vikna sumarþing

**STJÓRN MÁL** Guðbjartur Hannesson, forseti Alþingis, segir að sumarþing, að loknum kosningum, standi væntanlega í einhverjar vikur. Á því verði hægt að fjalla um og afgreiða mál sem hugsanlega daga uppi nú. Í þeim efnum horfir hann fyrst og fremst til þingmannamála.

Þingfundur hefst klukkan hálf tvö í dag og verður þá þráðurinn tekinn upp þar sem frá var horfið á miðvikudag, þegar Alþingi fór í páskaleyfi.

Enn eru fjölmörg mál óafgreidd, bæði stjórnarmál og þingmannamál.

Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á að sex til átta mál verði samþykkt fyrir kosningar, auk stjórnarskrármálsins.

Ekki hefur dregið úr andstöðu Sjálfstæðisflokksins við það mál yfir páskahelgina. Guðbjartur segir að á fundum forsætisnefndar og þingflokksformanna í hádeginu í dag verði reynt að ná samkomulagi um þinglok. Sjálfur vill hann ljúka þingstörfunum í síðasta lagi á fimmtudag.

Þing kemur jafnan saman nokkrum vikum eftir kosningar. Misjafnt er hve lengi það starfar. Enn kosningarnar 2007 starfaði það í tvær vikur eftir



**KÁTT Á HJALLA** Þingfundur hefst klukkan hálf tvö í dag.

eftir kosningarnar 2003 stóð þing aðeins í tvo daga. Árið 1995 starfaði sumarþing í einn mánuð. - bps

**Verjum velferð, sköpum störf**

Velferðarmál eru atvinnumál – stöndum vörð um störf í heilbrigðis- og menntakerfinu. Sköpum ný störf með mannaflafrækum framkvæmdum í viðhaldi og endurbótum.

**VINSTRI GRÆN**  
-vegur til framtíðar



# Kveiktu á verðinu!

Öllum símatilboðum Nova fylgir 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði. Tilboðin gilda í áskrift og frelsi. Taktu númerið með þér og skiptu núna!

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afbörgun 2.000 kr. greidd með kreditkort + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þú þarft ekki kreditkort. Það er óþýrara að staðgreiða!

**0 kr. Nova í Nova**  
1000 mín. og 500 SMS/MMS á mánuði.



Stærsti skemmtistaður í heimi!

# NOVA

**3.900 kr.** útbörgun

**Nokia 5320**

Afbörgun 2.000 kr. á mánuði  
2.000 kr. notkun á mánuði  
í 12 mánuði fylgir.

Staðgreitt: 27.900 kr.

Litur: Svartur/rauður  
og svartur/blár





GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	126,63 127,23
Sterlingspund	186,43 187,33
Evra	167,71 168,65
Dönsk króna	22,505 22,637
Norsk króna	18,829 18,939
Sænsk króna	15,396 15,486
Japanskt jen	1,2661 1,2735

SDR 188,85 189,97

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

205,3746

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Orkuveitan reynir að fá stærsta samningi sögunnar breytt vegna Helguvíkur:

# Vilja túrbínurnar ekki strax

**ORKUMÁL** Þrír fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur fóru til Japan í mars til viðræðna við Mitsubishi um að fresta afhendingu á fimm vélasamstæðum sem nota á í gufuafsvirkjunum á Hengilssvæðinu. Skrifað var undir samning um kaupin við Mitsubishi og Balcke-Dürr fyrir tæpu ári og hljóðaði hann upp á tæpa fjórtán milljarða íslenskra króna. Samningurinn var kynntur sem sá stærsti í sögu Orkuveitunnar.

Að því er fram kemur í tæplega ársgamalli tilkynningu Orkuveitunnar um málið stóð til að samstæðurnar yrðu afhentar á árunum 2010 og 2011. Ástæða þess að



**HENGILSSVÆÐIÐ** Vélasamstæðurnar fimm á að nota í gufuafsvirkjanir á Hengilssvæðinu. MYND/RAFN HAFNFJÖRD

nú er óskað eftir frestun á því eru tafir á framkvæmdum við álverið í Helguvík, að sögn Jakobs Sigurðar Friðrikssonar, framkvæmda-

stjóra hjá Orkuveitunni, sem var í hópnum sem fór til Japan.

Óskað var eftir því að afhending frestaðist um allt frá níu mánuðum upp í tuttugu mánuði, segir Jakob. Samningaviðræður þess efnis standi enn yfir.

Jakob segir að ekki sé óskað eftir breytingum á greiðsluáætluninni sem kveðið er á um í upphaflega samningnum. Gengisþróun hafi vissulega hækkað samningsverðið í krónum talið, en á móti komi að Orkuveitan hafi tekjur í erlendum gjaldeyri. „Svo við erum ekki eins berskjölduð gagnvart gengisbreytingum eins og annars hefði verið,“ segir hann. -sh

Hundur kominn í Hvíta húsið:

# Forsetahundur fékk nafnið Bo

**BANDARÍKIN, AP** Um helgina fengu dætur Baracks Obama Bandaríkjaforseta hund, eins og hann hafði lofað þeim meðan kosningabaráttan stóð sem hæst.

Hundurinn fékk nafnið Bo, og er nefndur eftir ketti sem ættingi þeirra á. Bo er portúgalskur vatnahundur, sem er harðgerð og kraftmikil hundategund sem þarfnast mikillar athygli og umönnunar.

Í gær efndi forsetafjölskyldan til páskaeggjaleitar á grasflötinni fyrir utan Hvíta húsið, eins og tíðkast hefur á páskum í 130 ár. Þúsundir barna tóku þátt í skemmtuninni. -gb



**Á SKÍÐUM** Fjöldmenni var á skíðum í Bláfjöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjöldmenni í Bláfjöllum:

# Fimm þúsund á skíðum í gær

**FÓLK** Fjögur til fimm þúsund manns skemmtu sér á skíðum í Bláfjöllum í gær í blíðskaparveðri. „Þetta var langbesti dagurinn á páskunum og það er eiginlega ekki hægt að lýsa þessu. Þetta var eins og best veður á kosið á skíðasvæðunum erlendis,“ segir Einar Bjarnason starfsmaður í Bláfjöllum. „Þetta var eiginlega ótrúlegur dagur. Ekkert vesen – engin vandamál. Svona eiga dagarnir að vera.“

Einar segir að hitastigið í Bláfjöllum hafi verið í kringum frostmark. „Ég á varla til orð til að lýsa því hvernig dagurinn hefur verið. Sólin kom upp klukkan sjö og það voru allir orðnir „heltanaðir“, eins og einhver sagði,“ segir lyftukóngurinn Einar. -kh

## SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

### Flugskeytatilaun fordæmd

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fordæmir flugskeytaskot Norður-Kóreu fyrir í mánuðinum og krefst þess að engar frekari tilaunir verði gerðar með flugskeyti.

# Sjóræningjarnir í Sómalíu heita hefndaraðgerðum

Bandarískir hermenn drápu þrjá sómalska sjóræningja þegar þeir náðu bandarískum skipstjóra úr haldi þeirra. Félagar þeirra heita hefndum og boða meiri hörku. Ættingjar annarra gísla óttast um líf þeirra.

**SÓMALÍA, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti segir að Bandaríkjamenn ætli í samvinnu við önnur ríki til að stöðva starfsemi sjóræningja úti af austurströnd Afríku.

Robert Gates, varnarmálaráðherra í ríkisstjórn Obama, segir að baráttan gegn sjóræningjum verði forgangsmál stjórnarinnar næstu vikurnar.

Leyniskyttur um borð í bandarísku herskipi skutu á sunnudag þrjá sómalska sjóræningja í lokuðum björgunarbát og björguðu þar með bandarískum gísl, Richard Phillips skipstjóra, sem hafði verið í haldi sjóræningjanna um borð í bátnum dögum saman.

Félagar ræningjanna brugðust ókvæða við fréttunum og hóta hefndaraðgerðum.

„Héðan í frá verður það þannig að ef við tökum erlend skip og heimalönd þeirra gera árársir á okkur, þá munum við drepa gíslana,“ segir Jamac Habeb, þrítugur sjóræningi í bænum Eyl, sem er eitt af helstu athvörfum sjóræningja í Sómalíu. Hann segir Bandaríkjaher nú vera orðinn aðalövin sómalskra sjóræningja.

Sómalskir sjóræningjar hafa haft sig mjög í frammi síðustu mánuði út af ströndum landsins, bæði í Adenflóa og á Indlandshafi. Undanfarið ár hafa þeir ráðist á meira en hundrað skip og siglt mörgum þeirra til Sómalíu. Undanfarna viku hafa að minnsta kosti sjö skip orðið þeim að bráð.

Sjóræningjarnir krefjast lausnargjalds fyrir skipin, áhöfn þeirra og farm. Mikil umferð skipa er á þessum slóðum og færirist í vöxt að herskip sé fengin til fylgdar skipum sem sigla þar um.

Sumir hernaðarsérfræðingar telja að björgun bandaríska skipstjórans verði varla til þess að sjóræningjar dragi úr umsvifum



**SJÓRÆNINGJAR NÚTÍMANS** Sómalskir sjóræningjar um borð í franskri skútu í Adenflóa í síðustu viku. Franskir hermenn réðust skömmu síðar um borð í skútuna, felldu tvo sjóræningja og handtóku þrjá. Sjó gíslum var bjargað en einn lét lífið. NORDICPHOTOS/AFIP

sínun. Þvert á móti megi óttast að harka færirist í vöxt.

Sómalskir sjóræningjar hafa enn á þriðja hundrað erlendra gísla á valdi sínu. Ættingjar þeirra óttast að sjóræningjarnir muni nú hefna sín með því að taka einhverja þeirra af lífi.

„Þeir sem hafa sloppið eru heppnir, en hvað um þá sem enn eru í haldi?“ spyr Vilma de Guzman, eiginkona filippseysks sjómanns sem hefur verið í haldi sómalskra sjóræningja síðan í nóvember ásamt 22 félögum sínum.

gudsteinn@frettabladid.is



**ÁHÖFNIN FAGNAR** Áhöfn bandaríska flutningaskipsins Maersk Alabama fagnar því að skipstjóranum hafi verið bjargað úr gislingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**20% MEIRA MAGN**

ostur.is **NÝJAR OG HANDHÆGARI UMBÚÐIR**

**VEÐURSPÁ**

**Soffía Sveinsdóttir** Veðurfréttamaður

**HÆGVÍÐRI** í dag eru horfur á úrkomu í flestum landshlutum en næstu daga verður hæðasvæði yfir landinu þannig að vindur verður fremur hægur og horfur eru á ágætis veðri víðast hvar. Hljást veður sunnantil á landinu en hætta er á næturfrostri um allt land.

**HEIMURINN**

Alicante	20°
Bassel	23°
Berlín	22°
Billund	14°
Eindhoven	18°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	17°
Kaupmannahöfn	17°
Las Palmas	22°
London	16°
Mallorca	18°
New York	12°
Orlando	28°
Ósló	7°
París	21°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	11°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**Á MORGUN** Hæg breytileg átt.

**FIMMTUDAGUR** Hægviðri um allt land.



LAUSNIR FYRIR HEIMILIÐ

# Óverðtryggð íbúðalán eru nýr valkostur

Landsbankinn býður nú upp á nýjan valkost í lausnum fyrir heimilið, óverðtryggð íbúðalán með greiðsluáðlögun. Óverðtryggð íbúðalán henta þeim sem vilja greiða lán sín hraðar niður og forðast uppsöfnun verðbóta eða gengisáhættu.

Þentaðu ráðgjöf á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is),  
í útibúinu þínu eða í síma 410 4000



410 4000 | [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is)

ENNEEM / 314 / INDS574  
© 2010 Landsbankinn hf. 47008 2010

KYNNTU ÞÉR LAUSNIR LANDSBANKANS:



GREIÐSLUJÖFNUN  
VERÐTRYGGÐRA ÍBÚÐALÁNA



GREIÐSLUJÖFNUN  
ERLENDRA ÍBÚÐALÁNA



FRESTUN GREIÐSLU  
AFBORGANA OG VAXTA



FRESTUN VEGNA  
SÖLUTREGÐU



SKULDBREYTING  
LÁNA



FRESTUN AFBORGANA  
ÍBÚÐALÁNA Í ERLENDRI MYNT



SKULDBREYTING  
SKAMMTÍMALÁNA



ÓVERÐTRYGGÐ  
ÍBÚÐALÁN



**KJÖRKASSINN**



Ert þú sátt(ur) við viðtöku Sjálfstæðisflokks á 55 milljónum frá tveimur fyrirtækjum?

Já	16,3%
Nei	83,7%

**SPURNING DAGSINS Í DAG**  
 Borðaðir þú fisk yfir páskana?  
 Segðu skoðun þína á vísir.is



Óeirðir brutust út eina ferðina enn í Taílandi:

## Tveir létust og tugir særðust

**TAÍLAND, AP** Tveir menn létust og meira en hundrað særðust í tólf tíma átökum mótmælenda og hermanna í Bangkok, höfuðborg Taílands.

Mótmælendur krefjast þess að Abhisit Vejjajiva forsætisráðherra láti af völdum. Mótmælendurnir eru flestir heitir stuðningsmenn Thaksins Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra, sem her landsins steypti af stóli haustið 2006 í kjölfar fjölmennra mótmæla gegn honum.

Mótmæli hafa staðið yfir dögum saman, en í gær sað upp úr. Herinn segist hafa beitt púðurskotum og tárágasi, en mótmælendur saka



**ÁTÖK Í BANGKOK** Átök brutust út á nokkrum stöðum í höfuðborg Taílands. Mótmælendur vilja hrekja stjórnina frá völdum.

NORDICPHOTOS/AFP

hermenn um að hafa notað alvöru byssukúlur.

Mótmælendurnir tóku meðal annars nokkra strætisvagna

traustataki og notuðu sem vegar-tálma. Tveir mannláusir vagnar, annar þeirra í ljósum logum, voru auk þess láttnir renna í áttina að hópi hermanna.

Loka þurfti fjölda verslana og veitingastaða, auk þess sem opinber hátíðarhöld vegna áramótanna voru felld niður. Þúsundir manna, sem komnir voru til Bangkok til að halda upp á áramótin, héldu þó striki sínu ótrauðir áfram og skemmtu sér úti á götum og inni á veitingastöðum borgarinnar.

Abhisit forsætisráðherra tók við í vetur eftir að nokkrir forsætisráðherrar í röð höfðu hrökklast frá völdum vegna mótmæla.

-gb

### Sá nokkrar rútur sprengdar

„Ég sat inná tuskulegum veitingastað og var að panta mér kokteil, bangkokteill, þegar molotovkokteill kom allt í einu fljúgandi inn um gluggann. Ekki alveg það sem ég var að biðja um,“ segir Sverrir Stormsker á bloggsíðu sinni.



Hann er staddur í Bangkok og lenti í hringiðu átakanna í gær.

Eftir að hann kom út á götu tók ekki betra við: „Ég sá nokkrar rútur sprengdar í loft upp og nokkra bíla og byggingar standa í frekar björtu báli. Herinn segist nota „blank shots“ eða púðurskot en það eru þá einu púðurskotin sem gera gat á hausinn á fólki,“ skrifar Sverrir.

## Kjartan lagði að Geir að afþakka styrkina

Kjartan Gunnarsson vissi að Sjálfstæðisflokknum stæðu til boða háir fjárstyrkir undir árslok 2006. Hann ráðlagði Geir H. Haarde að hafna þeim, enda stríddu þeir gegn venjum flokksins. Geir mat þá nauðsynlega til að rétta fjárhaginn af.

**STJÓRN MÁL** Geir H. Haarde tók einn ákvörðun um að þiggja boð til Sjálfstæðisflokksins um háa fjárstyrki frá FL Group og Landsbankanum seint á árinu 2006. Hann taldi nauðsynlegt að veita styrkjum til að rétta fjárhag flokksins af.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var Kjartan Gunnarssyni kunnugt um að flokknum stæðu ofurstyrkir til boða. Hann hefur ítrekað neitað því að hafa vitað af þeim.

Heimildirnar herma að Kjartan hafi ráðlagt Geir að afþakka styrkina, enda væru þeir allt of háir til að geta talist eðlilegir og úr takti við styrki sem flokkurinn hafði þegið.

Geir hafði ráð Kjartans að engu og lét venjur flokksins vikja fyrir tækifæri til að greiða niður háar skuldir.

Þegar þetta var hafði Geir verið formaður Sjálfstæðisflokksins í eitt ár og framkvæmdastjórnarskipti stóðu fyrir dyrum; Andri Óttarsson var að taka við af Kjartani, sem gegnt hafði starfinu frá 1980.

Haustið 2006 var fjárhagsstaða Sjálfstæðisflokksins mjög slæm. Flokkurinn hafði kostað miklu til í kosningabaráttu sveitarstjórnarkosninganna fyrr á árinu, ekki síst í Reykjavík þar sem háum fjárhæðum var varið til að afla flokknum fylgis sem gæti fleytt honum í meirihluta.

Það tókst, Sjálfstæðisflokkurinn myndaði meirihluta með Fram-



**FORMAÐURINN OG FRAMKVÆMDASTJÓRARNIR** Geir H. Haarde, Kjartan Gunnarsson og Andri Óttarsson. Kjartan ráðlagði formanninum að hafna háum styrkjum, enda stríddu þeir gegn venjum flokksins.

sókn, en eftir stóð flokkurinn skuldum vafinn.

Til að rétta af fjárhaginn var ráðist í umfangsmikið átak haustið 2006. Þá hafði nefnd, sem fjallaði um fjármál stjórnmalaflokka og undirbjó frumvarp þar um, starfað í rúmt ár. Fjáröflun sjálfstæðismanna tók mið af því að ný lög, með miklum takmörkunum á öflun

styrkja, vofðu yfir. Um það var almenn vitneskja meðal stjórnmálamanna og vitaskuld sérstaklega þeirra sem sátu í nefndinni. Guðlaugur Þór Þórðarson og Kjartan Gunnarsson voru fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, auk Gunnars Ragnars, sem starfað hefur fyrir flokkinn um árabíl.

bjorn@frettabladid.is

Þorsteinn M. Jónsson og Steinþór Gunnarsson svöruðu kalli Guðlaugs Þórs:

## Tveir menn öfluðu styrkjanna

**STJÓRN MÁL** Þorsteinn Metúsalem Jónsson, oft kenndur við Coke, og Steinþór Gunnarsson játuðu á laugardag að hafa haft milligöngu um að afla Sjálfstæðisflokknum styrkjanna tveggja frá FL Group og Landsbankanum.

Þeir segja Guðlaug hafa haft samband við sig og tjáð þeim að staða flokksins væri mjög bágborin. Hann hafi hvatt þá til að leggja flokknum lið og afla fjár fyrir hann.

Þorsteinn, sem þá var varaformaður stjórnar FL Group, aflaði þrjátíu milljóna frá FL Group og Steinþór, sem var yfirmaður verðbréfasviðs Landsbankans, aflaði 25 milljóna frá Landsbankanum.

Þeir segja aðkomu Guðlaugs ekki hafa verið aðra en að óska eftir liðsinni þeirra í málinu. Þeir hafi í kjölfarið leitað til fjölda fyrirtækja, með misjöfnum árangri, að því er segir í tilkynningu frá þeim. Það hafi síðan verið á forræði fyrirtækjanna sjálfra að ákveða fjárhæðir styrkjanna.

Sagt hefur verið frá því í fjölmiðlum að Sigurjón Þ. Arnason, annar bankastjóra Landsbankans, hafi einn tekið ákvörðun um styrkinn frá bankanum, og að Hannes Smárason, þáverandi forstjóri FL Group, hafi sömuleiðis tekið ákvörðun um styrk félagsins einsamall.

Sagt var frá því fréttum Stöðvar 2 í gær að



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**



**ÞORSTEINN M. JÓNSSON**

styrkur Landsbankans kunni að hafa verið ólög-mætur, í ljósi þess að veiting hans var ekki borin undir bankaráð eða hluthafafund.

-sh

# GLÆNÝ STÓRLÚÐA

## SMÁLÚÐA, LAXAFLÖK OG FULLT AF ÖÐRU GÓMSÆTU

### SELJUM EINNIG FISK Í MÖTUNEYTI

#### ATH ERUM ALDREI FISKLAUSIR

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755



Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

### Ársfundur 2009

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn að Borgartúni 29, Reykjavík á 4. hæð, þriðjudaginn 28. apríl 2009 og hefst kl. 17.00.

#### Dagskrá fundarins er

1. Skýrsla stjórnar.
2. Gerð grein fyrir ársreikningi.
3. Tryggingafræðileg úttekt.
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
5. Samþykktir kynntar.
6. Önnur mál.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 16. 03. 2009

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki





# Svefnsófar með heilsudýnum



## 30% afsláttur út apríl

á svefnsófum og svefnkollum frá 1. apríl til og með 30. apríl



Aðeins 15 sek. í uppsetningu!

## Recor Collection svefnsófar

með heilsudýnu



Tilvalið í sumarbústaðinn.  
Fullur salur af nýjum línum, litum og áklæðum.

## Hollandia svefnkollar



Aðeins eitt handtak!



Sjá nánar á [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)

[betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is) • [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477  
Opí virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**Betra**  
**BAK**



## VEISTU SVARID?



1. Hvaða tónlistarmaður syngur um Bubba Morthens á nýju plötunni sinni?
2. Hvað heitir framleiðandi heimildarmyndarinnar Draumalandið?
3. Frá hvaða landi eru sjóræningjarnir sem hafa verið í fréttum síðustu daga?

SVÖR Á SÍÐU 34

Fáir íbúar á Srí Lanka fóru að ráðum stjórnar landsins um að notatveggja daga vopnahlé til að forða sér:

# Norðmenn ekki lengur milligöngumenn

**SRÍ LANKA, AP** Norðmenn sjá ekki lengur um að miðla málum í deilu stjórnvalda og tamíla á Srí Lanka. Ólíklegt er þó að það breyti miklu, því friðarviðræðurnar, sem Norðmenn höfðu milligöngu um, hafa legið niðri um langa hríð.

Stjórnin á Srí Lanka sagðist ekki lengur vilja þiggja aðstoð Noregs eftir að hópur tamíla gerði árás á sendiráð Srí Lanka í Ósló á sunnudag. Norska stjórnin hefði greinilega brugðist því hlutverki sínu að verja sendiráðið.

Bæði stjórnarherinn og tamíl-tígrar gerðu í gær og í dag hlé á átökum. Stjórnvöld hvöttu íbúa átakasvæðanna til að nota vopna-

hléið til að forða sér á friðsælli slóðir.

Fáir virtust þó fara að þessum ráðum. Herinn segir það hugsanlega stafa af því, að uppreisnarmenn hafi bannað fólki að fara burt.

Sameinuðu þjóðirnar telja að um 100 þúsund almennir borgarar séu innikróaðir ásamt uppreisnarsveitum tamíla á tuttugu ferkílómetra svæði. Stjórnarherinn segist láta þetta svæði í friði, en bæði uppreisnarmenn og mannréttindasamtök fullyrða að stjórnarherinn hafi gert árásir þar og tugir manna hafi látist.

- gb



**SENDIRÁÐIÐ Í ÓSLÓ** Esala Ruwan Weerakon, sendiherra Srí Lanka í Noregi, skoðar skemmdirnar. NORDICPHOTOS/AFP

Þú vilt góða yfirsýn.  
Þess vegna er **Vöxtur** fyrir þig.

Vöxtur er Vildarþjónusta Kaupþings



Kynntu þér málið á [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is)



Mikill munur á afstöðu kynjanna til nektardans:

## Meirihlutinn vill banna nektardans


**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti þeirra sem tóku þátt í skoðanakönnun Fréttablaðsins, alls 58 prósent, vill banna nektardans með lögum. Fleiri konur en karlar vilja banna dansinn, og vinstrimenn vilja frekar bann en hægrimenn.

Alls vildu 73,8 prósent kvenna banna nektardans, en 42,7 prósent karla. Lítil munur var á afstöðu fólks eftir búsetu, en heldur fleiri íbúar á landsbyggðinni voru hlynntir banni á nektardansi.

Talsverður munur var á afstöðu fólks eftir því hvaða flokk það myndi kjósa ef gengið yrði til þingkosninga nú. Mikill meirihluti stuðningsfólks Samfylkingar og Vinstri grænna, tæplega sjötu prósent, vill banna nektardansinn.

Um helmingi lægra hlutfall stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins, um 36 prósent, styður bann. Tæplega 56 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokks styðja bann við nektardansi.

**Á AÐ BANNA NEKTARDANS MEÐ LÖGUM?**



SAMKVÆMT KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 7. APRÍL

Hringt var í 800 manns þriðjudaginn 7. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Á að banna nektardans með lögum? Alls tóku 89,3 prósent afstöðu til spurningarinnar.

- bj



**NEKTARDANS** Mikill meirihluti vill banna nektardans samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Fleiri vinstrimenn og fleiri konur vilja banna hann.

# RÉTT LÆTI

FYRIR  
OKKUR  
ÖLL



Leiðréttum skuldir heimilanna

Endurreisum efnahagskerfið

[framsokn.is](http://framsokn.is)



FRAMSÓKN



# APRÍL TILBOÐ



**35%  
AFSLÁTTUR!**

Prýstijöfnunar-  
svamprúm  
Queen size (153x203)  
Verð 165.500 kr.

**NÚ 107.575 kr.**

## ÞÝSTIJÖFNUNARSVAMPUR

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Hefur óviðjanfnanlega þyngdardreyfingu
- Það er engin hreyfing milli svefnsvæða
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð



**20-30% AFSLÁTTUR**

**AF FJÖLSTILLANLEGUM  
HEILSURÚMUM**

(2x80x200)  
Hægt er að velja um nokkrar  
gerðir af heilsudýnum

**VERÐ FRÁ 199.000 kr.**

**20-30% AFSLÁTTUR**

**AF SVEFNSÓFUM**

Einn stæðsti og glæsilegasti  
svefnsófa-sýningarsalur landsins

**VERÐ FRÁ 37.840 kr.**

**30%  
AFSLÁTTUR!**

Leður rúmstæði með  
laxex heilsudýnu  
(160x200)  
Verð 247.180 kr.

**NÚ FRÁ 173.026 kr.**

**25%  
AFSLÁTTUR!**



HEILSUKODDAR  
FRÁ 7.900 kr.

SÆANGURFATNAÐUR  
FRÁ 5.300 kr.

Með öllum keyptum rúmum er  
**25% AFSLÁTTUR** af öllum vörum  
í mjúku deild Rekkjunnar

**rekkjan**





## SÖGUSLÓÐIR 2009 Unnið úr arfinum

Þjóðmenningarhúsinu, 16. apríl kl. 13-17

**Málþing Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu (SSF)** í samvinnu við Menntamálaráðuneytið og Útflutningsráð Íslands. Fjallað verður um menningar- og söguferðaþjónustu á Mön, Gotlandi og á Íslandi og tækifæri til nýsköpunar á þeim vettvangi hérlendis.

### DAGSKRÁ

- 13.00 Ávarp.**  
Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðgjafi.
- 13.10 Útflutningsráð - ferðaþjónustuverkefni.**  
Þorleifur Þór Jónsson, forstöðumaður nýrra markaða hjá Útflutningsráði.
- 13.20 Söguslóðaferðir SSF og alþjóðleg samvinna.**  
Rögnvaldur Guðmundsson, formaður SSF.
- 13.30 The Story of Mann - an expression of local, national and international value**  
for heritage identity.  
Stephen Harrison MBE, menningarfulltrúi ríkisstjórnarinnar á Mön og fráfarandi framkvæmdastjóri Manx National Heritage.
- 14.10 Kaffihlé**
- 14.25 Gotland - The Viking Island.**  
Dan Carlsson, aðstoðarprofessor í fornleifafaræði við Háskólann á Gotlandi.
- 14.55 Til fundar við Freysgoðann.**  
Dagný Indriáadóttir, verkefnisstjóri Hrafnkellsöguslóðar.
- 15.15 „Skalt þú hafa voskufl ystan klæða og undir söluvoðarkyrtíl mórendan.“**  
Sýning félaga SSF á klæðaburði fólks á söguöld.
- 15.40 Kaffi og með því**
- 16.10 Á að selja handritin?**  
Vésteinn Ólason, fyrrverandi forstöðumaður Árnastofnunar.
- 16.30 Menningarmatseld handa börnunum.**  
Brynhildur Þórarinsdóttir, barnabókarithöfundur.
- 16.50 S amantekt. Skúli Björn Gunnarsson.**
- Fundarstjóri.** Einar Á.E. Sæmundsen.  
**Málþingsgjald: 4.000 kr - kaffiveitingar innifaldar.**  
**Gjald fyrir nemendur og félagi í SSF: 2.000 kr**  
Skráning: Kristín Sóley Björnsdóttir, ritari SSF ksb@akmus.is

Sólin skein glatt í gær og gladdi höfuðborgarbúa:

## Sumarið er því miður ekki komið

**VEÐUR** „Sumarið er því miður ekki komið. Við getum sagt að vorið hafi komið 1. apríl og nú þegar páskarnir eru liðnir fer að draga meira til tíðinda í þá átt að það minni á sumarið,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfréttamaður.

Sólin skein glatt í höfuðborginni í gær og virtist einna helst sem sumarið væri gengið í garð. Fólk streymdi í sundlaugarnar, Nauthólsvík og jafnvel á golfvöllina. Samt náði hitinn ekki nema um átta stigum í Reykjavík en tíu á Kjalarnesi.

Sigurður veðurfréttamaður bendir á að heldur kaldara hafi verið á Norðurlandi síðustu daga

og að kaldir dagar muni líklega gera vart við sig á næstunni um land allt.

„Því miður er það stundum svo að bakslagið getur komið langt fram í maí. Það geta þó klárlega komið góðir dagar á milli,“ segir Sigurður sem býst jafnveldi við nokkrum góðum sólbaðsdögum þangað til sumarið gengur formlega í garð. „Það verður ábyggilega eitthvert brúnkuveður þar sem menn geta nuddast í sólinni. Fólk þarf meira að segja að fjárfesta í sólarvörn, það er ekki spurning,“ segir Sigurður en bætir þó við. „En ég geta lofað fólki því að það þarf ekki að nota vörnina daglega.“



**Í SUNDI** Það var líf og fjör í sundlaugum höfuðborgarsvæðisins í gær þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Hitinn fór í heil tíu stig á Kjalarnesi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rússneskir lögreglumenn:

## Reknir fyrir að aka ölvæðir

**MOSKVA, AP** Þremur lögreglumönnum í Moskvu hefur verið vikið frá störfum fyrir að keyra undir áhrifum áfengis á Rauða torginu.

Að sögn lögregluþingvalda í Moskvu óku lögreglumennirnir yfir torgið í sérútbúinni sportbifreið á föstudagsmorgun.

Í yfirlýsingu frá lögreglunni segir að mennirnir hafi verið reknir fyrir að hafa „vanvirt heiður lögreglunnar“.

Það er ekki óalgengt að fólk aki undir áhrifum áfengis í Rússlandi, en samkvæmt opinberum tölum er umferðaröryggi þar í landi talið eitt það minnsta í heimi.

33 þúsund manns létust í umferðarslysum í Rússlandi árið 2007 og er talið að áfengi hafi verið haft um hönd í helmingi tilvika.

- kh



**FORYSTAN** Framsóknarflokkurinn vill meðal annars nýta náttúruauðlindir í anda sjálfbærrar þróunar, skerpa á aðskilnaði löggjafar- og framkvæmdavalds og veita skattaafslátt vegna hlutabréfakaupa. Á myndinni eru Birkir Jón Jónsson varaformaður, Sív Friðleifsdóttir þingflokksformaður, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður og Eygló Harðardóttir, ritari Framsóknarflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Framsókn vill að ríkið eigi í bönkunum

Áframhaldandi ríkiseign á hluta úr bönkunum er eitt af stefnumálum Framsóknarflokksins. Koma á höndum á óskattlagðar eignir auðmanna erlendis og hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið.

**STJÓRNMÁL** Þegar rekstri bankanna hefur verið komið í eðlilegt horf á að semja um aðkomu kröfuhafa að þeim auk þess sem selja ber í þeim hluti þegar markaður með hlutabréf hefur skapast. Ríkið á svo að halda eftir eignarhlut til að tryggja eftirlit með starfsemi bankanna og standa vörð um réttindi smærri hluthafa með aðild að stjórn þeirra.

Þetta er stefna Framsóknarflokksins í málefnum bankanna. Í kosningastefnuskrá flokksins, sem ber yfirskriftina Fyrir okkur öll, segir að koma eigi höndum á óskattlagðar eignir íslenskra auðmanna erlendis og blása lífi í fjárfestingar á hlutabréfa- og fasteignamarkaði með aðgerðum eins og afnámi stimpilgjalda, breytingum á lána-reglum Íbúðalánasjóds og skattaafslátti vegna hlutabréfakaupa.

Þá vill flokkurinn endurreisa Þjóðhagsstofnun, efla eftirlitsstofnanir fjármálalífisins og efla menntun á öllum skólástigum.

Framsóknarmenn vilja ráðast í sérstakt átak til að bæta samgöngur og fjarskipti, veita fyrirtækjum skattaafslátt vegna rannsókn- og þróunar-

starfs og efla ferðaþjónustu. Nýta á náttúruauðlindir í anda sjálfbærrar þróunar og áfram á að nýta vatns- og jarðhitaorku og styðja rannsóknir á djúpbörnunum.

Rík áhersla er lögð á að stjórnlagabing semji nýja og nútímalega stjórnarskrá, heimildir til þjóðaratkvæðagreiðslu verði auknar og að aðskilnaður löggjafar- og framkvæmdavalds verði skerptur. Þá segir Framsóknarflokkurinn að stjórnvöldum beri að hlusta á gagnrýni, bera virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum og leita faglegra lausna, samvinnu og ráðgjafar – innlendir og erlendir – í álitamálum.

Framsókn vill að mótuð verði velferðarstefna Íslands sem taki mið af fyrrsjáanlegum breytingum í aldurs-samsetningu þjóðarinnar og hafi að leiðarljósi að standa vörð um kjör þeirra sem minna mega sín á samdráttartímum. Leita á betra jafnvægis milli vinnu og fjölskyldulífs, efla stoðkerfi heilbrigðiskerfisins, auka og bæta göngudeildarþjónustu spítalanna og standa vörð um möguleika eldri borgara til að afla sér hóflegra tekna án þess að bætur skerðist.

bjorn@frettabladid.is

## Fermingargjöf sem gefur

Fermingskeyti eða gjafabréf frá Hjálparstarfi kirkjunnar er gjöf sem heldur áfram að gefa. Fermingarbarnið fær skeytið eða bréfið í hendurnar en andvirðið rennur til jafnaldra fermingarbarnsins sem býr við fátækt.

Sendu skeyti, það kostar 1.990 kr.  
Eða gefðu fermingargjafabréf að upphæð 5.000 kr.

Þú færð skeytin og gjafabréfin á [www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is) eða pantar þau á skrifstofunni okkar, 528 4400. Þú prentar út, sækir til okkar – eða við sendum fyrir þig. Einfalt og gleðilegt.



### Óskalistinn minn:

Rúm  
Myndavél  
Svefnpoki  
iPod  
Vefmyndavél  
Handklæði  
Teppi  
Orðabók  
Hálsmen  
Svo væri gaman að fá pening og „Gjöf sem gefur“. Mig langar til að einhver sem er ekki eins heppinn og ég fái að njóta með mér.



### Óskalistinn minn:

Við systkinin erum munaðarlaus. 1.990 kr. fermingarskeyti á Íslandi dugur fyrir 4 hænum. Þær gefa okkur fullt af eggjum. Eða við gætum fengið sparhlóðir. Þá færi ekki allur dagurinn í að leita að eldsneyti og við hefðum meiri tíma til að læra.

5.000 kr. gjafabréf á Íslandi myndi gefa okkur 2 geitur. Namm! Mjólk og kjöt, ekki lengur bara maísgrautur! Eða kannski reiðhjól. Þá kæmist ég á markað með uppskeruna okkar og við fengjum pening fyrir ýmsu sem okkur vantar.



Vestmannaeyjar:  
**Hæstu fjöllin lækka töluvert**

**NÁTTÚRA** Tvö hæstu fjöllin í Vestmannaeyjum hafa lækkað um fimm metra. Þetta hafa nýjustu mælingar Landmælinga Íslands leitt í ljós og kemur það fram á nýju korti stofnunarinnar. Kortið er gert í tengslum við útgáfu árbókar Ferðafélags Íslands um Vestmannaeyjar sem kemur út í næsta mánuði. Suðurlandi.is segir frá þessu. Samkvæmt vefnum Heimaslóð er Heimaklettur hæsti tindur Vestmannaeyja, 283 metrar á hæð, og Blátindur sá næsthæsti, 273 metrar. Eftir lækunina er Heimaklettur 278 metra hár og Blátindur 268 metrar. - shá

Hagsmunasamtök heimilanna gagnrýna greiðslujöfnunarleið stjórnvalda vegna fasteignalána:  
**Hyggja á málsókn til varnar heimilum**

**FJÁRMÁL** Hagsmunasamtök heimilanna (HH) mótmæla harðlega þeirri ákvörðun stjórnvalda og fjármálafyrirtækja að sniðganga með öllu sanngjarnar og hóflegar tillögur samtakanna um leiðréttingu gengis- og verðtryggðra fasteignalána. Innan samtakanna hefur hópur fólks komið sér saman um að undirbúa málsókn til varnar heimilum. Samtökin hafa lagt til að lánveitendur og lántakendur skipti með sér þeim kostnaði sem til hefur fallið vegna efnahagskreppunnar. Með samkomulagi um greiðslujöfnun í stað niðurfellingar skulda, hafi ábyrgð lánastofnana í raun verið að engu gerð og „svik þeirra við heimili landsmanna samþykkt af ríkisstjórninni.“ HH líta á þennan gjörning sem stríðs-

yfirlýsingu lánastofnana og stjórnvalda gegn heimilum. Úrræðin séu lausnir fyrir lánastofnanir, ekki lántakendur. Komi lánastofnanir ekki til móts við heimilin í landinu með því að létta á skuldabyrði þeirra og heildargreiðslubyrði, þá sjá samtökin ekki að það þjóni nokkrum tilgangi að fólk haldi áfram að borga af skuldum sínum. Samtökin spyrja: Hve marga þarf, sem hætta að greiða, til að opna augu fjármálafyrirtækja fyrir því að þau þurfa líka að færa fórnir? - shá

**BREIÐHOLT** Viðskiptaráðherra kynnti fyrir helgi greiðslujöfnunarleið fyrir myntkörfulán sem útilokar niðurfellingu lána. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Aðskilnaðarhreyfing Baska:  
**ETA skipulagði árás á kónginn**

**MADRÍÐ, AP** Hópur innan aðskilnaðarhreyfingar Baska, ETA, lagði á ráðin um að myrða Juan Carlos Spánarkóng með því að gera árás á þyrlu eða flugvél kóngsins. Þetta upplýsti Alfredo Perez Rubalcaba, innanríkisráðherra Spánar, á blaðamannafundi fyrir skömmu.



JUAN CARLOS SPÁNARKONUNGUR

Samkvæmt spænska blaðinu El Correo fann franska hryðjuverkalögreglan geisladiska, á leynistað ETA í Frakklandi, sem innihéldu upplýsingar um fyrirhugaða árás. Samkvæmt blaðinu átti líka að gera árás á fólk innan ríkisstjórnarinnar. Ekkert varð þó úr árasunum. Í gær lýsti ETA því yfir að ný stjórn í Baskahéraðinu væri aðal- skotmark hreyfingarinnar. - kh

Þjóðarsorg í Póllandi:  
**21 lést í eldsvoða í Póllandi**

**VARSJÁ, AP** Að minnsta kosti 21 lét lífið og 20 slösuðust þegar athvarf fyrir heimilislausa varð eldi að bráð í bænum Kamien Pomorski í norðvesturhluta Póllands í fyrrinótt. Eldurinn braust út um klukkan eitt um nóttina meðan íbúar voru í fastasvefni. Eldsupptök eru enn ókunn. Hátt í áttatíu manns voru skráðir til heimilis í athvarfinu, en þar voru einnig einhverjir gestir. Húsið varð alelda á skömmum tíma. Brunastigar náðu aðeins upp á fyrstu hæð og slösuðust margir þegar þeir stukku út um glugga á efri hæðunum. Nokkur börn björguðust þegar þeim var kastað út um glugga og þeir sem fyrir neðan stóðu gripu þau. Forseti Póllands hefur lýst yfir þriggja daga þjóðarsorg. - kh

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Ók á staur í Sandgerði**  
Umferðaróhapp varð á Sandgerðisvegi í fyrradag. Ökumaður sofnaði undir stýri, fór yfir á öfugan vegarhelming og hafnaði á ljósastaur. Engin slys urðu og bifreiðin er ekki mikið skemmd. Þá varð umferðaróhapp á Suðurstrandarvegi, rétt við Ísólfsskála, þar sem bifreið valt á hliðina eftir að ökumaðurinn hafði misst stjórn á henni í lausamöl. Enginn slasaðist.

**Líkamsárás á Suðureyri**  
Lögreglan á Ísafirði fékk tilkynningu um líkamsárás í fyrrinótt. Karlmaður gekk í skrokk á konu en að sögn lögreglu voru áverkarnir minniháttar. Konan, sem er á þrítugsaldri, hefur ekki lagt fram kæru.



**Samfylkingin**

**Baráttan gegn atvinnuleysinu er í fullum gangi**

Árangur næstu ríkisstjórnar verður fyrst og fremst metinn af baráttunni gegn atvinnuleysinu. Kraftmikil atvinnusköpun karla og kvenna um allt land er lykillinn að skjótri endurreisn og bættum lífskjörum. Til að svo geti orðið verður að tryggja atvinnulífinu stöðugleika og efnahagslegt umhverfi eins og það gerist best í Evrópu.

- Við höfum þegar kynnt aðgerðir sem munu skapa 6.000 störf um allt land í byggingariðnaði, sprotafyrirtækjum og víðar á næstu misserum.
- Við ætlum að endurreisa fjármálakerfið, tryggja lægri vexti og stöðugt gengi til að koma atvinnulífinu aftur á hreyfingu og skapa fleiri en 20.000 störf á næstu árum.
- Við viljum ráðast í mannaflsfrekar framkvæmdir, efla nýsköpun og ferðaþjónustu um allt land og nýta auðlindir í sátt við umhverfið.
- Við viljum hefja samningaviðræður við ESB og tryggja blómlegt atvinnulíf á grunni trausts gjaldmiðils – evrunnar.

Samfylkingin ætlar að koma öllum vinnufúsum höndum karla jafnt sem kvenna til starfa. Þannig verður kreppan stutt.

[www.xs.is](http://www.xs.is)





## FRÉTTASKÝRING: Eignarhald þingmanna í hlutafélögum

# Þingmenn tengdir minnst 55 félögum

Alþingismenn tengjast nú minnst 55 hlutafélögum. Sjálfstæðisþingmenn tengjast 28 fyrirtækjum og þingmenn Samfylkingar nýu. Þingmenn áttu í minnst sautján fyrirtækjum í lok 2007 segir í skýrslu Creditinfo fyrir Fréttablaðið.

**STJÓRN MÁL** Fimmtán alþingismenn áttu að öllu leyti eða að hluta minnst sautján fyrirtæki í árslok 2007. Þetta kemur fram í skýrslu sem Creditinfo Ísland vann fyrir Fréttablaðið.

Tölur um eignarhald þingmanna í fyrirtækjum vann Creditinfo meðal annars úr ársreikningaskrá. Ekki liggja enn fyrir upplýsingar um eignarhaldið eins og það var um síðustu áramót þar sem ársreikningum fyrir árið 2008 hefur í langflestum tilvikum ekki verið skilað. Upplýsingar um eignarhald eru þannig alls ekki tæmandi, ekki síst þegar einnig er litið til þess að félög upplýsa ekki alltaf um eignarhald í ársreikningum og sum skila þeim jafnvel aldrei inn.

„Niðurstöður sýna það helst að flestir þingmanna með eignartengsl í fyrirtækjum eru þingmenn Sjálfstæðisflokksins en títu af 26 þingmönnum þeirra áttu eignahlut í fyrirtækjum hinn 31. desember 2007. Af sautján þingmönnum Samfylkingar áttu þrjú eignarhald í fyrirtækjum, einn af níu þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en enginn af þingmönnum Framsóknarflokks,“ segir í skýrslu Creditinfo, sem segist ekki skilgreina nánar flokksstöðu þeirra þingmanna sem eftir standa til að afhjúpa ekki hvaða

einstaklinga sé um að ræða. Af þessum óskilgreinda hópi – sem í eru þingmenn Frjálslynda flokksins auk utanflokkamannsins Kristins H. Gunnarssonar – áttu þrjú í fyrirtækjum.

Einnig var kannað í hlutafélagaskrá nú í byrjun apríl hvernig alþingismenn tengjast hlutafélögum sem stjórnarmenn, framkvæmdastjórnar og svo framvegis. Hlutafélagaskrá er uppfærð daglega og eru upplýsingar úr henni því nýjar. Í ljós kom að alþingismenn tengjast nú minnst 55 félögum.

„Nær helmingur þingmanna á Alþingi er skráður í hlutafélagaskrá sem stjórnarmaður, prókúruhafi, framkvæmdastjóri, endurskoðandi, meðstjórnandi eða varamaður í stjórn. Af 63 þingmönnum eru 30 þingmenn tengdir félögum með fyrrgreindum hætti,“ segir í Creditinfo-skýrslunni.


Flestir þingmannanna tengjast fyrirtækjum með stjórnarsetu. „Í dag sitja 20 þingmenn í stjórnnum 50 fyrirtækja en í janúar 2008 sátu 26 þingmenn í stjórnnum 69 fyrirtækja,“ segir í skýrslunni. „Sautján af 26 þingmönnum Sjálfstæðisflokks eru skráðir í stjórn, með prókúru, skráðir framkvæmdastjórnar, endurskoðendur eða varamenn. Af sautján mönnum Samfylkingarinnar eru sjö tengdir fyrirtækjum,

þrjú þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, fjórir þingmenn Framsóknarflokksins og þrjú þingmenn Frjálslynda flokksins.“

Tekið skal fram að ekki var litið til maka þingmanna eða annarra náinna fjölskyldumeðlima í athugun Creditinfo. Við skoðun á krosseignatengslum þingmanna, það er eignarhluta í fyrirtækjum í gegnum önnur félög, var enn fremur aðeins skoðað einn lið áfram frá viðkomandi félagi. Creditinfo segir hægt að skoða þetta betur en að það hafi ekki verið gert nú og upplýsingar um krosseignatengslin því ekki tæmandi. Athuginin leiddi fram að félag eins þingmanns Sjálfstæðisflokksins átti í sjö öðrum félögum og að félag í eigu eins þingmanns Samfylkingar átti í fimm öðrum félögum.

„Miðlun upplýsinga sætir miklum takmörkunum og hefur Persónuvernd synjað Creditinfo að miðla slíkum upplýsingum þrátt fyrir að þær byggja á opinberum gögnum sem ætlað er að tryggja ákveðið gagnsæi,“ segir í skýrslu Creditinfo.

Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo, segist telja að allt sem stuðli að betra gagnsæi sé öllum til góðs, bæði viðskipta- umhverfinu og öðrum.



„Við erum að tala um upplýsingar um eignarhald einstaklinga sem við lesum úr opinberum gögnum en megum ekki miðla. Við erum ekki að óska eftir að gefa öllum leyfi til að fletta upp eignarhaldi hjá hvaða einstaklingi sem er. En þegar teknar eru ákvarðanir um viðskipti gætu legið lögvarðir hagsmunir í því fyrir einn aðila að vita hvað annar á og hvað hann stendur fyrir og hvaða félögum hann tengist,“ segir Rakel.

Átta af áður nefndum 55 hlutafélögum hafa enn ekki skilað ársreikningi fyrir árið 2007 til ársreikningaskrár. Rakel segir þetta langt í frá einsdæmi. Allt að fimmtungur skilaskyldra félaga á Íslandi hafi enn ekki skilað inn ársreikningum 2007 nú tæpum átta mánuðum eftir að lokafrestur til þess rann út í fyrrihaust.

„Ólíkt því sem er í löndunum í kringum okkur er ákveðin lenska hér að fyrirtæki eru alls ekki að

skila ársreikningum á réttum tíma,“ segir Rakel sem kveður þennan brest vera gríðarlegan galla á íslensku viðskiptalífi. Ef fyrirtæki þurfi fyrirgreiðslu sé jafnvel verið að byggja á úreltum gögnum. Þetta sé ekki síst alvarlegt í augum erlendra aðila sem séu vanir því að eðlileg fyrirtæki í rekstri skili inn ársreikningum á tilsettum tíma.

„Til þess að ávinna okkur traust íslenskra fyrirtækja erlendis þarf að veita upplýsingar um fyrirtækin til útlanda. Að skýra út fyrir erlendum aðilum hvers vegna íslensku fyrirtækin eru ekki búnin að skila inn ársreikningum þó að fresturinn sé löngu liðinn er eiginlega ekki vinnandi vegur,“ segir Rakel Sveinsdóttir.




FRÉTTASKÝRING  
GARDAR ÖRN ÚLFARSSON  
gar@frettabladid.is






### Fjöldi þingmanna sem tengjast félögum með hlutafélagapátttöku

(Sitja í stjórn félaga, eru prókúruhafar, skráðir framkvæmdastjórnar, varamenn í stjórn eða endurskoðendur). Sundurlíðun eftir flokkum. 3. apríl 2009.



### Fjöldi fyrirtækja í eigu þingmanna

Sundurlíðað eftir flokkum. 31. desember 2007.



Tegund tengsla	Stjórnari	Prókúruhafi	Framkvæmdastjóri	Varamaður	Endurskoðandi
Endurskoðandi	2	1	1	0	0
Formaður stjórnar	1	1	0	1	1
Framkvæmdastjóri	2	1	0	1	1
Meðstjórnandi	14	3	1	6	
Prókúruhafi	8	2	0	2	
Stjórnarmaður	4	1	0	0	
Varamaður	9	3	3	3	
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>12</b>	<b>5</b>	<b>13</b>	

Microsoft Dynamics™ AX

Mannauðskerfi Microsoft Dynamics AX veitir þér nauðsynlega yfirsýn yfir mannauð fyrirtækisins

„Ég skil ekki hvernig fyrirtæki geta farið í gegnum vottun án þess að vera með svona frábært kerfi eins og mannauðskerfið í Dynamics AX. Kerfið veitir okkur nauðsynlega yfirsýn yfir starfsmannahópinn og allar upplýsingar um starfsmenn eru mjög aðgengilegar. Við notum kerfið meðal annars við greiningar og til þess að halda utan um réttindi, menntun og þróunaráætlanir starfsmanna.“

Ragnhildur Vigfúsdóttir, deildarstjóri starfsþróunar hjá Landsvirkjun.

HUGUR / AX Guðríðarstíg 2-4 / 113 Reykjavík / Sími 545 1000 / www.hugurax.is



# býr hér

Ásbrú er heilt samfélag sem rís á gamla varnarsvæðinu í Reykjanesbæ. Ásbrú snýst um hreina orku, þekkingu og nýsköpun, alþjóðlega samkeppnishæfni, nálægð við alþjóðasamgöngur, mannauð, húsnæðiskost, æðri menntun, rannsóknir og heilsu. Ásbrú er nýsköpun – þar býr framtíðin.







1. STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON S/ÆTI RÁDHERRA, ÞISTILFIRÐI 2. ÞURÍÐUR BACKMAN S/ÆTI ALÞINGISMAÐUR, EGILSSTÖÐUM 3. BJÖRN VALUR GÍSLASON S/ÆTI SKIPSTJÓRI, AKUREYRI 4. BJARKEY GUNNARSDÓTTIR S/ÆTI GRUNNSKÓLAKENNARI, ÓLAFSFIRÐI 5. ÞORSTEINN BERGSSON S/ÆTI BÓNDI, FLJÓTÐALSHERÁÐI 6. DÝRLEIF SKJÓLDAL S/ÆTI LEIKSKÓLAKENNARI, AKUREYRI



7. HLYNUR HALLSSON S/ÆTI MYNDLISTARMAÐUR, AKUREYRI 8. INGUNN SNÆDAL S/ÆTI GRUNNSK.KENNARI, FLJÓTÐALSHERÁÐI 9. ÁSMUNDUR PÁLL HJALTASON S/ÆTI TÆKJAMAÐUR, NESKAUPTÁÐ 10. ÁSTA SVAVARSDÓTTIR S/ÆTI GRUNNSK.KENNARI, ÞINGEYJARSVEIT 11. KÁRI GAUTASON S/ÆTI NEMI, VOPNAFIRÐI 12. JÚLÍANA GARDARSDÓTTIR S/ÆTI NEMI, SKRIDDAL



13. HRAFNKELL LÁRUSSON S/ÆTI FORSTÖÐUMAÐUR, EGILSSTÖÐUM 14. JÓHANNA GÍSLADÓTTIR S/ÆTI AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI, SEYDISFIRÐI 15. KRISTJÁN ELDJÁRN HJARTARS S/ÆTI BYGGINGAÐR., DALVIKURBYGGÐ 16. RÍKEY SIGURBJÖRNSDÓTTIR S/ÆTI AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI, SIGLUFIRÐI 17. ANDRÉS SKÚLASON S/ÆTI ODDVITI, DJÚPAVOGI 18. SIGRÍÐUR HAUUSDÓTTIR S/ÆTI TOMSTUNDAFULLTRÓI, HÚSAVIK



19. GUÐMUNDUR H. SIGURJÓNS. S/ÆTI FV. VERKAMAÐUR, NESKAUPTÁÐ 20. MÁLMFRÍÐUR SIGURÐARD. S/ÆTI FV. ALÞINGISKONA, AKUREYRI



www.vg.is

NORÐAUSTURKJÖRDÆMI

REYKJAVÍK NORÐUR



1. KATRÍN JAKOBSDÓTTIR S/ÆTI MENNTAMÁLARÁÐHERRA 2. ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON S/ÆTI ALÞINGISMAÐUR 3. ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR S/ÆTI ALÞINGISMAÐUR 4. AUÐUR LIJJA ERLINGSDÓTTIR S/ÆTI STJÓRN MÁLAFRÆÐINGUR 5. DAVÍÐ STEFÁNSSON S/ÆTI RITHÖFUNDUR 6. ANNA ÓLAFSDÓTTIR BJÖRNS. S/ÆTI SAGNFRÆÐINGUR



7. BRYNJA BJÖRG HALLDÓRSD. S/ÆTI NEMI 8. KRISTJÁN KETILL STEFÁNSSON S/ÆTI HÁSKÓLAKENNARI 9. ÁSGRÍMUR ANGANTÝSSON S/ÆTI MÁLFRÆÐINGUR 10. KJARTAN JÓNSSON S/ÆTI ÞYÐANDI 11. SIGRÍÐUR PÉTURSDÓTTIR S/ÆTI KENNARI 12. FRÍÐRIK ATLASON S/ÆTI FORSTÖÐUMAÐUR



13. RENÉ BJASON S/ÆTI LANDFRÆÐINGUR 14. ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR S/ÆTI TÓNLISTARKONA 15. SÁLMAÐUR TAMIMI S/ÆTI TÖLVUNARFRÆÐINGUR 16. GUÐRÚN EVA MÍNERNVUDÓTTIR S/ÆTI RITHÖFUNDUR 17. SJÖFN INGÓLFSDÓTTIR S/ÆTI BÓKAVÖRÐUR 18. HEIMIR BJÖRN JANUSARSON S/ÆTI GARDYRKJUMAÐUR



19. ÁSDÍS BENEDIKTSDÓTTIR S/ÆTI BÚÐARKONA 20. HALLDÓRA H. KRISTJÁNSD. S/ÆTI SJÚKRALIDI 21. PÁLL BERGPÓRSSON S/ÆTI VEDURFRÆÐINGUR 22. MARGRÉT GUÐNADÓTTIR S/ÆTI VEIURFRÆÐINGUR

–vegur til framtíðar



1. JÓN BJARNASON S/ÆTI ALÞINGISMAÐUR, BLÖNDUÓSI 2. LIJJA RAFNEY MAGNÚSDÓTTIR S/ÆTI VERKAKONA, SUÐUREYRI 3. ÁSMUNDUR EINAR DADASON S/ÆTI BÓNDI, LAMBHEYRUM DÖLUM 4. HALLDÓRA LÓA ÞORVALDSD. S/ÆTI NÁMS- OG STARFSRÁÐGI., REYKH. BORGAFJ. 5. TELMA MAGNÚSDÓTTIR S/ÆTI FERÐAMÁLAFR., STEINNESI HÚNAVATNSHR. 6. GRÍMUR ATLASON S/ÆTI SVEITARSTJÓRI, BÚÐARDAL



7. PÁLL RÚNAR HEINESEN PÁLS. S/ÆTI FRISTUNDALEIÐB., SAUBÁRKRÓKI 8. HJÖRDÍS GARDARSDÓTTIR S/ÆTI NEYÐARVÖRÐUR, AKRANESI 9. MATTHÍAS SÆVAR LÝÐSSON S/ÆTI BÓNDI, HÚSAVIK STRÖNDUM 10. LÁRUS ÁSTMAR HANNESSON S/ÆTI GRUNNSKÓLAKENNARI, STYKKISHÖLMI 11. BJÖRG BALDURSDÓTTIR S/ÆTI GRUNNSKÓLAK., HÖLUM HJALTADAL 12. EVA SIGURBJÖRNSDÓTTIR S/ÆTI HÓTELSTYRA, DJÚPAVIK STRÖNDUM



13. GUNNAR SIGURÐSSON S/ÆTI RANNSÓKNAMAÐUR, BOLUNGARVÍK 14. RÚN HALLDÓRSDÓTTIR S/ÆTI LÆKNIR, AKRANESI 15. GUNNAR NJÁLSSON S/ÆTI SJÓMAÐUR, GRUNÐARFIRÐI 16. INGIBJÖRG INGA GUÐMUNDS. S/ÆTI SKÓLAST., BREKKUHVAMMI REYKHÖLTSDAL 17. GUÐRÚN S. HÁLFÐANARDÓTTIR S/ÆTI BÓNDI, SÖNDUM MIÐFIRÐI 18. GUÐBRANDUR BRYNJÓLFSSON S/ÆTI BÓNDI, BRÚARLANDI MYRUM



–vegur til framtíðar

NORÐVESTURKJÖRDÆMI





1. SÆTI GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSD. FRAMKVÆMDASTJÓRI  
 2. SÆTI ÖGMUNDUR JÓNASSON HEILBRIGÐISRÁÐHERRA  
 3. SÆTI ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSS. ÖLDRUNARLÆKNIR  
 4. SÆTI MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR VERKAKONA  
 5. SÆTI ANDRÉS MAGNÚSSON GEDLÆKNIR  
 6. SÆTI ÁSA BJÖRK ÓLAFSDÓTTIR HÉRADSPESTUR  
 7. SÆTI KRISTÍN HELGA GUNNARSD. RITHÖFUNDUR  
 8. SÆTI GUÐMUNDUR AUÐUNSSON STJÓRNMAÁLAFRÆÐINGUR  
 9. SÆTI KARÓLÍNA EINARSDÓTTIR LÍFFRÆÐINGUR  
 10. SÆTI KARL TÓMASSON BÆJARFULLTRÚI  
 11. SÆTI ÞÓRDÍS EYGLÓ SIGURDARD. FORSTÓÐUKONA  
 12. SÆTI GÍSLI ÁSGEIRSSON KENNARI OG ÞYÐANDI  
 13. SÆTI GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSD. BÆJARFULLTRÚI  
 14. SÆTI EINAR ÓLAFSSON BÓKAVÖRÐUR  
 15. SÆTI TANJA BJÖRK JÓNSDÓTTIR NEMI  
 16. SÆTI ÞÓRIR STEINGRÍMSSON RANNSÓKNARLÖGREGLA  
 17. SÆTI KOLFINNA BALDVINDÓTTIR FJÖLMIDLAKONA  
 18. SÆTI KARL S. ÓSKARSSON SÖLUSTJÓRI  
 19. SÆTI ANNA BENKOVIC MIKAELSD. KENNARI  
 20. SÆTI KRISTJÁN HREINSSON SKÁLD  
 21. SÆTI JÓHANNA B. MAGNÚSDÓTTIR VERKEFNASTJÓRI  
 22. SÆTI SIGURJÓN EINARSSON KVÍKMYNDAGERDAMAÐUR  
 23. SÆTI SIGURBJÖRN HJALTASON ODDVITI  
 24. SÆTI KRISTÍN HALLDÓRSDÓTTIR FV. ALÞINGISKONA

REYKJAVÍK SUÐUR



1. SÆTI SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR BORGARFULLTRÚI  
 2. SÆTI LILJA MÓSESDÓTTIR HÁGRÆÐINGUR  
 3. SÆTI KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR UMHVÉRFSRÁÐHERRA  
 4. SÆTI ARI MATTHÍASSON LEIKARI  
 5. SÆTI STEINUNN ÞÓRA ÁRNADÓTTIR ÖRYRKI  
 6. SÆTI EINAR MÁR GUÐMUNDSSON RITHÖFUNDUR  
 7. SÆTI PAUL NIKOLOV STUÐNINGFULLTRÚI  
 8. SÆTI ÞORGERÐUR ÁGLA MAGNÚSD. FRAMKVÆMDASTJÓRI  
 9. SÆTI SVEINN RÚNAR HAUSSON LÆKNIR  
 10. SÆTI RAGNHEIÐUR HERMANNSD. KENNARI  
 11. SÆTI EGILL ÁSGRÍMSSON PÍPULAGNINGAMAÐUR  
 12. SÆTI HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR LÍFFRÆÐINGUR  
 13. SÆTI ANDRÉS INGI JÓNSSON BLAÐAMAÐUR  
 14. SÆTI INGI RAFN HAUSSON FRAMLEIÐSLUMAMAÐUR  
 15. SÆTI HJÁLMDÍS HAFSTEINSDÓTTIR FÉLAGSLIÐI  
 16. SÆTI SIGRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR SjúkraLiði  
 17. SÆTI ERPUR EYVINDARSON TÓNLISTARMAMAÐUR  
 18. SÆTI LÍSA KRISTJÁNSDÓTTIR AÐSTODARLEIKSTJÓRI  
 19. SÆTI ÞORVALDUR ÞORVALDSSON SMÍÐUR  
 20. SÆTI ÁSLAUG HAUSSDÓTTIR HEIMALJÓSMÓÐIR  
 21. SÆTI LENA M. RIST NÁMSRÁÐGJAFI  
 22. SÆTI EINAR LAXNESS SAGNFRÆÐINGUR

–vegur til framtíðar



1. SÆTI ATLI GÍSLASON ALÞINGISMAÐUR, REYKJAVÍK  
 2. SÆTI ARNDÍS SOFFÍA SIGURDARD. FERÐAÞ. BÓNDI / LÖGFR., HVOLSVELLI  
 3. SÆTI JÓRUNN EINARSDÓTTIR KENNARI, VESTMANNAEYJUM  
 4. SÆTI BERGUR SIGURSSON UMHVÉRFSSEFNAFR., REYKJANESB.Æ  
 5. SÆTI GUÐRÚN G. AXFJÖRD ELÍNARD. NEMI / STÍGAMÓTAKONA, HVOLSVELLI  
 6. SÆTI ÞÓRBERGUR TORFASON VEIÐIEFTIRLITSMAMAÐUR, HÖFN  
 7. SÆTI ANDRÉS RÚNAR INGASON HÁSKÓLANEMI, SELFOSSI  
 8. SÆTI SÆDÍS ÓSK HARÐARDÓTTIR GRUNNSKÓLAKENNARI, EYRABAKKA  
 9. SÆTI KRISTÍN GUÐRÚN GESTSDÓTTIR GRUNNSKÓLAKENNARI, HÖFN  
 10. SÆTI DANÍEL HAUKUR ARNARSSON NEMI, ÞORLÁKSHÖFN  
 11. SÆTI SIGPRÍÐUR JÓNSDÓTTIR NÁTTÚRUF., SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHN.  
 12. SÆTI ANDRI INDRÍÐASON VÍÐSKIPTAFRÆÐINEMI, HÖFN  
 13. SÆTI RAGNHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR TÓNLISTARKONA, REYKJANESB.Æ  
 14. SÆTI FÍDA ABU LIBDEH VÍÐSKIPTAFRÆÐINEMI, REYKJANESB.Æ  
 15. SÆTI EINAR B. ARNBJÖRNSSON FORRITARI, SELFOSSI  
 16. SÆTI ÚLFUR BJÖRNSSON KENNARI, HVERAGERÐI  
 17. SÆTI MARTA GUÐRÚN JÓHANNESD. BÓKMENTAFAFRÆÐINGUR, GARDI  
 18. SÆTI RAGNAR ÓSKARSSON FRAMHALDSSK.KENNARI, VESTM.EYJUM  
 19. SÆTI GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR LÍFEYRISLAUNAKONA, SELFOSSI  
 20. SÆTI KARL G. SIGURBERGSSON FV. SKÍPTJÓRI / ELDRI BORGARI, REYKJANESB.



Kynntu þér stefnumál okkar á:

[www.vg.is](http://www.vg.is)

SUÐVESTURKJÖRDÆMI

SUÐURKJÖRDÆMI



Tugmilljóna fjárfstyrkir til Sjálfstæðisflokksins:

## Æ sér gjöf til gjalda

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

**F**ormaður Sjálfstæðisflokksins reynir nú að færa rök fyrir því að tugmilljóna króna fjárfrahlög Landsbankans og FL Group í árslok 2006 hafi verið útskýrð að fullu. Styrkirnir verði endurgreiddir, fyrrverandi formaður hafi strax gengist við ábyrgð sinni í málinu, núverandi framkvæmdastjóri tekið pokann sinn og tveir flokksmenn staðfest að þeir hafi haft forgöngu um að afla fjárlins.

Að mati formannsins er málið með þessu úr sögunni, þetta „bull“ frá árinu 2006 svo notað séu orð oddvita lista flokksins í Norðurlandskjördæmi eystra. Eftir standa þó margar spurningar, sem ört minnkandi hópur kjósenda Sjálfstæðisflokksins hlýtur að spyrja sig.

Farið var í það stóra verkefni að afla flokksnum tuga milljóna króna í því skyni að rétta við fjárhag hans eftir að lög um fjármál stjórnmalaflokka höfðu verið samþykkt, en þau juku fjárstuðning ríkisins við stjórnmalaflokka stórlega á sama tíma og sett var þak á fjárfrahlög lögaðila við 300 þúsund krónur.

Innan flokksins var þannig tekin markviss ákvörðun um að nýta smuguna frá samþykkt laganna að gildistöku þeirra til skilvirkrar fjárfrahlöunar. Þessi smuga virðist raunar hafa verið nýtt í fleiri flokkum, en þó á allt öðrum stærðarskala en hér um ræðir.

Vissulega bar formaður Sjálfstæðisflokksins endanlega ábyrgð í málinu, eins og núverandi formaður hefur sagt. Það breytir því þó ekki að þeir voru fleiri sem vissu um gjörninginn en kusu að líta framhjá honum, þykjast ekki vita um hann eða láta sem þeim kæmi hann ekki við. Þeir bera einnig ábyrgð og verða að axla hana, einkum í þeim tilvikum sem um er að ræða einstaklinga sem enn gegna trúnaðarstörfum innan flokksins og/eða skipa sæti á þeim framboðslistum sem bornir eru fram í kosningunum sem standa fyrir dyrum eftir fáeina daga.

Vitað var að markmið laganna var að koma í veg fyrir óeðlileg tengsl fyrirtækja og stjórnmalamanna. Engu að síður var tekið við tugmilljóna fjárfrahlögum frá tveimur einstökum fyrirtækjum fáeinum dögum áður en lögin tóku gildi. Ráðamenn í Sjálfstæðisflokksnum gættu þess vissulega að stórgjafir FL og Landsbankans væru löglegar en virðist hafa yfirsést að þær voru algerlega siðlausar.

Ekki er óeðlilegt að spurningum sé velt upp um það hvað þessi fyrirtæki ætluðu sér að fá í staðinn fyrir gjafir sínar, eða hvaða greiða þau töldu sig vera að endurgjalda með þeim. Í það minnsta er það vart tilviljun að fjárfrahlög til eins stjórnmalaflokks nema margfaldri upphæð fjárfrahlöga til annarra flokka.

Fjárfrahlög fyrirtækja til stjórnmalaflokka á árinu 2006 sýna í hnotskurn mikilvægi þess að lög um fjármál stjórnmalaflokka voru sett. Slík lög þurfti að setja til að koma í veg fyrir óeðlileg hagsmunatengsl.

Kjósendur munu svo meta með atkvæðum sínum annan laugardag að hve miklu leyti þeir líta svo á að þetta „bull“ frá 2006 sé úr sögunni.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal [jk@frettabladid.is](mailto:jk@frettabladid.is) og Þorsteinn Pálsson [thorsteinn@frettabladid.is](mailto:thorsteinn@frettabladid.is) ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir [steinunn@frettabladid.is](mailto:steinunn@frettabladid.is). Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Sama góða CONDIS bragðið ...**

**Remi nougat**

**CONDIS**

**... í nýjum umbúðum**

Götterborris

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Fátt nýtt í Draumalandinu

Heimildarmyndin Draumalandið hefur hrist upp í áliðnaðinum á Íslandi, eins og sannast til dæmis á tveimur tölvupóstum sem Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafrulltrúi Rio Tinto Alcan, sendi starfsmönnum álversins í Straumsvík á frumsýningardag og daginn eftir. „Fátt ef nokkuð nýtt kemur fram í myndinni Draumalandinu,“ eru upphafsorð annars. Ólafur Teitur gagnrýnir John Perkins, sem fram kemur í myndinni, fyrir „æði frumlegan málfletning“ og lætur fylgja með „nokkrar staðreyndir“, á þremur og hálfri blaðsíðu, sem eiga að hjálpa til við „að halda til haga því sem skiptir máli í þessari umræðu“.



#### Konstrúktívar krísur

Sigurður Kári Kristjánsson tók sér hlé frá páskaeggjaleit Sjálfstæðisflokksins við Ægisíðu á laugardag til að segja fréttamanni RÚV að risastyrkir FL Group og Landsbankans til flokksins væru úr öllu hófi. Birgir Ármannsson tjáði sig líka, sagði krísuna vissulega vonda, en að „svona vandamál“ sem upp kæmu gætu „bara verið til að styrkja okkur“. Þar er kannski komin skýringin á því að Birgir og Sigurður Kári sátu hjá þegar greidd voru atkvæði um frumvarp um hámarksstyrki til stjórnmalaflokka í desember 2006. Lögin yrðu jú til þess að svona uppbyggjandi krísur heyrðu sögunni til.

#### Heiðarleiki Flokksins

Einar K. Guðfinnsson er annars á þeirri skoðun að tekið hafi verið heiðarlega á málinu í flokknum og af myndarskap. „Í þessum efnum eins og öðrum ber okkur að virða sannleikann og hafa heiðarleika í hávegum, eins og alltaf. Það hefur verið og er aðalsmerki Sjálfstæðisflokksins og því merki höldum við hátt á lofti,“ skrifar hann á vef sinn. Heiðarleikinn er nú samt ekki meiri en svo að það þurfti fréttastofu Stöðvar 2 til að greina frá styrkjum hinim háu. Og hvar var heiðarleikinn þegar tekið var við þeim til að byrja með?



stigur@frettabladid.is

## Nytsamir sakleysingjar

Ég man ekki hver sagði mér söguna af manni í Vesturbænum sem varð fórnarlamb rógbera, en mér fannst það fin dæmisaga, og finnst það enn. Rógur verður oft til í framhaldi af blaðri og tilgátum um fólk, sem breytist smám saman í staðreyndir í meðförum viðmælanda. Stundum er rógur beinlínis settur í umferð með þessum hætti til að koma höggi á einhvern. Engu skiptir þá hvort nokkur fótur er fyrir honum, nóg er að skapa tortryggni og efasemdir um viðkomandi. Almennarómur sér um framhaldið.

Rógberinn í sögunni var venjulegur og grandvar maður. Staðhæft var við hann að Vesturbæingurinn væri varasamur og dæmi nefnd því til staðfestingar sem honum þótti hin mesta svívirða. Slíkt mætti gjarnan komast í hámeili. Hann lagði metnað í að svo gæti orðið og fyrr en varði var þessi ósömi á hvers manns vörum, og Vesturbæingurinn ærulaus. Þegar rógberinn var upplýstur um að þetta hefði verið uppspuni frá rötum, varð honum verulega um. Hann gerði sér ferð heim til fórnarlambins, sem bjó á annarri hæð. Gekk upp tröppurnar, sem voru utan á húsinu og barði á dyr. Þegar húsráðandi kom til dyra, sagðist rógberinn vera kominn til að biðjast fyrirgefningar á þeim álitshnekki sem hann hefði þurft að þola fyrir sitt tilstilli. Hvort það væri nokkuð sem hann gæti gert til að bæta fyrir það.

Húsráðandinn horfði hugsi á hann um stund. Það hann svo að biða andartak, fór inn til sín og kom að vörmu spori með dúnsæng, hristi úr henni innihaldið



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR Í DAG | Kosningabaráttan

svo að fiðrið dreifðist um umhverfið og fauk svo í burtu. „Geturðu tint upp fiðrið?“ spurði hann rólega.

#### Eitrað vopn

Atlaga að mannorði og trúverðuleika annarra er ekki saklaus samkvæmisleikur. Fyrir þá árárs verður ekki bætt. Þó að hið sanna komi í ljós og sé gert opinbert, er skaðinn skeður, fráeinu hefur verið sáð. Minni fólks er brigðult, og löngu seinna man það kannski aðeins að þessi maður var á sínum tíma tortryggður eða bendlaður við einhver leiðindi og ósöma. Leiðréttingin fær aldrei sama rými og ávirðingun og vekur mun minni áhuga. Þetta er því eittrað vopn í höndum þeirra sem vilja lama framgang keppinauta í viðskiptum eða pólitík.

Hér á landi, sem annars staðar, finnst menn sem víla ekki fyrir sér að stýra framvindu mála með þessum hætti, og eru oft snillingar í að fela eigin spor. En ekki alltaf. Fólk eins og framangreindur rógberi er gjarnan verkfæri slíkra snillinga án þess að vita af því.

Þekkt er setning úr bandarískum stjórnmalum: Látum þá /hann þræta fyrir það! – eða „Let them deny it!“ Þá er staðhæft að viðkomandi hafi misstigið

sig eða brotið af sér. Um leið og hann fer í varnarstöðu er hann tortryggður. Þetta vita höfundar ávirðinganna. Varnarstaða er ekki góð staða. Miklar útskýringar skapa tortryggni. Þeir sem halda ró sinni og styrk í svona áhlaupi koma frekar uppréttir frá því en hinir. Hver og einn getur sett sig í spor þess sem fyrirvaralaust er sakaður um atferli sem hann hefur ekki komið nálægt, og ábyrgð á atburðarás sem hann hefði ekki hugmyndaflug til að hanna. Vont er þegar pólitískir andstæðingar eiga í hlut, en verra þegar um samherja er að ræða.

#### Aðgreiningin

Kosningabaráttan á yfirstandandi upplausnartímum er merkileg upplifun. Öðrum þræði eru allir að mæra sakleysi sitt og heiðarleika og leita uppi sektarlömb til að taka á sig syndafargið, svo allir hinir verði frjálsir. Ekkert er eins og áður, en þó er flest kunnuglegt. Samstaða og samkennd þjóðarinnar í brimrótinu er ekki efst á blaði, heldur „við og hinir“– stefnan. Aðgreiningin. Við sem getum og kunnum og hinir sem sigla öllu í strand. Við sem stöndum vörð um lýðræðið og hinir sem vilja flokksræði.

Hugsjónir hjá sumum, en utan- aðlærðir frasar hjá flestum. Á netinu og manna á milli er skitur og skætingur um pólitíska andstæðinga, rétt eins og pólitískar fylkingar skiptist í góða fólk og vonda fólk. Sjálfsupphafningin er takmarkalaus.

Höfundur við tíma fyrir þennan leikaraskap í dag?

Það verður forvitnilegt að fylgjast með kosningabátttöku í ár.

## Eitt í dag og annað á morgun

#### UMRÆÐAN

Ragnar Sverrisson skrifar um Evrópumál

Um þessar mundir berjast þingmenn Sjálfstæðisflokksins fyrir því að ekki verði gengið til samningaviðræðna við ESB nema því aðeins að þjóðin hafi fyrirfram verið spurð hvort það skuli gert eða ekki. Sé hún því samþykkt verði gengið til samninga og niðurstaðan borin undir í annarri þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessi nýi áhugi sjálfstæðismanna, að spyrja þjóðina áður en vitað er hvað býðst, er fluttur af svo heilagri vandlætingu gagnvart þeim sem vilja láta síðari atkvæðagreiðsluna nægja, að þeir eru sakaðir um að vera á móti lýðræðinu og þar af leiðandi andvirgi alþjóðu manna. Síðan gráta sjálfstæðismenn krókóðiláturum yfir skilningsleysi og andvaraleysi gagnvart almúganum.

Þessi nýja ásjóna sjálfstæðismanna verður þó að skoðast í ljósi þeirra eigin sögu. Eins og kunnugt er beitti flokkurinn sér fyrir því á sínum tíma að Ísland gengi í NATO. Þá var þjóðin aldrei spurð; Alþingi afgreiddi málið. Sami flokkur vann vasklega að því að Ísland gengi til EFTA-



RAGNAR SVERRISSON

samstarfsins og ekki var þjóðin spurð. Síðast en ekki síst vann hann ásamt fleiri flokkum að því að Alþingi afgreiddi, góðu heilli, EES-samninginn. Þá grét enginn í þeim góða flokki yfir því að þjóðin fengi ekki að tjá sig beint; þvert á móti lagðist hann gegn því líkum hugmyndum – Alþingi ætti að afgreiða slík mál, til þess væri það kosið.

Þannig hefur saga Sjálfstæðisflokksins ekki einkennst af áhuga á að bera hin stærri mál undir þjóðaratkvæði, þvert á móti. Minnisstæðast er auðvitað þegar þeir lyppuðust niður með fjölmiðlafrumvarpið umdeilda þegar sýnt var að það yrði borið undir þjóðina. Það mátti alls ekki gerast því þessi sama þjóð hafði ekki nægan skilning á hinum rétta málstað og því ekkert við hana að tala.

En nú hefur flokkurinn sjálfan sig upp til skýjanna í vandlætingu á því að aðeins verði einu sinni borin undir þjóðina hugsanleg aðild að ESB. Það skuli sko gert tvisvar og allt annað er andlýðræðislegt og hið versta mál. Þannig breytast viðhorfin jafnan hjá þeim sem vandræðast stefnulausir í afstöðu til grundvallarmálefna og eru að hefja áralanga pólitíska eyðimerkurgöngu.

Höfundur er kaupmaður á Akureyri.



# Perlan

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.  
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

Allt í steik framlengt til 19. apríl

Hringbraut

## Vegna mikillar eftirspurnar hefur *Allt í steik* verið *framlengt* til 19. apríl

### 4ra rétta seðill

1 HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“  
með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA  
með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI  
með ristudu grænmeti, kartöflumauki  
og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

3 ÖND  
með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND  
Béarnaise með grilluðu hvítlauksristudu spínati  
og sperglum (6.590 kr.)

4 LOGANDI CRÈME BRÛLÉE  
með súkkulaði ís

Gjafabréf Perlunnar  
Góð tækifærisgjöf!



Allt í steik  
verð frá **4.590 kr.**

**Nýr A la Carte hefst 20. apríl!**

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207 - Netfang perlan@perlan.is - Vefur www.perlan.is





## Ógn við heilbrigða stjórnsýslu

### UMRÆÐAN

Ólína Þorvarðardóttir skrifar um eigna- og hagsmunatengsl í íslenskum stjórnmálum

Nýlega voru settar leiðbeinandi reglur á Alþingi um fjármál þingmanna, líkt og tíðkast víða erlendis. Enginn vafi er á því að reglur af þessu tagi eru til mikilla bóta, enda til þess fallnar að efla traust og gegnsæi stjórnaarathafna. Sú leið var valin að setja fremur leiðbeinandi reglur en löggjöf, en taka málið til endurmats í ljósi reynslunnar eftir tiltekinn tíma. Það er þinginu og þeim sem stýrðu vinnunni til söma að þetta skyldi til lykta leitt í ágættri sátt.

Samkvæmt reglum þessum ber alþingismönnum að gefa upp tilteknar eignir sínar og gjafir umfram 50 þúsund krónur. Að þessu sinni var ekki stigið það skref að upplýsa um eignatengsl maka eða skuldir. Ekki er þó óhugsandi að síðar verði slíkur ákvæðum bætt við – og satt að segja vona ég að svo verði.

Fjölskyldutengsl stjórnmálanna við félög og fyrirtæki sem þurfa á einhverju stigi máls að leita ásjár eða aðgerða stjórnvalda geta verið allt eins hamlandi fyrir heilbrigða stjórnsýslu og ef um væri að ræða persónuleg eignatengsl. Þá er augljóst að skuldastaða stjórnmálanna getur í vissum tilvikum valdið efasemdum um hæfi þeirra.

Nokkrir stjórnmálamenn hafa að svo komnu birt upplýsingar



ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

um eignir og skuldir sínar – og er það vel. Aðrir hafa verið hikandi, enda kann sumum að finnast full nærgöngult að opna fjárreiður sínar almenningi með þeim hætti. Bæði sjónarmið eru skiljanleg.

En þess hefur líka orðið vart að menn bregðist reiðir við umræðu um meint hagsmunatengsl þeirra við félög og fyrirtæki. En aðrir hafa heitið því að gefa upp eignir

*Fjölskyldutengsl stjórnmálanna við félög og fyrirtæki sem þurfa á einhverju stigi máls að leita ásjár eða aðgerða stjórnvalda geta verið allt eins hamlandi fyrir heilbrigða stjórnsýslu og ef um væri að ræða persónuleg eignatengsl.*

sínar og skuldir og „taka allt upp á borðið“ án þess að af því hafi orðið. En reiði og vanefndir eru þó sennilega vitlausustu viðbrögðin sem hugsast geta við áleitnum spurningum í því andrúmslofti tortryggni og kvik-sagna sem nú ríkir í samfélagi okkar. Sé allt með felldu ætti enginn skaði að hljóta af því að gera grein fyrir tengslum sínum og eignastöðu. Þvert á móti er það eini raunhæfi mótleikurinn við vantrausti og gróusögum.

Nú er gott eitt um það að segja að athafnamenn og fyrirtækjaeigendur sitji á Alþingi.

Fjölskyldutengsl inn í athafna- og viðskiptalíf eru að sjálfsögðu enginn glæpur. Stjórnmálamenn verða hvorki verri né betri sem manneskjur fyrir það að vera börn, tengdabörn, makar eða frændsystkini ráðandi stjórnenda eða eigenda stórfyrirtækja. En þegar kemur að því að taka stjórnvaldsáskvarðanir sem hafa afgerandi áhrif á afkomu og afdrif þessara sömu fyrirtækja, þá vandast málið. Hvernig bregst þá til dæmis ráðherra við sem er tengdasonur, maki, systir eða sonur – svo tekin séu ímynduð dæmi?

Það er ekki nóg að viðkomandi sé heiðarlegur í hjarta og sinni. Hæfi hans eða hennar til ákvörðunar þyrfti að vera hafið yfir allan vafa.

Þetta er vandinn sem við er að eiga. Íslenskt samfélag er svo lítið að tengsl stjórnmálanna við fyrirtæki, fjármálastofnanir, félög og hagsmunasamtök eru raunveruleg ógn við heilbrigða stjórnsýslu og stjórnmál. Sú meinsemd hefur nú þegar grafið alvarlega undan trausti almennings á íslenskum stjórnmálamönnum og fjármálakerfi, eins og fjölmörg dæmi sanna.

Við þessu er lítið annað að gera en að kjörnir fulltrúar upplýsi um hvaðeina sem valdið getur vanhæfi þeirra á síðari stigum. Leiðbeinandi reglur setja mönnum engar skorður í því efni að upplýsa um fleira en reglurnar segja til um. Þær setja einfaldlega lágmarkið.

*Höfundur skipar 2. sæti á lista Samfylkingarinnar í NV-kjördæmi.*

## Ríkið kjölfestufjárfestir í bankakerfinu

### UMRÆÐAN

Lilja Mósesdóttir skrifar um efnahagsmál

Alþjóðagjaldeyris- og sjóðurinn (AGS) taldi opinbert eignarhald banka í löndum Suðaustur-Asíu í lok tíunda áratugarins vera mikilvæga ástæða fyrir falli þeirra, þar sem ákvarðanir um lánveitingar voru ekki teknar út frá viðskiptalegum forsendum heldur hagsmunum stjórnmálaflokka. AGS þrýsti því á að bankakerfi þessara landa kæmst í eigu einkaaðila og stýrðust af lögmálum markaðarins. Þessi stefna AGS var dýrkeypt þeim fáu löndum sem henni fylgdu.

Ísland hefur afsannað að bankakerfi í ríkiseigu geti af sér fjármálakreppu og hrun bankanna afhjúpaði hversu fallvalt einkarekið bankakerfi er. Aldrei áður hefur heilt bankakerfi hrúnið á 10 dögum og ástæða þess er einföld. Einkaaðilar eiga erfiðar en ríkið með að verjast árásum öflugra spákaupmanna. Þetta á sérstaklega við um bankakerfi, þar sem ríkir fákeppni sem birtist m.a. í víðtækum kross- eignatengslum.

Traust almennings á bankakerfi í einkaeigu hrundi við fall íslensku bankanna. Fara verður hægt í að auka hlut einkaaðila í nýju bönkunum ef breytingin á ekki að leiða til útstreymis spari-fjár. Alþjóðlegt lánstraust nýja bankakerfis er lítið og því þarf



LILJA MÓSESDÓTTIR

sterkan kjölfestueiganda. Eignarhald ríkisins gefur stjórnvöldum kost á að grípa inn í starfseminna áður en til bankahruns kemur, en hagkerfi sem einu sinni hefur farið í gegnum fjármálakreppu er ekki ónæmt fyrir annarri kreppu.

Ríkið verður að vera eignaraðili til að tryggja að hagsmunir fjármála- geirans og þeirra sem eiga hreyfanleg fjármagn eða miklar eignir séu ekki teknir fram yfir hagsmuni frumframleiðslugreinanna, launafólks og eignalítilla einstaklinga.

Endur-einkavæðing íslenska bankakerfisins mun vekja upp hagsmunatengsl útrásarinnar sem birtust m.a. í spilltum viðskiptaháttum eins og lánnum til hluthafa. Gagnsær ríkisbanki undir lýðræðislegu eftirliti gæti aldrei komist upp með aðra eins spillingu og einkavæddu bankarnir innleiddu. Hluti bankakerfisins á að verða áfram í eigu ríkisins á sama tíma og stjórnvöld innleiða víðtæka löggjöf og öflugt eftirlitskerfi með starfsemi bankanna til að tryggja almannahagsmuni. Auk þess þarf að aðskilja almenna bankastarfsemi frá fjárfestingarstarfsemi til að koma í veg fyrir að almenningur þurfi aftur að taka á sig skuldbindingar vegna áhættufjárfestinga.

*Höfundur er hagfræðingur og skipar annað sæti á V-lista Reykjavíkurkjördæmis suður.*

## 2.000 krónur á hvert mannsbarn í heimi

### UMRÆÐAN

Sigurjón Þórðarson skrifar um skuldir ríkisins

Það getur verið nokkuð snúið að átta sig á þeirri skuldastöðu sem íslenska þjóðin er lent ofan í undir stjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Samfylkingar. Erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa sjöfaldast á síðustu fjórum árum. Upphæðin sem þjóðin hefur fengið að láni er gríðarlega há, 13 þúsund milljarðar íslenskra króna, en í heiminum eru lítlegra sex milljarðar manna. Við höfum því fengið að láni upphæð sem svarar til þess að 2.000 krónur hafi runnið til okkar frá hverjum einasta einstaklingi á jörðinni. Er þá allir taldir með. Súdanar, Færeyingar, Kínverjar, vinir okkar Bretar og allir hinir.

Það er augljóst að þessir peningar komu ekki nema að litlu leyti til Íslands enda væru annars allar götur hér úr marmara og ljósa-staurar úr gulli. Ábyrgð þeirra sem veittu þessi lán er ekki minni en þeirra sem tóku þau. Íslenska þjóðin getur hvorki ábyrgst þessar skuldir né verið sett fram sem veð fyrir þeim. Þegar þjóð er komin í þá stöðu sem Ísland er komið í verða menn að staldra við, fara yfir stöðuna og leggja á það kalt mat hvað við getum greitt, hvað við eigum að greiða og hvernig við eigum að gera það. Ekki er hægt að ætlast til þess að þjóðin framkvæmi hluti sem eru óframkvæmanlegir og því blasir við að við verðum að gera skuldunautum okkar það ljóst af auðmýkt.

Lunginn af íslenskum stjórnmálamönnum sem nú bjóða sig fram til að leysa úr vanda þjóðarinnar virðist ekki gera sér nokkra grein fyrir þeim gríðarlega vanda sem blasir við þjóðinni við að stoppa í 150 milljarða gat sem orsakað er að mestum hluta af gríðarlegum vaxtagreiðslum og tekjusaumdrætti ríkisins. Í eldhúsdagsumræðu kom fram ein tillaga frá Samfylkingunni, þ.e. að ganga í Evrópusambandið, en VG og Sjálfstæðisflokkur slógu um sig með frósum á borð við „við leysum þetta mál“ og „við förum í gegnum



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

þetta saman“. Allur tekjuskattur einstaklinga og fyrirtækja er 120 milljarðar og þótt hann sé tvöfaldaður dugir það ekki til að stoppa í fjárlagagatið.

Frjálslyndi flokkurinn kom einn fram með tillögum um að auka tekjur með aukningu þorskveiða um 100.000 tonn sem gæfi þjóðarþúinu tugi milljarða í beinhörðum gjald- eyri. Frjálslyndi flokkurinn leggur sómuleiðis til lækkun vaxta og afnám verðtryggingar frá og með síðustu áramótum.

Skattatillögur Samfylkingar og Vinstri grænna eru athyglisverðar, á hverja þær eiga að leggja og hverju þær eiga að bjarga. Þrátt fyrir að skattar yrðu hækkaðir hér upp úr öllu valdi duga skattahækkunir aldrei til þess að stoppa upp í nema þínulítinn hluta gatsins. Engin leið er að ná sköttum inn í ríkissjóð sem einhverju nemi nema hann lenti á millitekjufólki. Er það ekki einmitt fólk sem átti að slá skjaldborg um? Þá vitum við hvernig það er gert – með aukinni skattheimtu. Eina leiðin til að komast út úr þessari stöðu er að framléiða sig út úr henni. Við skattleggjum okkur ekki út úr kreppunni og aðhaldssemi dugur heldur ekki til að loka 150 milljarða gati. Aukin skattheimta dregur þess utan mátt úr atvinnulífinu sem það má alls ekki við. Hér þarf að hvetja til aukinnar atvinnu- starfsemi og skapa henni skilyrði.

Það gengur ekki að hér fari hundruð manna á atvinnuleysis- skrá á dag. Þessu verður ekki breytt nema með almennum aðgerðum, stöðugleika í gjaldmiðlinum og miklu lægri vöxtum. Þetta vita allir og viðurkenna, en síðasta vaxta- lækkun sýnir svo ekki verður um villst að stjórnvöld eru hvorki að hugsa um hag heimila né fyrirtækja í landinu. Nær allar aðrar þjóðir eru komnar með stýrivexti upp á 0-2% en við erum enn með 15,5% stýri- vexti, væntanlega þá til þess að slá á þenslu!

*Höfundur er í öðru sæti á lista Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi.*

# Við mælum heyrnina þína ókeypis!

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu næst þegar þú átt leið í Kringluna. Það tekur aðeins stutta stund að fá heyrn sína mælda, en getur bætt lífsgæði þín um alla framtíð.

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Háþrúð heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

TRYGGINGASTOFNUN  
TEKUR ÞÁTT Í GREIÐSLU  
HEYRNARTÆKJA!

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin, Kringlunni • Tímá pantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is



Laugardaginn 18.apríl

# Ferða- fagnadur

Veist þú hvað er í boði hér heima?

Allir viðburðir ókeypis  
eða á kostnaðarverði!



SKAFAKINN.AUGLISINGASTORA

[www.ferdafagnadur.is](http://www.ferdafagnadur.is)



Reykjavíkurborg



SIMONE DE BEAUVOIR  
LÉST ÞENNA DAG ÁRIÐ 1986.

„Maður fæðist ekki kona  
heldur verður kona.“

Beauvoir var franskur rithöfundur og heimspekingur. Hún er þekktust fyrir fræðirit sitt *Le Deuxième Sexe (Hitt kynið)* frá 1949 en þar er að finna ítarlega athugun og greiningu á kúgun kvenna. Er ritið talið hafa lagt grunninn að samtímafeminisma.



ÞETTA GERÐIST: 14. APRÍL 1987

## Flugstöð Leifs Eiríkssonar er vígð

Á þessum degi árið 1987 var Leifstöð, flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurlugvelli, vígð að viðstöddum um þrjú þúsund gestum.

Tilgangur flugstöðvarinnar var að skilja að almannaflyg og starfsemi varnarliðsins. Bandaríkjamenn og Íslendingar skiptu með sér kostnaði við verkið og greiddi Bandaríkjaþjórn um tvo þriðju heildarkostnaðar sem var um þrjár milljarðar króna. Rekstur flugstöðvarinnar var á hendi Flugmálastjórnar Keflavíkurlugvallar til ársins 1998 er ríkisstofnunin Flugstöð Leifs Eiríkssonar var sett á fót til að annast flugstöðvarreksturinn. Árið 1999 voru Friðhöfnin á Keflavíkurlugvelli og Flugstöð Leifs Eiríkssonar sameinaðar í eitt hlutafélag í eigu ríkisins.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. var stofnað með lögum frá Alþingi í maí 2000 og tók við öllum rekstri flugstöðvarinnar, fasteign og skuld-



bindingum 1. október sama ár. Félagið var gert að opinberu hlutafélagi árið 2007.

Flugstöðin stækkaði um 16.000 fermetra þegar suðurbygging hennar var tekin í notkun 25. mars 2001. Framkvæmdir við stækkun og breytingar á norðurbyggingu flugstöðvarinnar hófust í október 2005 og lauk vorið 2008.

### MERKISATBURÐIR

- 1695 Hafís rekur inn á Faxaflóa í fyrsta sinn síðan 1615. Ísinn hafði rekið suður með Austurlandi og svo vestur með Suðurlandi.
- 1931 Alþingi er rofið og boðað til kosninga. Þingrofið veldur miklum deilum.
- 1962 Handritastofnun Íslands, sem síðar fékk nafnið Árnastofnun, er stofnuð með sérstökum lögum þegar hillir undir lausn handritamálsins.
- 1980 Fyrsta hljómplata Iron Maiden, Iron Maiden, kemur út í Bretlandi.
- 1992 Ráðhús Reykjavíkur er tekið í notkun, nákvæmlega fjórum árum eftir fyrstu skóflustunguna. Byggingarkostnaður er á fjórða milljarð króna.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kjartan Sveinsson,**

Símaverkstjóri,  
frá Vík í Mýrdal,

andadist á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 6. apríl verður jarðsönginn frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 14. apríl kl. 13:00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á líknar- og hjálparstofnanir.

Þórir Kjartansson  
Sveinn Kjartansson  
Eyrún Kjartansdóttir  
Sigrún Kjartansdóttir  
börn, tengdabörn og barnabörn.

Friðbjört Elísabet Jensdóttir  
Hólmfríður Böðvarsdóttir  
Haukur Helgason  
Þorbjörn Jónsson



Hjartkær bróðir okkar,

**Ólafur Snæbjörn Bjarnason**

frá Blöndudalshólum,

lést á Kristnesspítala 2. apríl. Útförin fer fram frá Glerárkirkju fimmtudaginn 16. apríl kl. 14.

Ingibjörg Bjarnadóttir  
Elín Bjarnadóttir  
Jónas Bjarnason  
Kolfinna Bjarnadóttir.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Ólafur Jens Pétursson**

Álfhólsvegi 68, Kópavogi,

verður jarðsönginn frá Digraneskirkju miðvikudaginn 15. apríl kl. 13.00.

Áslaug Gunnsteinsdóttir  
Gunnsteinn Ólafsson  
Pétur Már Ólafsson  
og barnabörn.

Eygló Ingadóttir  
Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

Hringdu í síma

**512 50 60**

ef blaðið berst ekki



SANDRA ERLINGSDÓTTIR AFMÆLISBARN „30's is the new 20's," segir gleðipinninn Sandra, sem lætur sig ekki muna um að flytja til landsins sinn uppáhalds listamann í tilefni af afmæli sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GULLSMÍÐURINN OG DANSKENNARINN SANDRA ERLINGSDÓTTIR: ER PRÍTUG Í DAG

# Flutti inn uppáhalds dj-inn og heldur risapartí á Jacobsen

Sandra Erlingsdóttir, gullsmíður, afró-drottning Íslands, hippoppari og kennari, fagnar þrjátíu ára afmæli í dag. Sú staðreynd að þrjátíu komi í staðinn fyrir tuttugu og eitthvað fer ekkert fyrir brjósti á Söndru, sem er ferskari en nokkru sinni. „Nei, nei, þetta er bara snilld; veistu ekki að „30's is the new 20's“," segir hún hlæjandi og vitnar í lag eftir tónlistarmanninn Jay-Z. „Það er bara rugl að vera tuttugu og eitthvað. Nú er ég komin á besta aldurinn og veit alla vega hvað ég vil.“

Söndru dugar ekkert vöffluböð á stórafmælinu. Hún fékk því skemmtistaðinn Jacobsen í lið með sér til að flytja inn einn af sínum uppáhaldstónlistarmönnum til að skemmta sér og öðrum næsta föstudagskvöld. Þetta er plötusnúðurinn, taktasmiðurinn og mynd-

listarmaðurinn Ge-ology. „Ég kynntist honum þegar ég bjó í Brooklyn fyrir nokkrum árum. Hann kom í afmæli til sambýliskonu minnar og við smullum saman. Í dag er hann einn af mínum bestu vinum. Mig hefur lengi langað til að fá hann hingað heim að spila. Ég hef nokkrum sinnum verið viðstödd gigg hjá honum og þau eru alltaf frábær, það myndast alltaf ótrúleg stemning hjá honum. Hann er ótrúlega fær dj, fer með mann í ferðalag um marga tónlistarstíla, spilar meðal annars fönk, soul, hiphop, house og reggi.“

Ge-ology er þekktur í hiphopinu og hefur meðal annars gert takta við lög de la Soul, Mos Def, Talib Kweli og Jill Scott. Hann byrjaði ungur í bransanum og var meðal annars með Tupac Shakur í grúppunni Born Busy á unglingsárunum.

Hann hefur gefið út eina sólóplötu, Ge-ology Plays Ge-ology.

Partíð verður haldið á Jacobsen næsta föstudagskvöld, þann 17. apríl. Húsið opnar klukkan 22 og hvetur Sandra fólk til að mæta snemma, enda verði hitað upp á báðum hæðum. Á fyrstu hæðinni verða dj Intro og dj B-Ruff og í kjallaranum þeir Diddi Fel, Sesar A, Emmssjé Gauti og dj Kocoon. Dj Danni Deluxe tekur svo við og klárar kvöldið þegar Ge-ology hefur lokið sínu.

Sandra ætlar að taka lífinu með ró í dag og undirbúa sig fyrir helgina. „Ge-ology kemur til landsins í dag svo ætli ég taki ekki bara á móti honum, fari kannski með hann á rúntinn; sýni honum Bláa lónið og svona.“

holmfridur@frettabladid.is

## Fyrsta umhverfisvottaða byggingin

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur auglýst eftir tilboðum í byggingu Gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Skriðuklaustri, en hún verður fyrsta byggingin hér á landi sem verður byggð samkvæmt vottuðum vistvænum byggingarstöðlum. Útboðið er unnið samkvæmt nýsamþykktri stefnu ríkisstjórnarinnar um vistvæn innkaup.

Þær byggingar sem um ræðir eru gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Skriðuklaustri og þjóðgarðsmiðstöð



VISTVÆNT Meðal markmiða við hönnunina er að takmarka neikvæð umhverfisáhrif.

á Hellissandi. Meðal markmiða við hönnun bygginganna er að takmarka neikvæð umhverfisáhrif, skapa heilnæman vinnustað, minnka

rekstrarkostnað og stuðla að góðri ímynd. Stefnt er að því að byggingarnar verði vottuðar sem vistvæn mannvirki samkvæmt vottunarkerfi

BREEAM (British Building Research Establishment Environmental Assessment Method) en það gerir ákveðnar kröfur til verktaka meðal annars varðandi verklag á vinnustað og innkaup á byggingarefnum. Vistvæn innkaup fela í sér margs konar ávinning fyrir kaupendur, birgja og samfélagið, að því er fram kemur í tilkynningu frá ráðuneytinu. Þar segir jafnframt að þau dragi úr umhverfisáhrifum og hvetji til nýsköpunar.





**ÞRÓUNARSTOFA HEILSUGÆSLUNNAR** er nýtt heiti yfir Miðstöð mæðraverndar, Miðstöð tannverndar og að nokkru leyti Miðstöð heilsuverndar barna, sem hafa verið settar undir einn hatt.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473 Hugi Garðarsson [hugi@365.is](mailto:hugi@365.is) 512 5447



**GLÓFAXI HE**  
Ármúla 42 - Sími 581 2900  
[glofaxi@simnet.is](mailto:glofaxi@simnet.is)

**Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir**

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

**TILBOÐSVIKA**



10-50% afsláttur af völdum vörum  
mikið úrval af söfum og sófasettum

**Patti Húsgögn**  
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / [www.patti.is](http://www.patti.is)  
Opnunartími: Mánudaga - Fostudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16



Rodriguez lærði taekwondo hjá Ramiro Guzman og hefur kennt og haldið fjölda fyrirlestra um allan heim. Um þessar mundir miðlar hann af reynslu sinni hjá Fjölni og KR þar sem hann kennir bæði fullorðnum og börnum þessa kóresku bardagaíþrótt.

MYND/CESAR RODRIGUEZ

**Meirapróf**



**ÖKU SKÓLINN Í MUÐD**

Upplýsingar og innritun í síma 5670300

**NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 15. APRÍL**

## Sjálfstjórn, snerpa og agi

Rodriguez Luna á að baki farsælan feril, sem spannar marga áratugi, í taekwondo og rekur sex skóla þar sem íþróttin er kennd. Luna er nú fluttur til landsins og miðlar af þekkingu sinni hjá íslenskum félögum.

Rodriguez Luna er þekkt nafn meðal þeirra sem þekkja til bardagaíþróttarinnar taekwondo. Hann hefur unnið til fjölda verðlauna á ferli sínum, sem hófst árið 1973 í Mexíkó þar sem hann braust úr sárri fátækt, og á síðasta ári var hann innlimaður í frægðarhöll taekwondo. Auk þess rekur hann sex taekwondo skóla undir merkjum Absolut TaeKwonDo.

Fyrir hálfu ári réði Taekwondo-samband Íslands Luna til starfa, en hann telur þjóðina eiga góða möguleika að ná langt á næstu Ólympíuleikum. „Ég var ráðinn hingað sem tæknilegur ráðgjafi landsliðsins og er mjög sáttur við það fyrirkomulag, meðal annars í ljósi þess að Íslendingar hafa þann bakgrunn og búa yfir þeim eiginleikum sem þarf til að ná langt í íþróttinni,“ segir Rodriguez og bætir við að landsmenn séu að auki líkamlega

sterkir. „Það kemur sér vel þar sem iðkendur taekwondo þurfa að reiða sig mikið á líkamlega getu og snerpu og svo fæturna, gagnstætt til dæmis því sem gerist í karate þar sem áhersla er á notkun handa.“

Að hans mati þarf þó meira en líkamlegan styrk til að ná árangri. „Taekwondo gengur líka út á sjálfstjórn og aga, að ná og viðhalda andlegu jafnvægi. Mér finnst mikilvægt að innræta Íslendingum það hugarfar, sérstaklega börnunum, og eins að kenna þeim að bera virðingu hver fyrir öðrum,“ segir hann. „Með rétttri þjálfun tel ég að Íslendingum séu allir vegir færir.“

Ólympíuleikarnir berast í tal. Þeir eru Rodriguez að góðu kunnir því undir hans leiðsögn hefur mexíkóska landsliðið í taekwondo unnið til fjölda verðlauna: tvennra gullverðlauna á Ólympíuleikum í

Peking, silfurs í Aþenu og tvennra bronsverðlauna á leikunum í Sydney. Hann telur Íslendinga allt eins eiga möguleika og Mexíkó á að ná langt, en til þess þurfi þeir þó að leggja talsvert á sig og æfa stíft. „Með rétttri þjálfun gætu þeir komist á leikana og líka heimsmeistararmótið, sem verður haldið í Kaupmannahöfn í október á þessu ári, og snúið aftur heim með verðlaun.“

Óhætt er að segja að Rodriguez hafi haft í nógu að snúast síðan hann settist að á Íslandi. Hann hefur kennt taekwondo víðs vegar um landið og er nú með námskeið hjá KR og Fjölni þar sem hann kennir bæði fullorðnum og börnum þessa fornu bardagalist. „Og þar hef ég meðal annars komist að raun um að Íslendingar hafa þetta allt í hendi sér,“ segir hann bjartsýnn.

[roald@frettabladid.is](mailto:roald@frettabladid.is)

**Ekki gera ekkert við stafrænu myndirnar!**  
Láttu framkalla myndirnar þínar.

200 myndir á **5.400 kr.**



**myndval**  
Þönglabakka 4 (Mjódd) sími 557 4070  
[myndval@myndval.is](mailto:myndval@myndval.is)  
[www.myndval.is](http://www.myndval.is)

 Eirberg

**Rafknúnir hæginda-stólar**



- Auðvelda þér að standa upp
- Einfaldar stillingar og fjölbreytt úrval

[www.eirberg.is](http://www.eirberg.is) • 569 3100 • Stórhöfða 25

**VÍSIR.IS**  
„...ég sá það á vísi“





## Næstu fyrirlestrar og námskeið

### Heilsuvörumarkaður

Opið virka daga kl. 10-20  
laugardaga kl. 10-17



**maður lifandi**

Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

[www.madurlifandi.is](http://www.madurlifandi.is)

14. apríl Sætufernið Aspartam - Er Diet kók betra en venjulegt kók?  
Haraldur Magnússon osteópatí

16. apríl Hvað er málið með aukakílóin?  
Matti Ósvald heilsufræðingur

18. apríl Hláturjoga með jákvæðu styrkjandi ívafi  
Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari

21. apríl Spa dekur  
Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir

22. apríl Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?  
Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari

## Bombay og Hollywood

Nú á vordögum stendur til boða svokallað Bollywood-námskeið hjá Kramhúsinu sem hefst 21. apríl en þar kennir Rosana Davud seiðandi danshreyfingar frá Bollywood í takt við hressandi tónlist.

„Sex vikna Bollywood-námskeið hefst í Kramhúsinu 21. apríl næstkomandi og verður kennt á þriðjūdögum. Kramhúsið var með Bollywood-námskeið fyrir nokkrum árum þar sem fenginn var erlendur gestakennari en á þeim tíma var ég einnig að kenna á Bollywood-námskeiði í öðrum dansskóla þar sem ég lærði Bollywood-dans fyrst,“ segir Rosana Davud, danskennari.

„Áhugi á Bollywood-dansi hefur vaknað aftur í kjölfar kvikmyndarinnar Viltu vinna milljón eða Slumdog Millionaire, eins og hún kallast á ensku. Í lokaatriði hennar er Bollywood-dansatriði en annars sést þessi dans gjarnan í indverskum kvikmyndum sem framleiddar eru af Bollywood,“ segir Rosana áhugasöm og nefnir að Bollywood sé blanda af orðunum Bombay og Hollywood.

„Dansinn er blanda af indverskum þjóðdönsum og nútíma „free-style“ þar sem svipbrigði og leikræn túlkun skipta höfuðmáli. Á námskeiðinu verða grunnsporin kennd, aðalflugtök dansins og dansspor við aðalag kvikmyndarinnar Viltu vinna milljón sem heyrst sí og æ í útvarpinu í dag,“ útskýrir Rosana áhugasöm og bætir við: „Þetta er mjög góð líkamsrækt sem inniheldur mikla gleði og brennslu og er námskeiðið byrjendanámskeið, opið öllum.“

Markmið aðstoðarmanneskju er að stuðla að tækifærum mínum til þátttöku í samfélaginu og að viðhalda og auka lífsgeði mín. Æskilegt er að hún hafi bílpróf því ég hef eigin bíl til umráða. Jákvæðni, sveigjanleiki og virðing er lykillinn að farsæld í okkar samstarfi. Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrár ásamt meðmælum berist á netfangið: asdisjenna hjá simnet.is Með fyrirfram þökk, Asdís Jenna Ástráðsdóttir

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Símapjónusta Spjaldömur**

S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar

## SÍMAPJÓNUSTUR

**Stefnumót**  
905-2000 (símatorg)  
535-9920 (kreditkort)  
535-9923 (frítt, karlar)  
555-4321 (frítt, konur)  
**Spjall**  
904-5454 (símatorg, karlar)  
535-9940 (kreditkort, karlar)  
555-4321 (frítt, konur)  
**Gay spjall**  
535-9988 (kreditkort)  
**Sögur**  
905-2002 (símatorg)  
535-9930 (kreditkort)  
**Spjaldömur**  
908-6000 (símatorg)  
535-9999 (kreditkort)



Þjónusta

# Er kominn í þig vorhugur?

**Ertu að undirbúa tiltekt í bílskúrnunum, jarðvinnu eða einhverjar aðrar framkvæmdir?**

Gámaþjónustan hf. býður nú þjónustu með opna og lokaða gáma á sérstöku tilboði. Það inniheldur leigu í allt að viku, akstur til og frá, losun og eyðingargjöld. **Allt á föstu verði!**

Upplýsingar í síma 535 2510

SÖLUDÉLID HRINGHELLU 6



**GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**  
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Söludeild Hringhelli 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510 • gamar@gamar.is • www.gamar.is

Útboð / Tilboð

## Útboð / Tilboð

Strendingur ehf verkfræðiþjónusta, fyrir hönd verkkaupa, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við uppslátt og uppsteypu einbýlishúss miðsvæðis í Reykjavík. Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 30. september 2009.

Útboðsgögn verða aðgengileg á skrifstofu Strendings, Fjarðargötu 13-15 Hafnarfirði. Gegn 2.500 kr gjaldi Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Strendings, 22. apríl 2009 klukkan 11.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska

Nám

## Nám í Danmörku

**Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.**

Erhvervsakademiet Lillebælt (áður Odense Tekniske Skole) heldur kynningu á námi við skólann, fimmtudaginn 16. apríl kl. 20.00 í Húsi Meistaranna að Skipholti 70, þar sem eftirfarandi námsgreinar verða kynntar.

- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Margmiðlunarhönnun

Erhvervsakademiet Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann.

Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is



Til sölu



**Verkalýðsfélagið Hlíf**

Reykjavíkurvegi 64 - 220 - Hafnarfjörður  
Sími 5550944 - Fax 5654055 - Netfang: hlif@hlif.is

### AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn miðvikudaginn 15. apríl 2009 kl: 20:00, í Skútunni, Hólshrauni 3. Hafnarfirði.

- Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
  2. Kosning í kjörstjórn.
  3. Önnur mál.

Kaffiveitingar.

Stjórnin.

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð **Blaðberann þinn** í Skaftahlíð 24  
alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið






VELDU ÚR 13 TEGUNDUM Í NÆSTU BÚÐ

# SÓMA SALAT

NÝ SALATLÍNA FRÁ SÓMA SEM BYGGÐ ER Á LANGRI REYNSLU AF SAMLOKUGERÐ


**SÓMI**


## NOKKUR ORÐ Freyr Gígja Gunnarsson

### Freistingin á náttborðinu

Þáskarnir kölluðu fram þörf til að rýna eilítið í hina heilögu bók og velta upp boðskap hennar. Enda nauðsynlegt að vita af hverju maður er í fimm daga frí frá vinnunni. Burt séð frá því hvaða trúarbrögð menn aðhyllast eru flestir sammála um að Biblían er ansi mögnuð lesning enda ekki margar bækur sem fjalla um samband mannverunnar við æðri máttarvöld af jafn miklum þunga og sannfæringu.

Af einhverjum ástæðum festist ég aðallega í frásögnum af glímu mannsins við freistinguna. Eflaust réð tíðarandinn þar mestu og sagan af eyðimerkurgöngu Jesú, þar sem skrattinn sjálfur reynir að freista hans með gulli og grænum skógum er stórbrotin, kölski alltaf jafn undirföru og veit sínu viti þegar kemur að því að finna veiku blettina í breysku eðli

mannsins: mannskepnan virðist eiga auðvelt með að falla fyrir völdum og ríkidæmi. Jesú var auðvitað ekki nema hálfur maður í Biblíunni og hálfur Guð og gat því staðist glæsilegt tilboð frá helvíti.

Ef til vill hefði þessi saga mátt liggja á náttborði valda-stéttarinnar sem nú horfist í augu við þá bláköldu staðreynd að sá sem birtist þeim í eyðimörkinni, reisti þá upp frá örbirgð og vossbúð var ekki þarfi þjónninn með vatnssopann heldur Lúsifer í dulargervi.

Kannski hefðu stjórnálmennirnir mátt lesa söguna af Júdas sem sveik herra sinn fyrir þrjátíu silfurpeninga. Í það minnsta eiga örsögur Biblíunnar af baráttunni við freistinguna vel við í nútímanum, svo lengi sem mennirnir eru reiðubúnir til að festa verðmiða á sálu sína og samvisku.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



**HARMAGEDDON**  
HLUSTIÐ - TRÚIÐ - HLYÐIÐ  
FROSTI & MÁNI ALLA VIRKA DAGA KL. 15-17



# Gervais fær Ralph Fiennes

Breska gamanleiksgoðsögnin Ricky Gervais undirbýr nú fyrstu kvikmyndina sína í leikstjórnunum ásamt félaganum sínum og vini Stephen Merchant. Þetta tvíeyki á heiðurinn af bresku sjónvarpsþáttunum *The Office* sem fóru sigurför um heiminn á sínum tíma. Ricky hefur átt fremur auðvelt með að lokka til sín stórstjörnur eins og aðdáendur *Extras* ættu að þekkja og nú hefur verið tilkynnt að stórleikarinn Ralph



**GÓÐIR SAMAN** Rickey Gervais ætlar að setjast í leikstjórnastólinn og leikstýra mynd um bankastarfsmenn á áttunda áratug síðustu aldar.

Fiennes muni leika eitt aðalhlutverkanna í myndinni.

Myndin hefur fengið nafnið *Cemetery Junction* og fjallar um hóp bankastarfsmanna í kringum áttunda áratug síðustu aldar. „Ég hitti Fiennes á kvikmyndahátíðinni í Toronto og sagði við hann að ég hefði skrifað hlutverk handa honum. Svo sendi ég honum handritið og viti menn, hann sló til,“ segir Gervais. „Fiennes er ótrúlegur leikari sem á eftir að gefa myndinni meiri vigt og ég get bara ekki beðið eftir að byrja vinna með honum,“ bætir Gervais við. Áætlað er að tókur hefjist seinna á þessu ári.



**NÝ HLÍÐ** Ralph Fiennes hefur hingað til leikið furðufugla og þríta en ætlar að snúa sér að gamanleik með Gervais.

# Brown á stefnumóti

Rapparin Chris Brown er sagður hafa átt stefnumót við fyrrverandi heitmeysu sína, Ericu Jackson. Brown komst í kastljós fjölmiðlanna þegar hann lamdi þáverandi unustu sína, poppstjörnu Rihönnu, skömmu eftir Grammy-verðlaunin. Brown hefur síðan þá ekki átt sjö dagana sæla því bandarískir fjölmiðlar hafa keppt um að níða af honum skóinn.



**CHRIS BROWN**

Erica og Brown hafa áður ruglað saman í nokkrum árum og heimildar- maður *New York Daily News*

sagðist hafa heimildir fyrir því að þau hefðu byrjað saman á ný fyrir nokkrum vikum. *Daily News* bætti síðan um betur og sagði hið nýja par hafa sótt húðflúrstofu í Los Angeles.

Talsmaður Brown brást hins vegar skjótt við og sendi frá sér mjög afdráttarlausu yfirlýsingu: „Hann fór á húðflúrstofu með manni að nafni Dean frá upptökuverinu. Það var kona með í för sem var vinkona Dean. Það er ekkert rétt í þessari frétt. Chris þekkir ekki konuna né veit hvað hún heitir.“

# Miley Cyrus á allra vörum

Táningsstirnið Miley Cyrus átti mikilli velgengni að fagna um helgina enda sló myndin hennar, *Hannah Montana: The Movie*, rækilega í gegn og komst í efsta sætið yfir vinsælustu bandarísku kvikmyndirnar.



Til að lyfta sér aðeins upp í tilefni dagsins ákvað Miley að bjóða fyrrum kærasta sínum, tónlistarmanninum Nick Jonas, út að borða. Jonas og Hannah eiga ýmislegt sameiginlegt því þau eru bæði

**Á TOPPNUM** Miley Cyrus er á hátíndi ferils síns um þessar mundir en myndin hennar, *Hannah Montana: The Movie* var vinsælust þar vestra um helgina.

stjörnur á vegum Disney-fyrirtækisins líkt og Britney og Justin voru á sínum tíma.

Skötuþjúin sátu að snæðingi á veitingastaðnum *Village Idiot* og vöktu óskipta athygli nærstaddra og paparazzi-ljósmyndara. Hins vegar tókst Nick ekki betur upp en svo að þegar hann hugðist aka af stað á bíl sínum ásamt Miley keyrði hann utan í annað ökutæki og rispaði það töluvert. Cyrus og Nick hættu saman í fyrra en hún hefur síðan þá sést með fyrirsætunni Justin Gaston.

# Emma sest á skólabekk

Breska leikkonan Emma Watson hefur ákveðið að flytjast til Bandaríkjanna. Samkvæmt fregnum í breskum fjölmiðlum hefur henni verið veitt innganga í hinn virta Brown-háskóla á Rhode Island.

Emma, sem þekktust er fyrir hlutverk sitt í *Harry Potter*-myndunum, tilkynnti fyrir skemmstu að hún ætlaði að hvíla sig á kvikmyndaleik til að ná sér í háskólagráðu. Hún sótti um inngöngu í fjölda skóla í Bretlandi og Bandaríkjunum en hefur nú ákveðið að læra í Brown.



**SEST Á SKÓLABECK** Emma Watson, sem leikur Hermione Granger í *Harry Potter*-myndunum, ætlar í háskólanám í Bandaríkjunum.

— FYRIR ALLA SEM ELDA —

**NÝJAR UMBÚÐIR**  
SÝRÐUR RJÓMI HEFUR FENGIÐ NÝTT ÚTLIT

## ÞRÍR GÓÐKUNNINGJAR

Sýrður rjómi er góðkuningi allra sem elda og ætti alltaf að vera til í ísskápnum því hann hentar vel í alla matargerð, hvort sem það er í sósur, bakstur, salöt, heita rétti, ídýfur eða súpur. Svo er hann líka góður með eftirréttnum.

### Bakaður fiskur

## MEÐ KOTASÆLU OG SÝRÐUM RJÓMA

- 600 g þorsk- eða ýsuflök
- 100 g blaðlaukur
- 1 stk. rauð paprika
- 200 g rækjur
- 180 g sýrður rjómi
- 200 g kotasæla með hvítlauk
- 2 dl söxuð fersk basilika
- 100 g gratinostur
- salt
- nýmalaður svartur pipar

Skerið fiskinn í bita og raðið í smurt eldfast mót, bætið í rækjunum, fintskornum blaðlauk og paprika. Kryddið með salti og nýmöluðum svörtum pipar. Hrærið saman sýrða rjómanum, kotasælunni og basilikunni. Hellið yfir fiskinn og stráðið loks gratinostinum yfir. Bakið við 180 °C í u.þ.b. 20 mínútur.

Vinir mínir elda rétti sem heita eftir mér

[www.ms.is/gottimatinn](http://www.ms.is/gottimatinn)





NEIL YOUNG



ST. VINCENT

## Jónsi og Alex gefa út plötu

Jón Þór Birgisson, söngvari Sigur Rósar, og Alex Somers kærasti hans gefa út plötu 20. júlí næstkomandi. Þeir hafa um nokkurra ára skeið sýnt myndlist sína saman undir nafninu Riceboy Sleeps og plata þeirra verður einnig gefin út undir því nafni.

Platan inniheldur níu lög sem öll voru tekin upp hér á landi. Lögin kallast Happiness, Atlas Song, Indian Summer, Stokkseyri, Boy 1904, All the Big Trees, Daniell in the Sea, Howl og Sleeping Giant.

Þeir félagar njóta aðstoðar stelpnanna í strengjartettinum Amiinu og kórs sem kallast Kópavogsdætur.

Liðsmenn Sigur Rósar eru í fríu eftir að langri tónleikaferð þeirra um heiminn lauk á síðasta ári.



PLATA Á LEIÐinni Jónsi og Alex Somers gefa út plötu undir nafninu Riceboy Sleeps. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



### > Plata vikunnar

Eberg - Antidote

★★★★

„Eberg fylgir eftir hinna frábæru Voff, voff með finni plötu. Nútímaleg tónlist með sterkar rætur í sigldri popplagahefð.“

### > Í SPILARANUM

Neil Young - Fork in the Road  
Fever Ray - Fever Ray  
Doves - Kingdom of Rust  
Bat for Lashes - Two Suns  
St. Vincent - Actor

# tónlist

tonlist@fréttablaðið.is



### TÓNINN GEFINN Trausti Júlíusson

## Óvenjulegar poppstjörnur

Sögur af tónlistarmönnum sem hafa brotist úr sárrí fátækt og orðið heimsfrægir hafa lengi heillað fólk. Svoleiðis sögur eru orðnar sjaldgæfar á Vesturlöndum, en þær gerast enn í þriðja heiminum. Gott dæmi um það er hljómsveitin Staff Benda Bilili frá Kinshasa í Kongó, en flestir meðlimir hennar eru lömunarveikir götuspillarar.

Tónlistarmenn frá Kongó hafa vakið athygli síðustu ár. Þar á meðal má nefna Konono No1 sem komu hingað til lands á Listahátíð sællar minningar og hljómsveitina Kasai Allstars sem sendi frá sér fína plötu í fyrra.

Báðar þessar sveitir voru uppgötvaðar af upptökustjóranum Vincent Kenis og gefnar út hjá belgíska útgáfufyrirtækinu Crammed Discs. Það sama á við um Staff Benda Bilili.

STJÖRNUR Staff Benda Bilili er heitasta nýja nafnið í heimstónlistinni í dag.

Starfandi í nokkur ár. Kjarninn í sveitinni er gamlir lamaðir götuspillarar sem ferðast um á sérútbúnum mótör- og reidhjólum, en til liðs við þá hafa líka gengið yngri menn. Sá sem vekur mesta athygli er strákur að nafni Roger sem sveitin tók upp á sína arma eftir að hafa séð hann spila fyrir smápeninga fyrir utan verslun í borginni. Hann spilar á strengjahljóðfæri sem hann fann upp sjálfur og er gert úr málningardós, tréboga og einum streng. Á þetta hljóðfæri sýnir hann snilldartakta.

Staff Benda Bilili heillaði bæði evrópska og afríska tónlistarmenn og blaðamenn þegar Africa Express-hópur Damons Albarn heimsoitti Kinshasa í fyrra. Síðan hefur leiðin legið upp á við hjá sveitinni. Fyrsta plata Staff Benda Bilili er nýkomin út. Hún heitir Trés trés fort og var tekin upp 2007. Tónlistin er léttleikandi sambland af þjóðlegri rumbu frá Kongó, kúbverskri dægurtónlist, reggí og fönki. Flott plata sem hefur vakið mikla athygli, en Staff Benda Bilili prýðir forsiðu apríl/maí útgáfu bresku heimstónlistarbiblíunnar Songlines.



YEAH YEAH YEAHS Það kveður við nýjan tón hjá Yeah Yeah Yeahs á nýju plötunni, en hún var unnin með hjálp upptökustjóranna Nick Launey og David Sitek úr TV on the Radio.

## Ný leiftursókn frá New York

New York-sveitin Yeah Yeah Yeahs var ein af þeim sveitum sem fengu athygli í kjölfar vinsælda The Strokes. Það fer ekki mikið fyrir The Strokes í dag, en þau Karen O, Brian Chase og Nick Zinner sem skipa Yeah Yeah Yeahs voru að senda frá sér nýja plötu, *It's Blitz!*, sem margir telja þeirra bestu hingað til. Trausti Júlíusson hlustaði á gripinn.

„Það var svo mikil reiði á Show Your Bones að við urðum að komast út úr því. Það er alveg nóg af þunglyndislegu indí-rokki fyrir! Málið er líka að ef þú ætlar í frí og þú ert þegar búinn að fara til Egyptalands og Parísar þá ferðu varla aftur til Egyptalands og Parísar...“ segir Nick Zinner gítar-, bassa- og hljómborðsleikari Yeah Yeah Yeahs í nýlegu viðtali við Mojo. Ný plata sveitarinnar *It's Blitz!* sem var að koma út er töluvert frábrugðin fyrri plötunum. Á henni notast sveitin við hljóðgervla í fyrsta sinn og yfirbragðið

er jákvæðara en áður. Krafturinn er samt enn til staðar.

### Mögnuð tónleikasveit

Yeah Yeah Yeahs var stofnuð í New York árið 2000. Hún vakti fljótt athygli og var eftir nokkra mánuði farin að hita upp fyrir The Strokes og The White Stripes. Tónlistin var þeirra útfærsla af hráu bílskúrsþönki. Sveitin sendi frá sér EP-plötuna *Yaeh Yeah Yeahs* síðla árs 2001 og árið 2003 kom fyrsta platan, *Fever to Tell*. Báðar vöktu mikla athygli. Sveitin varð líka þekkt sem ein öflugasta tónleikasveitin á senunni, ekki síst fyrir mögnuð sviðstillþrif Karenar O. Þetta sést vel á tónleika DVD-disknum *Tell Me What* *Rockers to Swallow* sem kom út árið 2004. Ég hvet alla sem hafa ekki skoðað þá útgáfu að gera það hið fyrsta.

### Aftur kallað á Nick Launey

Árið 2006 kom önnur plata Yeah Yeah Yeahs í fullri lengd, *Show Your Bones*. Hún var smá vonbrigði þrátt fyrir fín lög inn á milli, t.a.m. hið ofurgrípandi *Gold Lion*. Eftir *Show Your Bones* fór sveitin í smá hlé, en gaf samt út fimm laga EP-plötuna *Is Is* árið 2007. Sú var tekin upp með upptökustjóranum Nick Launey sem

á að baki glæstan feril og stjórnaði m.a. upptökum á *Release the Bats* og *Junkyard* með *Birthday Party* og plötum með *PiL*, *Nick Cave*, *Arcade Fire* o.fl. Þegar sveitin ákvað að gera nýja plötu var aftur kallað á Launey, en að auki var gamall góðvinur sveitarinnar, galdramaðurinn David Sitek úr *TV on the Radio*, fenginn til samstarfs.

### Rokk og hrátt rafpopp

*It's Blitz!* var tekin upp í fjór-um hljóðverum í fjórum ríkjum Bandaríkjanna. Stærstur hluti hennar var tekin upp í eyðimerkurstúdíói fyrir utan El Paso í Texas, rétt við landamæri Mexíkó, en einnig var tekið upp í sveita-hljóðveri í Massachusetts og hjá Dave Sitek í Brooklyn. Eins og áður segir kveður við nýjan tón á *It's Blitz!* Sveitin notar hljóðgervla í fyrsta sinn, en fer sínar leiðir og útkoman er flott plata sem á eru kraftmikil rokkög og líka hrá rafpöplög. Einhvern veginn smellur þetta hjá þeim og mann grunar að Dave Sitek eigi sinn þátt í flottum hljóðheiminum. Viðtökurnar eru ekki af verri endanum: Fimm stjörnur í *Q Magazine*, 81/100 hjá *Pitchforkmedia* og 4/5 í *NME*, *Mojo*, *Rolling Stone* og *Uncut*...

## Spennitur fyrir Oasis-bræðrum

Rapparin Cee-Lo úr hljómsveitinni Gnarls Barkley er áhugasamur um að rokka aðeins upp hljóðheim sveitarinnar. Það vill hann gera með því að vinna með bresku rokkurunum úr Oasis. Cee-Lo skipar hljómsveitina með taktsmíðnum *Danger Mouse* og þeir félagar eru helst þekktir fyrir fönkað sánd sitt. En rapparin er sannfærður um að gott eitt geti komið út úr þessu samstarfi.

„Ég er búinn að vera að hlusta á nýju Oasis-plötuna og hún er flott,“ segir Cee-Lo. „Þegar ég var í London hékk ég aðeins með Noel og við skemmtum okkur vel. Ég væri til í að gera eitthvað sérstakt með þeim.“



GNARLS BARKLEY Rapparin Cee-Lo vill vinna með Oasis.

# Takk fyrir vatnið

907 2002



Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is





## + Hættu nú alveg

**Það er mál að hætta að reykja** því fíknin er lúmskur andstæðingur. Þá getur verið gott að eiga bandamann í Lyfju. Við erum reykingamönnum innan handar þegar sígarettunni sleppir.

Í Lyfju Lág múla bjóða lyfjafræðingar inngripsmeðferð sem ráðið getur úrslitum í baráttu þinni við löngunina í tóbak. Þeir hjálpa þér að greina vandann, sigrast á vananum og takast á við leiðann sem oft fylgir því að hætta að reykja.

### Hugaðu að heilsunni í Lyfju

- + Í **Lyfju Lág múla** býðst þér stutt viðtal við lyfjafræðing eða lyfjatækni sem veitir þér stuðning og hollráð til að hætta að reykja.
- + **Heilsufarsmælingar**, s.s. á blóðþrýstingi, blóðfitu og kolmónoxíði.
- + **Nicorette – reyklusa bókin** fæst í öllum apótekum Lyfju.
- + **Lyfja** býður öll lyfjaform Nicorette.

Við minnum á reyksímann: **800 6030** og [reyklus.is](http://reyklus.is)



+ Gildir út apríl 2009

**15% afsláttur**+

á **NICORETTE** tyggjói í 210 stk. pk.  
Fruitmint, Freshmint og Spicemint.



# Jennifer Aniston toppar Jolie

## > GJAFMILD SÖNGKONA

Madonna gaf hvorki meira né minna en 500.000 dollara til fórnarlamba jarðskjálftans sem reið yfir Ítalíu aðfaranótt mánuðags. Rúmlega 200 manns létust og fjöldi fólks hefur misst hús sín. Söngkonan bað sérstaklega um að peningunum yrði varið í uppbyggingu í Abruzzo-héraðinu, en þaðan er faðir Madonnu ættaður.

# fólk

folk@frettabladid



Jennifer Aniston getur glaðst yfir því að hún þénar meira en mesti andstæðingur hennar, Angelina Jolie. Eins og frægt er orðið stakk Jolie undan Aniston þegar hún krækti í Brad Pitt á meðan tókur á Mr. & Mrs. Smith fóru fram. Aniston hefur átt góðri lukku að fagna á ferli sínum þótt ástarmálin hafi ekki fylgt sömu stefnu. Aniston þénaði litlar 27 milljónir Bandaríkjadala á árinu 2008, sem gera riflega þrjú milljarða íslenskra króna. Mestu munar þar um vinsældir kvikmyndarinnar Marley & Me. Jolie lepur svo sem ekkert dauðann úr skel þótt hún fái ekki jafn mikið útborgað og Aniston, tekjur hennar námu tæpum tveimur milljörðum íslenskra króna.

Þær stöllur eiga þó ekki roð í

Beyoncé Knowles því sú ágæta söngkona hefur svo sannarlega komið ár sinni vel fyrir borð. Beyoncé þénaði áttatíu milljónir Bandaríkjadala, sem gera tíu milljarða íslenskra króna. Eiginmaður hennar, rapparinn Jay-Z, færir líka björg í bú því hans tekjur voru á svipuðu róli, rúmlega tíu milljarðar íslenskra króna. Þau skötu hjú ættu því að geta dreypt á fínum vinum og keyrt um á flottum bílum eins og þau hafa gert hingað til þrátt fyrir lausafjárkreppuna sem nú skekur ameríska efnahagskerfið.

**EIN AF PEIM LAUNA-HÆSTU** Jennifer Aniston er ein launahæsta leikkona heims en hún þénaði riflega þrjú milljarða á síðasta ári, sem var meira en Angelina Jolie.

**DROTTNINGIN** Beyoncé Knowles trónir yfir stöllum sínum í bandarískum afþreyingariðnaði, hún fékk tíu milljarða í laun á síðasta ári.



## Lily Allen hætt að reykja

Breska söngkonan segist vera hætt að reykja eftir að hún fékk annað astmakastið á einni viku.

Lily er á tónleikaferðalagi um Bandaríkin og sveltist á skyndibita. Það leiddi til hastarlegs astmakasts. Í kjölfarið óttast söngkonan um röddina og heilsuna og hefur ákveðið að hætta að reykja sigarettur.

Lily Allen skýrði frá þessu á Twitter-síðu sinni.



**HÆTT AÐ REYKJA**

Breska söngkonan Lily Allen fékk astmakast á tónleikaferðalagi og ákvað að hætta að reykja.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Lindsay sögð eiga erfitt uppdráttar

**Sambandslit Lindsay Lohan og Samönthu Ronson hafa verið á forsiðum helstu slúðurblaða heimsins undanfarna daga. Ronson er sögð komin með nýja sem lítur nákvæmlega eins út og Lindsay.**

Breska blaðið Daily Mirror greinir frá nánnum atlotum Ronson og ungrar dökkhærðrar konu á bar í Los Angeles. Sjónarvottar sögðu að vel hefði farið á með þeim og einn þeirra sagðist ekki vera í neinum vafa um að eitthvað meira en bara vinátta byggi þar að baki. „Hún var hins vegar glettilega lík Lindsay, aðeins dekkri yfirlitum en annars alveg nákvæmlega eins,“ sagði sjónarvotturinn glöggi í samtali við The Mirror.

Ekki er víst að frétt Daily Mirror verði til að bæta ástandið hjá Lindsay Lohan því The Sun greinir frá því að hún eigi um sárt að binda þessa dagana, svo vægt sé til orða tekið. Hún hafi þannig litað hárið á sér rautt á sama stað og Britney Spears lét raka það af um árið. Þá hefur leikkonan unga fengið sér nýtt húðflúr og tekið upp gamla síði á borð við drykkju og pöbbarólt. En Lindsay fór akkúrat í meðferð við slíkri hegðun skömmu áður en hún hitti Samönthu.

The Sun greinir frá því að Samantha hafi reynt að hughreysta fyrrum kærustu sína, sagt henni að leita sér hjálpar enda sé það engum til góðs að hún hagi sér svona og þær tali nú reglulega saman í síma. Þetta virðist hafa skilað tilætluðum árangri því Lindsay var lítið úti á næturlífínu um páskahelgina.



## ERFITT

Lífið er erfitt hjá hinni 22 ára gömlu Lindsay Lohan eftir að kærastan hennar, Samantha Ronson, hætti með henni. Hún tók upp gamla síði á borð við drykkju og kráarólt en nokkur vel valin orð frá Samönthu virðast þó hafa róað hana.



SAMTÖK FYRIRTÆKJA  
Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

## “Hvernig á að greiða fyrir heilbrigðisþjónustuna?”

Ráðstefna á vegum Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu á Grand hotel miðvikudaginn 15. apríl kl. 14.00.  
Frambjóðendur svara þessari spurningu og fleiri.

- Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir félags- og tryggingamálaráðherra. Samfylkingu
- Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður Sjálfstæðisflokki
- Jakobína Ingunn Ólafsdóttir stjórnsýslufræðingur. Frjálslynda flokknum
- Sív Friðleifsdóttir alþingismaður. Framsóknar flokkur
- Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra. Vinstri grænir

**Fundarstjóri:** Ævar Kjartansson dagskrárgerðarmaður RÚV

**Setning:** Gísli Páll Pálsson formaður Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu

Purfa einstaklingar að greiða meira úr eigin vasa?

Hvernig aukum við fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinga á öldrunarstofnunum?

Er einkavæðing heilbrigðisþjónustu lausnin?

Er einkarekstur í heilbrigðisþjónustu lausnin?

Eru öldrunarstofnanir sjúkrahús eða félagslegt úrræði?

**Aðgangur ókeypis**







**FALLEG STUND Í LISTASAFNINU** Baldur og Júlíus Frey, synir Rúnars heitins Júlíussonar, mættu á forsýningu myndarinnar ásamt móður sinni Maríu Baldursdóttur.

# Bítlavinir fengu forskot á sæluna

Kvikmyndin Sveitapiltsins draumur var forsýnd í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg á miðvikudagskvöld. Á forsýninguna mættu margir sem fóru í fræga för Hljóma til Liverpool síðasta vor.

Kvikmynd Egils Eðvarðssonar, Sveitapiltsins draumur, var sýnd í Sjóvarpinu um páskahelgina. Forskot var tekið á sæluna á miðvikudagskvöld þegar félögum í FTT og Liverpool-förum var boðið á forsýningu myndarinnar í Listasafni Íslands. Kvikmyndin fjallar um hinstu för Hljóma frá Keflavík til Liverpoolborgar síðasta vor og er að sjálfsögðu helguð minningu Rúnars Júlíussonar



Óli Þórðar úr Ríó Trío og Jóhann G. Jóhannsson komust ekki í Bítlaverðina í vor en fengu stemninguna beint í æð í Listasafni Íslands.

sem lést í árslok 2008. Í myndinni er sýnt frá för um 100 Íslendinga á söguslóðir í Liverpool og frá hinstu tónleikum Hljóma í hinum kunna Cavern-klúbbi. Ljósmyndari Fréttablaðsins tók púlsinn á gestum í Listasafni Íslands, skömmu áður en myndin var sýnd.



Sigurður Flosason, Aðalsteinn Ásberg, Jakob Frímann og Bjartmar Guðlaugsson rifjuðu upp sögur úr ferðinni.



Gunnar Þórðarson og frú voru að sjálf-sögðu á meðal gesta.

“Ófyrirgefánlega gaman og nærandi fyrir sálina!”

## Skapandi skrif



með Þorvaldi Þorsteinssyni

(Skilaboðaskjóðan, Blíðfinns-bækurnar, Vasaleikhúsið, And Björk of Course...)

- \* Viltu kynna sagnameistarann sem í þér býr?
- \* Vantar þig leiðsögn og hvatningu?
- \* Hvort sem þú ert að feta þín fyrstu skref eða hefur reynslu af skrifum þá er þetta námskeið sem nýtist þér!

Tryggðu þér sæti á síðustu námskeið vetrarins!

**20. - 30. apríl** grunnnámskeið *Skráning langt komin*

**11. - 21. maí** grunnnámskeið *Skráning hafin*

**25. maí - 4. júní** framhaldsnámskeið *Skráning hafin*

Nokkrar umsagnir þátttakenda:

“Frábært nesti til lífstíðar.”

“Meiriháttar upplifun, - opnar óendanlega möguleika.”

“Fær mann til að hugsa upp á nýtt.”

Námskeiðin eru haldin í **RopeYoga setrinu** í Laugardalnum.

Upplýsingar og skráning á [kennsla.is](http://kennsla.is)

T-Rex er ekki bara dauð heldur meira að segja útdauð, en hún stelar alltaf athyglinni á **Natural History Museum** í London.

» Heimsborgir

# Ævintýrin gerast í Køben og London!

Glyptoteket í Kaupmannahöfn er ævintýraheimur út af fyrir sig - og náttúrulega þig.

**Njóttu lífsins í London eða Køben!**

Skelltu þér til London eða Kaupmannahafnar. Það er alltaf nóg um að vera í þessum skemmtilegu borgum, hvort sem þú vilt hasar eða huggulegheit.

Bókaðu ferð á betra verði til London eða Kaupmannahafnar á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is) - þú hefur gott af því að skreppa út!

**Iceland Express** með ánægju



## NÝTT Í BÍÓ!

**Einhver áhrifamesta og mikilvægasta mynd síðustu ára!**

Byggð á bók eftir Andra Snæ Magnason

**DRAUMALANDIÐ**  
Hvaki átta þegar þú hefur selt allt?

**I LOVE YOU MAN**  
—ERTU NÓGU MIKKIL MABUR TIL AD SEGJA ÞAD?  
**ÓTRÚLEGA FYNDIN MYND Í ANDA KNOCKED UP OG FORGETTING SARAH MARSHALL**  
LUXUS

**DRAGONBALL Z EVOLUTION**  
Heimsmunnsýning á frábærri svintýra- og spennimynd!

**Franklin og fjarsjóðurinn**

**MONSTERS VS ALIENS**  
Sýnd með 3D mynd

**FAST AND FURIOUS**

**THE READER**

**SMÁRRÁ BÍÓ** Sími 564 0000 **TILBOÐSVERÐ**

I LOVE YOU MAN	kl. 5:40 - 8 - 10:10	12
I LOVE YOU MAN LUXUS	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
DRAUMALANDIÐ	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN	kl. 3:50	L
FAST AND FURIOUS	kl. 5:45 - 8 - 10:15	12
MONSTERS VS ALIENS 3D	kl. 3:40 ísl. tali	L
MONSTERS VS ALIENS	kl. 3:40 ísl. tali	L
MALL COP	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L

**HÁSKÓLA BÍÓ** Sími 530 1919

DRAUMALANDIÐ	kl. 6 - 8 - 10	L
DRAGONBALL	kl. 8 - 10	7
CHOKÉ	kl. 8 - 10 (Ekkert hlé)	14
THE BOY IN THE STRIPED PYJAMAS	kl. 5:50	12
MALL COP	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
THE READER	kl. 5:40	14

**BORGAR BÍÓ** Sími 462 3500

FAST AND FURIOUS	kl. 5:50 - 8 - 10	12
I LOVE YOU MAN	kl. 5:50 - 8 - 10	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANNA Á **mid.is** FÆRÐ 5% ENDURGREIÐT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANNA MEÐ KREDITTKORTI AUKAKRÖNUR

# Tvær áhugaverðar af jaðrinum

Útgáfuform tónlistar hefur aldrei verið meira í umræðunni en í dag. Þær tvær útgáfur sem hér eru til umfjöllunar eru til vitnis um þá gerjun. Skátar snúa á stöðuna með því að gefa út 33 1/3 snúninga sjö tommu vínplötu, en Music From Soul með Carpet Show er fyrsta plata Brak útgáfunnar sem er undirmerki Kimi Records. Brak gefur út hefðbundna geisladiska, en þeir koma í einföldum umbúðum og eru gefnir út í takmörkuðu upplagi. Kostnaði er haldið í lágmarki og það skilar sér í lægra verði út úr búð.

Eitt af markmiðum Brak-útgáfunnar var að búa til vettvang fyrir nýja listamenn sem eru tilbúnir með demó og vilja gefa út. Í staðinn fyrir að detta í einhverja fullkonnunartaugaveiklun þá er hægt að gefa bara út strax. Carpet Show er einmenningssveit skipuð Brynjar nokkrum Helgasyni sem samdi öll lög og texta á plötunni, tók upp og hljóðblandaði, söng og spilaði á flest hljóðfærin. Og það verður að segjast eins og er að Brynjar er fjárir efnilegur. Hljómurinn er flottur og það er fín stemning yfir þessari ellefu laga 35 mínútna indíopp plötu. Lögin eru kannski ekki öll einhver snilld, en platan rennur flott í gegn.

Goth báðu megin er þriðja útgáfa Skáta. Sú fyrsta var sex laga, næst kom geisladiskur í fullri lengd og nú er það tveggja laga smáskífa. Sjö tommur var mjög mikilvægt útgáfuform á árum áður, en eftir að geisladiskurinn og seinna MP3-singlan tóku völdin hefur hún aðallega haldið velli á jaðrinum hjá óháðum útgáfum, harðkjarna- og krúttuveitum. Auk Skáta hafa íslenskar sveitir eins og Sin Fang Bous og Seabear nýlega sent frá sér sjö tommur. Lögin tvö á Goth



SKÁTAR Tveggja laga smáskífa sveitarinnar inniheldur hörkufint gítarrokk.



## TÓNLIST

Goth báðu megin

Skátar

★★★★

Gítarstefjarítt rokk.

heita Pantee Lions og Party Liners, bæði hörkufín kaflaskípt, gítarstefjarítt, hljómborðslituð rokk-lög. Söngurinn er mixaður frekar



## TÓNLIST

Music From Soul

Carpet Show

★★★

Efnilegt einrykjaþopp.

aftarlega þannig að hljóðfæraleikurinn fái betur að njóta sín. Og umslagjö er sérlega flott.

Trausti Júlíusson

**NÝTT Í BÍÓ** Sími: 553 2075 - bara lúxus

**I LOVE YOU MAN**

**FAST & FURIOUS**

**Franklin og fjarsjóðurinn**

**MONSTERS VS ALIENS**

**SÝNINGARTÍMAR**

I LOVE YOU MAN	kl. 5:50, 8 og 10:15	12
FRANKLÍN - ísl. tali	kl. 6	L
FAST & FURIOUS - POWER	kl. 8 og 10:15	12
MONSTERS VS ALIENS 3D	kl. 6 ísl. tali	L
VILLTU VINNA MILLJARÐ	kl. 8 og 10:15	12

**SAMBÍÓN**

**I LOVE YOU MAN**

**PUSH**

**MONSTERS VS ALIENS**

**FAST & FURIOUS**

**KNOWING**

**WATCHMEN**

**GRAN TORINO**

**CHIHUAHUA**

**PUSH**

**MONSTERS VS ALIENS**

**MONSTERS VS ALIEN**

**MONSTERS VS ALIENS**

**KNOWING**

**BAADER MEINHOF COMPLEX**

**CONFESSIONS OF A SHOPAHOLIC**

**SELFOSS**

DUPLICITY	kl. 8 - 10:20	12
MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali	kl. 8	L
VALKYRIE	kl. 10:20	16

**AKUREYRI**

PUSH	kl. 8 - 10	12
RACE TO WITCH MOUNTAIN	kl. 6	7
MONSTERS VS ALIENS ísl. tali	kl. 6 - 8	L
KNOWING	kl. 10	12

**KEFLAVÍK**

MALL COP	kl. 8 - 10	L
KILLSHOT	kl. 10	16
LAST CHANCE HARVEY	kl. 8	L

**ÞRIÐJUDAGSBÍÓ - Í DAG - KR. 500**  
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR, Á MYNDIR Í 3D

## VERJUM OG SÆKJUM ÞANN RÉTT SEM VIÐ EIGUM



# KOMDU Í MORGUNKAFFI Á STÓRHÖFÐANN

**fimmtudaginn 16. apríl milli 9 og 11**

Ef þú ert atvinnuleitandi líttu þá við og spjallaðu við félagana.

Kannaðu hvað möguleikar eru í boði.

Magnús M. Norðdahl frá ASÍ

fer yfir lagalegan rétt atvinnuleitenda



**RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**

**VIÐ VINNUM FYRIR OKKAR FÉLAGA!**



# VÍKINGR Í TÖKUR EFTIR ÁRAMÓT

Kvikmyndaleikstjórinn Baltasar Kormákur er með mörg járn í eldinum en hans stærsta verkefni til þessa – Víkingr – sem kostar að lágmarki 45 milljónir dollara, fer í tókur eftir áramót og er leikmyndavinna þegar hafin. Myndin verður að mestu tekin hér á landi.

„Ég er stoltur að hafa getað komið með þetta verkefni til landsins. Held reyndar að ástandið sé ekki eins slæmt og margir vilja vera láta og neikvæðir straumar gegn okkur alls ekki þeir sem um er talað,“ segir Baltasar Kormákur kvikmyndaleikstjóri. „Ég hef ferðast mikið að undanförunu og finn það ekki.“ Baltasar var nýverið staddur í Búdapest þar sem kvikmynd hans Brúðguminn vann áhorfendaverðlaun á Titanic International Film Festival. Mikil aðsókn var á myndina og hún hlaut langflest atkvæði áhorfenda. „Ekki var mikil reiði út í okkur þar í það minnsta. Samúð frekar en hitt. Ekki að maður sé að leita eftir henni. Flestir skilja ástandið.“

### Þakklátur stjórnvöldum

Víkingr, víkingamynd Baltasars, er komin á vinnslustig. Leikmynda-teiknarinn Karl Júlíusson var hér á landi nýverið en hann er búsettur úti í Noregi. True North hefur tekið að sér að annast verklega framkvæmd og þegar er hafin smíð leikmynda. „Nú þegar nokkurn veginn liggur fyrir 20 prósentu endurgreiðsla framleiðslukostnaðar mynda sem teknar eru hér á landi er gert ráð fyrir að myndin verði að langmestum hluta tekin



**BALTASAR KORMÁKUR** Nú lítur allt út fyrir að sex milljarða mynd hans Víkingr verði tekin að mestu leyti hér á landi og varpa margir öndinni léttar en um tíma leit út fyrir að myndin yrði tekin á Írlandi að mestu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI  
upp hér á landi. Maður á aldrei að staðhæfa neitt í kvikmyndabransanum, þar getur brugðið til beggja vona, en bara það að hefja undirbúning og byrja að smíða er gríðarlega kostnaðarsamt. Og það þýðir að framleiðendum er full alvara.

Ég bjóst við að þeir færu kannski með þetta hálfu leið en svo var ekki. Það má alveg hrósa Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra en bæði ég og True North höfum fundað með honum vegna málsins. Ég er þakklátur stjórnvöldum en

þetta er atvinnuskapandi,“ segir Baltasar.

### Fjöldi íslenskra leikara

Framleiðandi myndarinnar er 26 Films og kostar myndin að lágmarki 45 milljónir dollara eða 6 milljarða í íslenskum krónum, en líklega verður hún stærri því fleiri stórir framleiðendur munu líklega koma að gerð hennar.

Þegar er farið að huga að því að skipa í hlutverk. Baltasar segir að fjöldi íslenskra leikara komi við sögu. „Það kæmi ekki á óvart ef Ingvar [E. Sigurðsson] yrði þarna einhvers staðar,“ grínast Baltasar en Ingvar hefur verið í flestum mynda hans. „Já, og leikarar sem ég er hrifinn af. Svo eru þeir hjá Endeavor Talent Agency búnir að lesa handritið og eru mjög hrifnir. Þeir vilja setja peninga í þetta en á mála hjá þeim eru mjög margir þekktir leikarar,“ segir Baltasar.

### Að detta af hestbaki

Upphaflega var stefnt að því að hefja tókur þegar í haust en samkvæmt handriti eru nokkrar árstíðir sem þurfa að vera til staðar í íslenski náttúru. Baltasar er feginn því að fá meiri tíma til undirbúnings. Þegar hafa verið ráðnir sérfræðingar í bardagaatriðum, þeir hinir sömu og sáu um bardagaatriðin í Braveheart-mynd Mel Gibson, búningahönnuður verður Consalata Boyle sem fékk Óskarsverðlaun fyrir búninga sína í The Queen, förðunarmeisterinn er sá hinn sami og var í Apocalypto og þannig má lengi telja. „Og hestasérfræðingurinn. Þeir eru örugglega margir Íslendingarnir sem vilja vera með í því að láta sig detta af hestbaki. Ég vildi helst vera í því fyrir utan að leikstýra myndinni,“ segir Baltasar. [jakob@frettabladid.is](mailto:jakob@frettabladid.is)

## Ferill Siennu Miller í molum

Breska leikkonan Sienna Miller þótti ein allra „heitasta“ leikkonan í bransanum fyrir þremur árum. En nú er öldin önnur. Ekki er langt síðan enski leikstjórinn Ridley Scott losaði sig við hana úr Hróa hattar-mynd sinni og réð Cate Blanchett í staðinn. Ástandið skánaði lítið þegar bandarískir gagnrýnendur skutu niður nýjustu mynd hennar, The Mysteries of Pittsburgh, þar sem hápunkturinn var sagður vera skeggið á Siennu.

Og til að bæta gráu ofan á svart þá hefur nýleg könnun leitt það í ljós að Sienna þykir hafa minni kynþokka en sjálf Elísabet Bretadrottning. Ritstjóri FHM, sem stóð fyrir þessari könnun, segir að kannski hafi kreppan þessi áhrif á karlmenn en þeir kunni ekki að meta svona „góðærisgellur“ eins og Sienna sé. FHM tilkynnir þann 23. apríl hver hlýtur titilinn kynþokkafyllsta kona Bretlands en Cheryl Cole þykir líklegust til að hreppa það hnoss.

### Á niðurleipi

Hvorki gengur né rekur hjá Siennu Miller, nýjasta myndin hennar fær afleita dóma og hún þykir minna kynþokkafull en sjálf Bretadrottning.



## Toppaðu með



# NORÐUR

Fræðslufundur um jöklaferðir.  
Á morgun, miðvikudaginn  
15. apríl kl. 20:00

í húsakynnum 66° Norður, Faxafeni 12

Allir velkomnir.

Íslenskir Fjallaleiðsögumenn og 66° Norður miðla af reynslu sinni og þekkingu á jöklaferðum. Farið verður yfir þann búnað sem er nauðsynlegur til þess að ferðast af öryggi um jökla landsins.

Nánari upplýsingar á [www.66north.is](http://www.66north.is) og [www.fjallaleidsogumenn.is](http://www.fjallaleidsogumenn.is)





## > Mikilvægt stig hjá Crewe

Guðjón Þórðarson og lærisveinar hans í enska C-deildarliðinu Crewe unnu mikilvægt stig í fallbaráttu liðsins. Crewe gerði 1-1 jafntefli við Oldham þar sem jöfnunarmarkíð kom á 89. mínútu. Crewe hefur gert þrjú jafntefli í röð og fjögur jafntefli í síðustu fjórum leikjum liðsins. Hvert stig er hins vegar dýrmætt og er Crewe nú fjórum stigum frá fallsæti. Gylfi Sigurðsson lék allan leikinn fyrir Crewe.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## ÍSLENSKA U-21 LANDSLIÐIÐ Í HANDBOLTA: TRYGGÐI SÉR SÆTI Á HM Í EGYPTALANDI Í SUMAR

# Ætlum að klára verkefnið með pompi og prakt

Íslenska landsliðið í handbolta, skipað leikmönnum 21 árs og yngri, tryggði sér um helgina sæti í heimsmeistarakeppninni í þessum aldursflokki sem fer fram í Egyptalandi í sumar. Ísland var í undankeppninni í riðli með Hollandi, Ungverjalandi og Bretlandi og fór riðlakeppnin fram í Hollandi.

Ísland byrjaði á því að gera jafntefli við heimamenn og Ungverja og vann svo Bretland í lokaumferðinni.

Ísland þurfti þó að stóla á hagstæð úrslit úr leik Hollands og Ungverjalands. Svo fór að heimamenn unnu leikinn og tryggðu sér sæti í lokakeppni stórmóts. Það var í fyrsta sinn í nærri þrjátíu ár sem það gerðist.

„Hollendingarnir komu langmest á óvart,” sagði Heimir Ríkardósson, þjálfari íslenska liðsins. „Ungverjar, sú mikla handboltaþjóð, áttu í raun aldrei möguleika í leiknum. Það

var trúfullt hús og Hollendingar afar vel hvattir áfram.”

Með sigrinum náði Holland efsta sæti riðilsins og Ísland varð í öðru sæti.

Heimir segir að mikil tilhlökkun ríki í íslenska liðinu fyrir lokakeppnina í Egyptalandi. „Ég er búinn að fylgja þessum strákum síðan þeir byrjuðu í yngsta landsliðinu, fyrir 16 ára og yngri, og það er gott að fá tækifæri til að klára þetta verkefni í Egyptalandi. Það verður síðasta verkefni þessara drengja með yngri landsliðum Íslands og þá

er ekkert annað að gera en að klára það með pompi og prakt. Þetta lið hefur tekið stór skref fram á við undanfarið eftir erfiða byrjun og er hörkugott.”

Heimir þjálfaði íslenska U-18 liðið sem varð Evrópumeistari árið 2003 og býr því yfir góðri reynslu fyrir mótið í Egyptalandi.

„Þetta er flott lið og flottir strákar. Við höfum bara aldrei náð að stilla upp okkar sterkasta liði vegna meiðsla sem var einnig tilfellið nú um helgina. En ef allir eru með og liðið að spila vel erum við illviðráðanlegir,” sagði Heimir.



RAGNAR SIGURÐSSON Skoraði glæsilegt mark um helgina.

Ragnar Sigurðsson:

## Skoraði frá miðju í Svíþjóð

**FÓTBOLTI** Ragnar Sigurðsson gerði sér lítið fyrir og skoraði frá eigin vallarhelmingi í 5-0 sigri IFK Gautaborg á Djurgården í sænsku úrvalsdeildinni nú um helgina. Hann sá að markvörður Djurgården stóð framarlega í teignum og ákvað að láta vaða með fyrrgreindum árangri.

Eftir leikinn var greint frá því í sænskum fjölmiðlum að bæði Blackburn og Newcastle hefðu áhuga á Ragnari en Gautaborg er sagt vilja fá tæpar 400 milljónir króna fyrir kappann.

„Ég er bara að hugsa um Gautaborg eins og er,” sagði Ragnar í samtali við sænska fjölmiðla spurður um málið. „En það er ljóst að ég vil komast í eins stóra deild og ég mögulega get. Ef nógu gott tækifæri gefst get ég vel hugsað mér að flytja mig um set í sumar.“

# Eiður Smári fær lítið að vera með

Barcelona þykir eitt sigurstrangleasta liðið í Meistaradeildinni í ár og Íslendingar gætu þar eignast sinn fyrsta meistara. Josep Guardiola ætlar þó greinilega ekki að nota Eið Smára í Meistaradeildinni.

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen er augljóslega ekki inni í Meistaradeildarmyndinni hjá Josep Guardiola, þjálfara Barcelona, því okkar maður hefur aðeins fengið að koma við sögu í þremur leikjum af níu í Meistaradeildinni á tímabilinu. Nítján leikmenn Barcelona-liðsins hafa spilað meira í Meistaradeildinni en Eiður Smári.

Eiður Smári hefur ekkert fengið

## MÍNÚTUR HJÁ BARCELONA Í MEISTARADEILDINI

1. Víctor Valdés	720 mínútur
1. Gerard Piqué	720
3. Rafael Márquez	683
4. Daniel Alves	630
5. Xavi	612
6. Lionel Messi	569
7. Thierry Henry	541
8. Carles Puyol	539
9. Sergio Busquets	448
10. Yaya Touré	441
11. Samuel Eto'o	430
12. Andrés Iniesta	427
13. Sylvinho	362
14. Aleksandr Hleb	361
15. Seydou Keita	326
16. Bojan Krkić	307
17. Martín Cáceres	218
18. Víctor Sánchez	174
19. Pedro	126
20. Eiður Smári Guðjohnsen	115
21. Albert Jorquera	90
21. Víctor Vázquez	90

**ENGIN TÆKIFÆRI**  
Eiður Smári fékk síðast að spreyta sig í Meistaradeildinni í byrjun desember.



að koma inn á í útsláttarkeppninni en kom síðast við sögu í síðasta leik riðlakeppninnar, á mótí Shakhtar Donetsk. Eiður Smári kom þá inn á sem varamaður á 75. mínútu í 2-3 tapi.

Eiður Smári hefur einu sinni verið í byrjunarliði Barcelona í Meistaradeildinni í vetur en hann lék allar 90 mínúturnar í 5-2 sigri

á Sporting Lissabon í Portúgal. Eiður Smári hefur aðeins spilað í 25 mínútur í hinum átta leikjum Barcelona í keppninni.

Íslendingur hefur aldrei unnið Meistaradeildina en miðað við frammistöðu Barcelona í síðustu leikjum í Meistaradeildinni gæti það vissulega breyst í ár. Eiður Smári virðist þó ekki eiga að fá

mikið að taka þátt í því að tryggja Börsungum titilinn.

Meðal leikmanna sem hafa spilað meira í Meistaradeildinni en Eiður Smári eru Martín Cáceres (22 ára miðvörður frá Úrúgvæ), Víctor Sánchez (21 árs miðvörður) og Pedro Rodríguez (21 árs vængmaður) en enginn þeirra spilar þó sömu stöðu og Eiður.

Sergio Busquets, sem hefur að því er virðist tekið mikinn spílátima frá Eiði Smára í vetur, hefur spilað 448 mínútur í Meistaradeildinni eða 333 mínútum meira en Eiður Smári.

Næsti leikur Barcelona í Meistaradeildinni er gegn Bayern í München í kvöld. Barca er nánast öruggt áfram eftir 4-0 sigur í fyrri leiknum.

## EIÐUR SMÁRI Í MEISTARADEILDINI Á TÍMABILINU:

(16. sept.) Riðlakeppni Barcelona-Sporting 3-1	(Sat á bekknum)
(1. okt.) Riðlakeppni Shakhtar Donetsk-Barcelona 1-2	(Varamaður á 80. mín)
(22. okt.) Riðlakeppni Basel-Barcelona 0-5	(Ekki í hópnun)
(4. nóv.) Riðlakeppni Barcelona-Basel 1-1	(Sat á bekknum)
(26. nóv.) Riðlakeppni Sporting-Barcelona 2-5	(Spilaði allar 90 mínúturnar)
(9. des.) Riðlakeppni Barcelona-Shakhtar Donetsk 2-3	(Varamaður á 75. mín)
(24. feb.) 16 liða úrslit, fyrri leikur Lyon-Barcelona 1-1	(Sat á bekknum)
(11. mars) 16 liða úrslit, seinni leikur Barcelona-Lyon 5-2	(Ekki í hópnun)
(8. apríl) 8 liða úrslit, fyrri leikur Barcelona-Bayern 4-0	(Sat á bekknum)



# ÁRSFUNDUR 2009

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel, Reykjavík þriðjudaginn 21. apríl kl. 17.00.

## Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillaga til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Tillaga um lækun réttinda.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögurnar munu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og birtar á heimasíðunni, [www.gildi.is](http://www.gildi.is) tveimur vikum fyrir ársfundinn.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Reykjavík 6. apríl 2009,

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.



Gildi - lífeyrissjóður  
Sæturni 1  
105 Reykjavík  
Sími 515 4700  
[www.gildi.is](http://www.gildi.is)  
[gildi@gildi.is](mailto:gildi@gildi.is)



ANDSTÆÐINGAR Steven Gerrard verður væntanlega með í kvöld en John Terry verður í banni.

Chelsea mætir Liverpool í Meistaradeildinni:

# Gerrard líklega með

**FÓTBOLTI** Þó svo að vonir Liverpool um að komast í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu kunni ekki að vera miklar jukust þær talsvert í gær þegar í ljós kom að Steven Gerrard, fyrirlíði, verður væntanlega leikfær fyrir leik kvöldsins gegn Chelsea. Síðarnefnda liðið vann 3-1 sigur í fyrri leik liðanna.

Hann spilaði ekki í 4-0 sigri Liverpool á Blackburn á laugardaginn. „Steven mun fara með liðinu til Lundúna og ég mun taka ákvörðun á morgun (í dag),“ sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool.

„Við erum 3-1 undir í rímmunni og við vitum að það getur breytt öllu að hafa Steven í liðinu ef hann spilar vel.“

Guus Hiddink, stjóri Chelsea, sagði að leikmenn yrðu að halda einbeitingu sinni í lagi. „Það er mikilvægt að nýta okkur meðbyrinn úr fyrri leiknum. Enginn leikur er mikilvægari en sá næsti og við ætlum okkur að vinna alla leiki sem við förum í.“

Javier Mascherano getur spilað með Liverpool á ný eftir leikbann en John Terry, fyrirlíði Chelsea, verður í banni í kvöld.



# Verjum velferðina – hvað er fram undan?

## Stefna stjórnmaflokka í velferðarmálum, áherslur og forgangsröðun


Gullteigur, Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38,  
miðvikudaginn 15. apríl kl. 20.00–22.00

Sjötti og síðasti fundurinn í fundaröðinni „Verjum velferðina!“ sem haldinn er af Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Proskahjálpi í aðdraganda alþingiskosninga 2009.

Forsvarsmenn þeirra stjórnmaflokka sem bjóða fram á landsvísu í alþingiskosningunum þann 25. apríl svara spurningunni:  
**Hvernig ætlar þinn flokkur að verja velferðina?**

### Frummælendur á fundinum eru:

- Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar.
- Ögmundur Jónasson, heilbrigðisráðherra og þingmaður Vinstri grænna.
- Bjarni Benediktsson, alþingismaður og formaður Sjálfstæðisflokksins.
- Guðjón Arnar Kristinsson, alþingismaður og formaður Frjálslynda flokksins.
- Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins.



### Pallborðsumræður að loknum framsögum.

Þátttakendur í pallborði verða frummælendur ásamt forsvarsmönnum Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Proskahjálpar.

### Fundurinn er öllum opinn.

Táknmálstúlkur verða á staðnum og tónmöskvakerfi.

Mætum öll!

*Ekkert um okkur án okkar!*





Annað sigurmark Federico Macheda í röð:

## Báðir fætur á jörðinni

**FÓTBOLTI** Í annað skiptið í röð reyndist hinn sautján ára Ítali, Federico Macheda, hetja Manchester United nú um helgina. Hann kom inn á sem varamaður gegn Sunderland og skoraði sigurmark leiksins, rétt eins og hann gerði gegn Aston Villa í upphafi mánaðarins.

Ben Foster, markvörður United, telur þó engar líkur á því að Macheda verði leyft að leyfa góðu gengi að stíga sér til höfuðs.

„Strákurinn er nokkuð rólegur og þar fyrir utan fengi hann ekki að komast upp með neitt annað,“ sagði Foster og sagði að fyrirliðinn Gary Neville myndi fara



**MIKILVÆGUR** Federico Macheda hefur reynt gulls igildi. NORDIC PHOTOS/GETTY

fremst í þeim flokki.

„En þetta er auðvitað ótrúleg saga. Hann skoraði sigurmarkið gegn Aston Villa og svo aftur nú. Svona hefur hann verið í varaliðinu allt tímabilið,“ sagði Foster.

- esá

Ný sumardekk  
Dekkjaskipti



## Sparaðu, láttu skipta um dekk hjá Max1

Umfelgun og ný dekk á góðu verði

Umfelgun og jafnvægisstilling á 4 fólksbíladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.458 kr.** Kaupu sumardekkinn hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: [www.max1.is](http://www.max1.is)

Reykjavík, sími 515 7190: Bildshöfða 5a, Bildshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogji 2.  
Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5.  
Skoðaðu [www.max1.is](http://www.max1.is)

**MAX1**  
BÍLAVAKTIN

Skoðaðu **Mín borg** ferðablað Icelandair á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

ICELANDAIR  
[WWW.ICELANDAIR.IS](http://WWW.ICELANDAIR.IS)

**20% AFSLÁTTUR**

APRÍL TILBOÐ  
20% af öllum Fruit og Classic pakkningum!

Nicotinel er samstarfsaðili Krabbameinshóspítalsins

Nicotinel nikótínífi fást án lyfjaeila og eru notað sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Þi að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfjum. Síkmentar eru einstaklingsbundin og eru skilvæðir ekkert því hveru mikil væryrkt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfjans, fengið hjartaláfall nýlega, óstöðuga eða vermandi hjartaþöng, alvarlega hjartaláttarreglu eða heilabólðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinel nikótínífi. Eðrn undir 15 ára aldri, þunguþar konur og konur með barn á þriggri skulu ekki nota lyfið nema að lækniáráði. Lendi allan fylgiseðlinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfisskjal: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf. Suðurláun 12a, 210 Garðabæ.

**SKIPHOLTS APÓTEK**  
Skipholt 50b • 105 Reykjavík

# Lokadagurinn var frábær

Argentínumaðurinn Angel Cabrera vann Masters-mótið eftir þriggja manna umspil við Kenny Perry og Chad Campbell. Phil Mickelson og Tiger Woods stálu sviðsljósinu af forystumönnum á lokadeginum en voru bara of langt á eftir.

**GOLF** Lokadagur Masters-mótsins 2009 verður í minnum manna um langan tíma. Eftir frábæran dag þar sem menn sáu tvo af bestu kylfingum heims sækja grimmt og spila frábært golf varð lokaspætturinn uppfullur af dramatik sem endaði með að fyrsti Argentínumaðurinn frá upphafi fagnaði sigri á Masters-mótinu.

„Þetta er stór stund enda draumur allra golfara að vinna Masters-mótið. Ég er svo fullur af tilfinningum að ég get varla talað,“ sagði Angel Cabrera, sem er 39 ára Argentínumaður. Hann er aðeins í 69. sæti á heimslistanum og hefur enginn sigurvegari Masters-mótsins verið neðar á listanum síðan farið var að taka saman heimslistan 1986.

Angel Cabrera og Kenny Perry voru jafnir fyrir lokadaginn en Cabrera var í vandræðum á lokahringnum. Á saman tíma og hann var að fá skolla, spilaði Perry af miklu öryggi við hlið hans og þeir félagar heyrðu síðan hvað eftir annað mikil fagnaðarlæti þegar tveir efstu menn heimslistans, Phil Mickelson og Tiger Woods, settu á svið stórsókn.

Þeir Mickelson og Woods, léku frábært golf en vantaði báða aðeins upp á í lok dagsins til þess að setja alvöru pressu á forystumennina. Mickelson endaði á nju höggum undir pari og var einu höggi á undan Woods sem fékk skolla á síðustu tveimur holunum.

Kenny Perry var í raun kominn með aðra höndina inn í græna



**KOMINN Í JAKKANN** Trevor Immelman klæðir Angel Cabrera í græna jakkann. NORDICPHOTOS/AFP



**STAL TITILNUM** Kenny Perry missti frá sér sigurinn til Cabrera. NORDICPHOTOS/AFP

jakkann þegar aðeins tvær holur voru eftir því þá var hann með tveggja högga forustu. Perry fékk hins vegar skolla á tveimur síðustu holunum eftir að hafa leikið 22 holur í röð á pari eða betra og á endanum voru því þrjú menn jafnir. Perry hefði orðið elsti sigurvegari Masters-mótsins frá upphafi og bætt met Jack Nicklaus frá 1986.

„Ég fæ líklega aldrei svona tækifæri aftur en ég naut þess að spila. Ég var búinn að vinna mótið en tapaði því. Angel gafst ekki upp og ég stoltur af honum,“ sagði hinn 48 ára gamli Perry. Hann hefur áður misst af sigri á risamóti eftir umspil en það var á PGA-meistarátönu fyrir þrettán árum.

Chad Campbell datt út á fyrstu holu umspilsins en Angel Cabrera sýndi ótrúlega seiglu með því að bjarga sér út úr miklum vand-

ræðum og tryggja sér áframhald á umspilinu gegn Kenny Perry. Perry var mjög nálægt því að setja niður langt putt og tryggja sér sigurinn en það var aðeins of stutt. Cabrera spilaði síðan næstu holu umspilsins nánast óaðfingnlega og tryggði sér sigur.

Cabrera gat varla lýst tilfinningunni þegar Trevor Immelman, sigurvegari frá því í fyrra, klæddi hann í græna jakkann í mótslok. „Ég fékk gæsa og hristist allur,“ sagði Cabrera. Nú geta landar hans loksins hugsað hlýlega til Mastersmótsins sem fór svo illa með landa hans Roberto de Vincenzo sem hafði tryggt sér umspil á mótinu 1968 en skrifaði vitlaus skorkort og missti titilinn til Bob Goalby.

Það er talið líklegt að sigur Cabrera geti komið af stað golfæði í heimalandi hans enda eru menn á því að hann geti gert það sama fyrir argentínska golfið og Diego Maradona gerði fyrir argentínskan fótbolta og Manu Ginobili gerði fyrir argentínskan körfubolta.

„Masters-mótið er Masters-mótið. Ég geri bara það sem ég geri og það hefur ekkert með það að gera hvað Maradona og Ginobili gera á sínum sviðum. Fótbolti hefur alltaf verið stærsta íþróttin í Argentínu og það að ég hafi unnið Masters-mótið breytir því ekkert,“ sagði Cabrera. [ooj@frettabladid.is](mailto:ooj@frettabladid.is)

Íslendingaslagur í sænsku kvennadeildinni í gær:

## Sigurður sá markaleik

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, fékk að sjá markaleik þegar hann var í gær meðal áhorfenda á fyrsta Íslendingaslagnum í sænsku kvennadeildinni á tímabilinu. Guðbjörg Gunnarsdóttir og Guðrún Sóley Gunnarsdóttir héldu þá áfram sigurgöngu sinni með Djurgården eftir 3-2 útisigur á stelpunum hennar Elísabetar Gunnarsdóttur í Kristianstad.

Guðbjörg varð þó að sætta sig við að fá á sig sitt fyrsta mark og það var alíslenskt því Erla Steina Arnardóttir jafnaði leikinn í 1-1 eftir sendingu Hólmiðar Magnúsdóttur og varð fyrst til að skora hjá Guðbjörgu. Guðbjörg var búin að halda hreinu fyrstu 198 mínúturnar sem hún spilaði í deildinni.

Djurgården hefur unnið alla þrjú leiki sína en Elísabet Gunnarsdóttir og stóllur hennar í Kristianstad eru enn án stiga. Allir fimm íslensku leikmennirnir voru í byrjunarliðum sína líða en auk fyrrnefndra fjögurra spilaði Guðný Björk Óðinsdóttir allan leikinn með Kristianstad.

Margrét Lára Viðarsdóttir kom



**ERLA SKORAÐI** Erla Steina Arnardóttir skoraði í gær. FRETTABLAÐIÐ/VILHELM

inn á sem varamaður á 66. mínútu í 3-0 útisigri Linköping á Hammarby og lagði upp lokamarkið fyrir Caroline Seger.

Edda Gardarsdóttir og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir léku allan leikinn með Örebro sem tapaði 4-0 fyrir Kopparbergs/ Göteborg.

Eftir fyrstu þrjár umferðirnar eru Djurgården og Kopparbergs/ Göteborg efst með fullt hús. LdB FC Malmö, Linköping og Umeå IK eru síðan öll með sex stig. Kristianstad er eina liðið sem ekki hefur fengið stig.

- 66j

## ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

<b>Liverpool - Blackburn</b>	<b>4-0</b>
1-0 Fernando Torres (5.), 2-0 Torres (33.), 3-0 Daniel Agger (83.), 4-0 David N'Gog (90.).	
<b>Chelsea - Bolton</b>	<b>4-3</b>
1-0 Michael Ballack (40.), 2-0 Didier Drogba (48.), 3-0 Frank Lampard, viti (60.), 4-0 Didier Drogba (63.), 4-1 Andy O'Brien (70.), 4-2 Chris Basham (74.), 4-3 Matthew Taylor (78.).	
<b>Middlesbrough - Hull</b>	<b>3-1</b>
1-0 Sanli Tuncay (3.), 1-1 Nick Barmby (9.), 2-1 Matthew Bates (29.), 3-1 Marlon King (90.).	
<b>Portsmouth - West Brom</b>	<b>2-2</b>
1-0 Younes Kaboul (33.), 1-1 Jonathan Greening (48.), 1-2 Chris Brunt (62.), 2-2 N. Kranjcar (65.).	
<b>Sunderland - Manchester United</b>	<b>1-2</b>
0-1 Paul Scholes (19.), 1-1 Kenwyn Jones (55.), 1-2 Federico Macheda (76.).	
<b>Tottenham - West Ham</b>	<b>1-0</b>
1-0 Roman Pavlyuchenko (65.).	
<b>Wigan - Arsenal</b>	<b>1-4</b>
1-0 Mido (18.), 1-1 Theo Walcott (61.), 1-2 Mikael Silvestre (71.), 1-3 Andrei Arshavin (90.), 1-4 Alexandre Song (90.).	
<b>Stoke - Newcastle</b>	<b>1-1</b>
1-0 Abdoulaye Faye (33.), 1-1 Andy Carroll (81.).	
<b>Aston Villa - Everton</b>	<b>3-3</b>
0-1 Marouane Fellaini (19.), 0-2 Tim Cahill (23.), 1-2 John Carew (33.), 1-3 Steven Pienaar (54.), 2-3 James Milner (56.), 3-3 G. Barry, viti (67.).	
<b>Manchester City - Fulham</b>	<b>1-3</b>
1-0 Stephen Ireland (28.), 1-1 Clint Dempsey (50.), 1-2 D. Etuhu (59.), 1-3 Dempsey (83.).	

Allt um enska boltann á Vísir.is.



# BÍÓ DAGGAR

## GRÆNA LJÓSSINS

FRÁ 17. APRÍL Í HÁSKÓLABÍÓ




Opnunarmyndin - Me and Bobby Fischer




Bigger Faster Stronger




Boy A



Cocaine Cowboys 2




Flash of Genius



Frozen River



Garbage Warrior




Gomorra




Hunger



Man on Wire




Not Quite Hollywood



Slacker Uprising



Sunshine Cleaning



Two Lovers



Wordplay



Die Welle



Young at Heart



Hvenær  
Frá 17. apríl

Hvar:  
Háskólabíó

Ekkert hlé á góðum myndum!  
Skráning á póstlistann margborgar sig - [www.graenaljosið.is](http://www.graenaljosið.is)

græna  
ljósið



## ÚRSLIT

## Enska B-deildin

Barnsley - Swansea	1-3
Birmingham - Plymouth	1-1
Blackpool - Reading	2-2
Hvorki Ivar Ingimarsson né Brynjar Björn Gunnarsson léku með Reading vegna meiðsla.	
Bristol - Ipswich	1-1
Cardiff - Burnley	3-1
Jóhannes Karl Guðjónsson kom inn á sem varamaður í liði Burnley.	
Coventry - Charlton	0-0
Aron Einar Gunnarsson lék ekki með Coventry vegna meiðsla.	
Derby - Wolves	2-3
Doncaster - Preston	0-2
Norwich - Watford	2-0
QPR - Sheffield Wednesday	3-2
Heiðar Helguson lék allan leikinn fyrir QPR.	
Sheffield United - Nottingham Forest	0-0
Southampton - Crystal Palace	1-0

## Norska úrvalsdeildin

<b>Lyn - Viking</b>	<b>0-0</b>
Indriði Sigurðsson og Theódór Elmar Bjarnason voru í byrjunarliði Lyn.	
<b>Brann - Tromsø</b>	<b>2-4</b>
Ólafur Örn Bjarnson skoraði bæði mörk Brann úr vítum. Kristján Örn Sigurðsson og Birkir Már Sævarsson voru einnig í byrjunarliði Brann og þeir Ármann Smári Björnsson og Gylfi Einarsson komu inn á sem varamenn.	
<b>Odd Grenland - Álasund</b>	<b>4-2</b>
Árni Gautur Arason lék allan leikinn fyrir Odd Grenland.	

## Sænska úrvalsdeildin

<b>GAIS - Helsingborg</b>	<b>1-4</b>
Guðmundur Gunnarsson var í byrjunarliði GAIS og þeir Eyjólfur Héðinsson og Guðjón Baldvínsson komu inn á sem varamenn.	

## Sænska B-deildin

<b>Sundsvall - Falkenberg</b>	<b>2-1</b>
Ari Freyr Skúlason og Hannes Þ. Sigurðsson voru í byrjunarliði Sundsvall.	

## Danska úrvalsdeildin

<b>Randers - SønderjyskE</b>	<b>3-1</b>
Sölvi Geir Ottesen lék allan leikinn fyrir SønderjyskE.	

## KR meistari - gleði og léttir

KR varð í gærkvöldi Íslandsmeistari karla í körfubolta eftir sigur á Grindavík í oddaleik liðanna um titilinn, 84-83. Fannar Ólafsson, fyrirlíði KR, sagði að titill KR nú væri sætari en sá sem liðið vann árið 2007. Honum var líka létt.

**KÖRFUBOLTI** KR er Íslandsmeistari karla í körfubolta eftir sigur á Grindavík í oddaleik liðanna í lokaúrslitum Iceland Express-deildarinnar, 84-83. KR hafði yfirhöndina allan leikinn en Grindavík var aldrei langt undan og átti möguleika á að stela sigrinum í lokasókn leiksins.

KR tapaði boltanum þegar um 25 sekúndur voru til leiksloka og Grindavík hélt þá í sókn. Karfa í blálok leiksins myndi tryggja gestunum titilinn. Boltanum var komið á Brenton Birmingham eins og svo oft áður í þeirri stöðu en hann gat engan fundið til þess að gefa á og rann því sóknin út í sandinn. Þar með var KR orðið meistari.

Það var Fannar Ólafsson sem „stal“ boltanum á lokasekúndu leiksins. Hann tók svo við bikarnum í leiklok.

„Þegar um fimm mínútur voru eftir vorum við sjö stigum yfir. Þá fengum við tvær villur á okkur sem hefðu getað kostað okkur leikinn. En það gerði bara rimmu þessara liða enn skemtilegri að munurinn var ekki nema eitt stig í lokin. Þarna voru tvö lið að berjast til síðasta manns og þá snýst þetta bara um vilja. Ég held að við höfum viljað þetta örlítið meira en Grindavík,“ sagði Fannar.

Langflestir reiknuðu fyrir fram með því að KR yrði Íslandsmeistari enda með ógnarsterkt lið. Grindvíkingar sýndu hins vegar að þeir eru ekki minni menn en þeir röndóttu enda komust þeir í 2-1 í rímmunni og voru nálægt því að vinna titilinn.

„Ég held að þessi titill sé sætari en sá sem við unnum árið 2007,“



**STAL SIGURBOLTANUM** Fannar Ólafsson, fyrirlíði KR, eftir að leiktíminn rann út og KR hafði tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn.

sagði Fannar. „Það var búið að afskrifa okkur eftir þriðja leikinn en þá sýndu þeir Benedikt og Ingi þjálfarar snilld sína með því að laga hugarfar okkar leikmanna. Við fórum í þessa tvo síðustu leiki án þess að vera endilega hræddir við að tapa og það breytti öllu.“

Hann segir líka mikinn mun á þessu tímabili og því fyrir tveimur árum vera þær væntingar sem voru gerðar til KR nú. „Það var búið að afhenda okkur fimm titla fyrir tímabilið. Það var vissulega

gríðarmikil gleði að vinna þennan titil en líka léttir. Ég held að níutíu prósent körfboltaáhugamanna á Íslandi hafi viljað að Grindavík yrði meistari. En við vorum með tvö þúsund aðila á þessum leik í kvöld sem vildu hitt,“ sagði Fannar og lofaði Miðjuna, harðkjarnahóp stuðningsmanna KR, mikið.

„Það skiptir ofsalega miklu máli að vera með stuðningsmenn eins og þá. Þeir hjálpuðu okkur yfir mjög erfiða hjalla.“

eirikur@frettabladid.is



**ÖFLUGUR** Nick Bradford skoraði 33 stig fyrir Grindavík í gær en það dugði ekki til.

Fríðrik Ragnarsson eftir leik: **Þetta var agalegt í lokin**

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingarnir Fríðrik Ragnarsson og Brenton Birmingham gátu ekki leynt vonbrigðum sínum í leiklok.

„Það er gríðarlega svekkjandi að tapa með einu stigi eftir að hafa verið með boltann í síðustu sókninni og skora ekki,“ sagði Fríðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur.

„Við sendum boltann of mikið í lokasókninni, tókum ekki galopin skot og lentum síðan í einhverju klafsi. Þetta var agalegt,“ sagði Fríðrik um lokaandartök leiksins.

„Þeir spiluðu mjög mjúkt á okkur í þriðja leik. Þeir voru harðari í leik fjögur en við áttum að klára leik fjögur. Við mættum í gleðskap en ekki í körfubolta-leik. Við spiluðum illa í þeim leik og svo þegar þú ert kominn í oddaleik á svona velli getur brugðið til beggja vona. Við hefðum alveg getað verið að fagna núna með pínulítili heppni,“ sagði Fríðrik.

- 66j



## DUBBELDUSCH

eftir Björn Hlyn Haraldsson

## 5 GRÍMUTILNEFNINGAR

Besta aðalleikkona. Besti aðalleikari. Besta sýning. Besta leikrit. Besta tónlist.

## SÝNT Í HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU

Miðasala í síma 555 2222 og á

midi.is

CARAVAN.IS

BÍLALEIGA AKUREYRAR

National Car Rental



**BESTUR** Jón Arnór Stefánsson var valinn besti leikmaður úrslitakeppinnar að leik loknum í gær.

Benedikt Guðmundsson og Jón Arnór Stefánsson:

## Toppurinn á ferlinum

**KÖRFUBOLTI** Benedikt Guðmundsson og Jón Arnór Stefánsson voru hátt uppi eftir sigur KR í gær. Jón Arnór talaði um pressuna sem var á liðinu og var nærri búin að stoppa það. „Okkur langaði í þetta en á rögum forsendum. Við vorum að fara að vinna þetta til þess að tapa þessu ekki. Við hættum að hugsa um það og fórum þess í stað að hugsa um það hversu mikið okkur langaði til að vinna fyrir okkur,“ sagði Jón Arnór Stefánsson, besti leikmaður úrslitakeppinnar.

„Þetta var geðveikt en ég vissi samt ekki hvernig ég ætti að fagna þessu því þetta var svo mikið sjökk,“ sagði Jón Arnór, sem hefur kynnst ýmsu á ferlinum.

„Þetta er toppurinn á ferlinum. Það var gaman að vinna hina titlana en hérna er maður heima hjá sér með sínu fólki og fjölskyldu og með gamla félaginu og vinunum. Þetta verður ekkert betra en þetta,“ sagði Jón, sem þakkar Benedikt þjálfara mikið fyrir.

„Benni á þennan titil. Hann reif okkur upp eftir þriðja leikinn.

Hann er alveg ótrúlega góður þjálfari og sýndi á sér nýja hlið eftir að við töpuðum þriðja leiknum. Hann sýndi sálfræðilega hlið á sér sem kom mjög á óvart og hjálpaði okkur mikið,“ sagði Jón Arnór.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, segist ætla að hætta með liðið eftir tímabilið. „Ég hugsa að ég stígi til hliðar því ég held að það sé kominn tími á nýjan mann. Ég er búinn að vera hér í þrjú ár og strákarnir þurfa einhverja nýja rödd og ferskleika í þetta,“ sagði Benedikt Guðmundsson.

„Ég hefði orðið gríðarlega svektur ef við hefðum tapað þessu því við leiddum allan leikinn,“ sagði Benedikt, sem segir að þessi titill sé sætari en sá fyrir tveimur árum.

„Það sem er sætast fyrir mig er að vinna þetta með strákum sem maður kenndi að grípa, skjóta og drippla fyrir mörgum árum. Ætli þessi sé ekki sætari út að það að gera,“ sagði Benedikt að lokum.

- 66j



# FERMINGAGJAFIR



## ALLTAF BETRA VERÐ

**174.990**

### FERMING3

#### AMD pakki nr. 3

AM2 DualCore 6000+ X2 Athlon64 örgjörvi  
 • Corsair 2GB Dual DDR2 800MHz CL4 XMS vinnsluminni • 640GB WD Blue harður diskur  
 • 22xDVD±/16xDL skrifari • 22" LCD Acer V223WBD skjár • 512MB MSI GeForce N250GTS-OC skjákort • 5.1 Logitech S500 hátalarakerfi • Logitech Media 600 lykklaborð  
 • Logitech MX400 laser mús • Windows Vista Home Premium með Aero 3D ofl.




### LASERMÚS

#### Logitech G9

Laser mús með skiptanlegu XL og Precision gripum, Gaming-Grade laser, háhraða USB, fingerðum 200 til 3200 punkta stillingum í upplausn og vistanlegum stillingum í músinni.

**12.990**



### FARTÖLVA

#### MSI VR220

Intel Dual Core T3200 (2.0GHz) örgjörvi • Intel X4500 skjástýring • 12.1" WXGA Glare Type (1280x800) skjár • 4GB vinnsluminni • 250GB harðdiskur • DVD skrifari • 802.11BGN • Bluetooth • Vefmyndavél • 1xVGA Out • 3xUSB • 3 í l kortalesari • Windows Vista Premium

**149.990**



### TOSHIBA

15.4"

#### Toshiba L300-19K

2.0GHz Intel Core Duo T3200 örgjörvi • 2GB (1x2GB) DDR2 800MHz vinnsluminni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort  
 • Innb. 10/100 netkort • 56K mótald • Vefmyndavél • Windows Vista Business XP Pro

**89.990**



### 23.6" LCD SKJÁR

#### Acer V243HQBD

23.6" LCD breiðjaldsskjár með 1920x1080 punkta upplausn, 40.000:1 í dínámískri skerpu og 5ms svartíma. VGA og DVI tengi.

**49.990**

### iPOD

### VAGGA



#### Logitech Pure Fi Express Plus

Hátalarar og hleðslustöð fyrir iPod með klukku, vekjara og fjarstýringu.

**19.990**



#### Logitech G13

Leikjaborð með vistanlegum stillingum í 25 flýthnóppum og í mini-joystick, innbyggt GamePanel LCD skjár, minni ofl.

### LEIKJA BORÐ

**17.990**



### HÁTALARAKERFI

#### Logitech Z-3e

80w RMS hátalarakerfi með 2 hátölurum og stóru bassaboxi.

**17.990**

# TÖLVU LISTINN

TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17  
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9  
S: 414 1730

MÍÐVANGI 2-4  
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90  
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34  
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66  
S: 414 1750



## > Julia Louis-Dreyfus

„Ef þú ætlar að breyta heim-inum skaltu byrja á því að taka til heima hjá þér.“ Julia Louis-Dreyfus leikur Christine í þættinum The New Adventures of Old Christine sem Stöð 2 sýnir í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ **MAGNÚS TEITSSON OG SVAVAR HÁVARÐSSON** LITU YFIR FARINN VEG

### Pvottekta zebrarendur á barðalausum hatti

„Magnús, hvert var að þínu mati sterkasta útspil sjónvarps og útvarps yfir páska hátíðina?“

„Ég skal ekki segja, Svavar. Þegar stórt er spurt verður oft fát um svör. En ætli það sé ekki alltaf sterkt að endursýna bara, og þá helst ævagamalt efni. Mary Poppins hlýtur til dæmis að eiga sér ótalmarga aðdáendur sem hafa endurnýjað kynnin. Ég er nú reyndar ekki einn af þeim. Frekar hefði ég þó horft á Mary Poppins en Mission: Impossible 3 og Born on the Fourth of July. Tvær Tom Cruise-myndir í röð!“

„Já, Magnús! Góð vísa er aldrei of oft kveðin. Annars snertu báðar Cruise-myndirnar við viðkvæmri taug. Við sem þjóð erum í dimmum öldudal og upplifum okkur sem vanmáttug vegna þess að öldurótið er svo mikið í samfélaginu. Verkefnið er risavaxið og það þurfa allir að taka til hendinni.“

„Veistu Svavar, þarna hittirðu naglann á höfuðið. Við erum öll sek um að hafa verið í langri skíðaferð til Kitzbühel, á



Saga Class fram og til baka, þar sem öll útgjöld voru færð á risnureikning skattgreiðenda framtíðarinnar. En nú er aðhald og nú er upprisa. Nú er páskaegg númer tvö og endursýnt Skaup. Nú er vor í lofti, finnst þér ekki?“

„Það er mikið til í því, Magnús! Þetta endurspeglast í orðræðu stjórnmalanna, jafnt og sjónvarpsdagskránni. Annars sannaðist hið fornkvæða um páskana. Þeir fiska sem róa. Ekki þýðir að sitja með hendur í skauti. Fjarstýringin getur verið besti vinur mannsins, á helgidögum sem öðrum dögum. Maður verður að leita leiða.“

„Satt er það, Svavar. Í leiða sem gleði er leið að gleði. Best að hafa þau frómu orð að leiðarljósi í því umróti sem fram undan er. En hvar er allt nammíð úr páskaegginu? Ljónið hefur áreiðanlega etið það!“

„Mæltu heilastur, Magnús! En ég held að við höfum leitt í ljós staðreynd málsins. Hvert er þitt mat?“

„Svavar! Ég er sammála síðasta ræðumanni!“

## PRÍÐJUDAGUR



▶ **18.30 Chelsea - Liverpool** STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.15 Bones** STÖÐ 2



▶ **21.15 Mæðgurnar** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15 The O.C.** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50 The Cleaner** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leiðarljós**  
**17.20 Tákn málsfréttir**  
**17.30 Bjargvætturinn** (25:26)  
**17.55 Lítil prinsessa** (12:15)  
**18.05 Þessir grallaraspóar** (8:10)  
**18.10 Skólahreysti** Þáttaröð um keppni stráka og stelpna í 9. og 10. bekk grunnskólanna í upphíngum, armbeygjum, dýfum og hraðbraut. (e)  
**19.00 Fréttir**  
**19.30 Veður**  
**19.35 Alþingiskosningar - Borgarafundur** Bein útsending frá opnum borgarafundi í Reykjavík - norður.  
▶ **21.15 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistiheimili í smábæ í Connecticut-ríki og dóttur hennar. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.  
**22.00 Tíufréttir**  
**22.20 Tveikið** (Dalziel & Pascoe V) (6:8) Sýra úr breskri þáttaröð um rannsóknarlögreglumenn sem fá til úrlausnar æsispennandi sakamála. Aðalhlutverk: Lauren Clarke og Colin Buchanan.  
**23.10 Víkingasveitin** (Ultimate Force) (4:6) Breskur spennumyndaflokkur um sérsvæit innan hersins sem fæst við erfið mál. Aðalhlutverk: Ross Kemp, Miles Anderson, Liam Garrigan, Christopher Fox og Heather Peace.  
**00.05 Alþingiskosningar - Borgarafundur** Uppataka frá opnum borgarafundi í Reykjavík - norður í kvöld.  
**01.35 Dagskrárlök**

## BÍÓ

- 08.00 Spin**  
**10.00 Ævintýraferðin**  
**12.00 A Good Year**  
**14.00 The Pink Panther**  
**16.00 Spin**  
**18.00 Ævintýraferðin**  
**20.00 A Good Year** Rómantísk gamanmynd með Albert Finney, Russell Crowe og Freddie Highmore í aðalhlutverkum.  
**22.00 The Big Nothing**  
**00.00 Kin**  
**02.00 From Dusk Till Dawn 3**  
**04.00 The Big Nothing**  
**06.00 A Little Thing Called Murder**

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Stóra teiknimyndastundin, Bratz.  
**08.15 Oprah**  
**08.55 Í finu formi**  
**09.10 Bold and the Beautiful**  
**09.30 La Fea Más Bella** (291:300)  
**10.15 Sisters** (26:28)  
**11.05 Burn Notice** (7:13)  
**11.50 60 mínútur**  
**12.35 Nágrannar**  
**13.00 Hollyoaks** (167:260)  
**13.25 Beauty Shop**  
**15.15 Sjáðu**  
**15.40 Tutenstein**  
**16.05 Ben 10**  
**16.28 Stuðboltastelpurnar**  
**16.53 Kalli og Lóa**  
**17.08 Bold and the Beautiful**  
**17.33 Nágrannar**  
**17.58 Friends** (11:24)  
**18.23 Veður**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**18.47 Íþróttir**  
**18.54 Ísland í dag**  
**19.35 The Simpsons** (14:20)  
**20.00 The New Adventures of Old Christine** (2:10) Þriðja þáttaröðin um Christine sem er fráskilin og einstæð móðir sem lætur samvaskusemi og óþrjúgandi umhyggju í garð sinna nánustu koma sér í eilíf vandræði. Sérstaklega á hún erfitt með að slíta sig frá fyrirverandi eiginmanni sínum sem hún á í vægast sagt nánu og sérkennilegu sambandi við.  
**20.25 How I Met Your Mother** (14:20) Í þessari þriðju seríu fáum við að kynna enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.  
**20.50 Little Britain USA** (6:6)  
▶ **21.15 Bones** (6:26) Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknuustu morðmálum.  
**22.00 Ashes to Ashes** (5:8)  
**22.55 Grey's Anatomy** (19:24)  
**23.40 Break a Leg**  
**01.15 Beauty Shop**  
**02.55 Ground Truth: After the Killing Ends**  
**04.15 Bones** (6:26)  
**05.00 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT

besta sætið

- 07.00 Iceland Express-deildin 2009** Útsending frá leik í úrslitakeppni í körfubolta.  
**15.10 Þýski handboltinn - Markaðttur** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann.  
**15.40 World Supercross GP** Að þessu sinni fór mótið fram í Toronto í Kanada.  
**16.35 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.  
**17.30 Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu**  
**18.00 Meistaradeild Evrópu - Upphíttun**  
▶ **18.30 Chelsea - Liverpool** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Bayern München - Barcelona  
**20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.  
**21.00 Bayern München - Barcelona** Útsending frá leik B í Meistaradeild Evrópu.  
**22.50 Atvinnumennirnir okkar** Eður Smári Guðjohnsen.  
**23.25 Chelsea - Liverpool** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.  
**01.05 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

## SPORT 2

enski boltinn

- 14.40 Wigan - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.  
**16.20 Man. City - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.  
**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.  
**18.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaðþætti.  
**19.00 Liverpool - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.  
**20.40 Aston Villa - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.  
**22.20 Markaðttur** Allir leikirnir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.  
**23.15 Sunderland - Man. Utd** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist**  
**08.00 Rachael Ray** (e)  
**08.45 Óstöðvandi tónlist**  
**17.15 Rachael Ray**  
**18.00 The Game** (12:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærastur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.  
**18.25 Spjallið með Sólva** (8:12) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sólvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr. (e)  
**19.25 Monsieur Hyde** Verðlaunastuttmynd eftir Veru Sölvadóttur (e)  
**19.40 Kátá maskinan** (10:12) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi í menningarlífi landsmanna. (e)  
**20.10 The Biggest Loser** (12:24) Bandarísk raunveruleikasæra þar sem fitubollur berjast við bumbuna.  
**21.00 Nýtt útlit** (5:10) Hárgreiðslu- og förðunameistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.  
▶ **21.50 The Cleaner** (6:13) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki. Þættirnir eru byggðir á sannri sögu fyrrum dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr víðjum fíknarinnar. Alríkislögreglumaður sem kominn er í innsta hring eiturlyfjaframleiðenda er of langt leiddur í dópneyslu til að geta bjargað sér og félagi hans fær William til að ná honum úr döggrinu áður en alríkislögreglan gerir innrás.  
**22.40 Jay Leno**  
**23.30 CSI** (13:24) Bandarískir þættir um stórf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. (e)

## INN

- 20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar.  
**21.00 Birkir Jón** Varaformaður Framsóknarflokksins Birkir Jón Jónsson skoðar pólitískt landslag dagsins í dag.  
**21.30 Á réttir leið** Katrín Júlíusdóttir þingkona ræðir um málefni Samfylkingarinnar.  
**Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Sólning býður nú ál- og krómfelgur með miklum afslætti út apríl

Sólning býður að auki eitt landsins mesta úrval af sumardekkjum frá viðurkenndum framleiðendum.

Continental

Mastercraft

HANKOOK

NANKANG

Krómfelgur 25% afsláttur!  
 Álfelgur 20% afsláttur!

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000  
 Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399  
 Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722

**SÓLNING**

**BARÐINN**

Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is



Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.50**  
**Little Britain USA**

Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur og að þessu sinni ætla þeir að grínast í Bandaríkjunum. Þeir félagar gera óspart grín að öllu því sem okkur Evrópubúum þykir hvað hallærislegast í fari Kanans. Þeir ganga nú ennþá lengra en nokkru sinni fyrr í að ögra siðferðiskennd hinna allra þröngsýnustu og uppskera hverja drepfyndnu senuna á fætur annarrí.



► **VIÐ MÆLUM MED**  
**A Good Year**  
**Stöð 2 bíó kl. 20.00**

Verðbréfasali erfir kastala og vénekru í Frakklandi og ætlar sér að hagnast á því að gera staðinn upp og selja. Hann lærir svo að lífið hefur upp á meira að bjóða en að græða peninga. Óskarsverðlaunahafarnir Russell Crowe og Marion Cotillard fara með aðalhlutverkin ásamt Albert Finney.



**RÁS 1 FM 92,4/93,5**

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.03 Auðlindin
- 07.10 Morgunvaktin heldur áfram
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Pipar og salt
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Ég get mjög illa ort óhefðbundið
- 15.03 Útvarpssagan: Blátt og rautt
- 15.30 Harold Land kvintettinn leikur
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Bláar nótur í bland
- 21.00 Í heyranda hljóði
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Fimm fjórðu
- 23.00 Gatan mín
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

**EXTRA**

- 16.00 Hollyoaks (166:260)
- 16.30 Hollyoaks (167:260)
- 17.00 Seinfeld (15:22)
- 17.30 Ally McBeal (20:24)
- 18.15 The O.C. (17:27)
- 19.00 Hollyoaks (166:260)
- 19.30 Hollyoaks (167:260)

**20.00 Seinfeld** (15:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

**20.30 Ally McBeal** (20:24) Kona ein vill kæra atvinnurekendur sína fyrir að stuðla að kynferðislegri áreitni með því að skipuleggja strandardag á vinnustaðnum þar sem starfsmenn mæta í sundfatnaði í vinnuna.

► **21.15 The O.C.** (17:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.

**22.00 New Amsterdam** (2:8) Spennuþáttur um hinn ódauðlega John Amsterdam sem í hartnær 400 ár hefur hann lifað í líkama 35 ára gamals manns. Hann starfar sem lögreglumaður í New York og gjörþekkir orðið huga glæpamanna.

**22.45 Weeds** (7:15) Ekkjan úrræðagóða, Nancy Bowden, ákvað að hasla sér vól sem eiturfjásali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu. Þegar hún fellur fyrir lögreglumanni í fíkniefnadeildinni flækist líf hennar verulega.

**23.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

**BBC entertainment**

10.05 The Inspector Lynley Mysteries 10.55 The Inspector Lynley Mysteries 11.45 My Hero 12.15 The Weakest Link 13.00 EastEnders 13.30 My Hero 14.00 After You've Gone 14.30 The Weakest Link 15.15 The Inspector Lynley Mysteries 16.05 The Inspector Lynley Mysteries 16.55 EastEnders 17.25 The Weakest Link 18.10 My Hero 18.40 After You've Gone 19.10 State of Play 20.00 Hustle 20.55 My Hero 21.25 After You've Gone 21.55 After You've Gone 22.25 The Inspector Lynley Mysteries 23.15 The Inspector Lynley Mysteries 00.05 Hustle

**DR 1**

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.20 Reimers 11.00 Diagnose søges 11.30 Sager der nager 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Spam 14.30 Monster allergi 15.00 Store Nørd 15.30 Lille Nørd 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Ha' det godt 18.00 Ønskehaven 18.30 Mission, Baby 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 Lewis 21.35 Sager der nager 22.05 Boogie Mix

**NRK1**

10.00 NRK nyheter 10.10 Puls 10.35 Schrödingers katt 11.00 NRK nyheter 11.05 Berlin, Berlin 11.30 Slipp naboene løs 12.00 NRK nyheter 12.05 Norge rundt 12.30 I sørhellinga 13.00 NRK nyheter 13.05 Par i hjertet 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Dyrisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Dora utforskeren 16.25 Travelbymysteriene 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ut i naturen 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Exil - der virkeligheten ikke teller 20.20 Extra-trekning 20.30 Safari 21.00 Kveldsnytt 21.15 Babas bilar 22.40 Minner 23.30 Kulturnytt

**SVT 1**

10.00 Rapport 10.05 Bergen - Kirkenes t/r 10.35 I trädgården med Camilla Plum 11.05 Rådurskudet vid havet 11.50 Hennes lilla majestät 13.10 Drömprinsen 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Packat & klart 15.25 Flyttlasset går 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Gøkväll 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Vem tror du att du är? 19.00 Andra Avenyn 19.45 Jorden runt på 80 dagar 21.40 Kulturyheterna 21.55 Sommer 22.55 Sändningar från SVT24

# Framtíð íslensks vinnumarkaðar

## Fundaröð MBA námsins við Háskóla Íslands um framtíð íslensks atvinnulífs

- > Þriðjudagurinn 14. apríl kl. 20:00 til 22:00
- > Stofa 102 í Háskólatorgi, Háskóla Íslands

Í MBA náminu við Háskóla Íslands er lögð mikil áhersla á íslenskt atvinnulíf. Nemendur vinna að raunverkefnum í öllum námskeiðum auk þess að vera í virkum samskiptum við stjórnendur íslenskra fyrirtækja. Framtíð íslensks atvinnulífs hefur því mikla þýðingu fyrir MBA námið. Á fundinum í kvöld munu fulltrúar fjögurra stærstu flokkanna ræða um þeirra sýn á framtíð íslensks vinnumarkaðar.


Fundarstjóri: **Gylfi Dalmann Aðalsteinsson**, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands




Fulltrúi Framsóknarflokksins: **Siv Friðleifsdóttir**



Fulltrúi Samfylkingarinnar: **Skúli Helgason**



Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins: **Ólöf Nordal**



Fulltrúi Vinstri grænna: **Lilja Mósésdóttir**



Í kjölfar erinda frá fulltrúum flokkanna gefst góður tími fyrir fyrirspurnir úr sal

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis

Næsti fundur í fundaröðinni verður:

- > 21. apríl – Framtíðargjaldmiðill Íslendinga
- Fundarstjóri: **Ársæll Valfells**

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD  
HÁSKÓLA ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.mba.is



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég reyni að fara vítt og breitt um sviðið. Tveir diskur rata þó mest á fóninn hjá mér um þessar mundir. Annars vegar leikhúsmúsík frá Englandi, sem Bach-sveitin í Skálholti hefur spilað, og hins vegar diskur með Rolf Lislevand, þar sem hann og dóttir hans leika af fingrum fram á gömul hljóðfæri.“

Bára Grímsdóttir, tónlistarkennari

# Álitsgjafar Palla hittu í mark

„Þeir reyndust ótrúlega sannspáir, kusu tíu lög áfram og þegar við rýndum í úrslitin eftir á reyndust átta þeirra rétt,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson, Eurovision-sérfræðingur íslensku þjóðarinnar. Upptökur á sjónvarpsþættinum Alla leið eru nýbúna er þar er hlapið yfir þau lög sem keppa í hinni sívinsælu lagakeppni evrópskra sjónvarpsstöðvar. Álitsgjafarnir Dr. Gunni, Guðrún Gunnarsdóttir og Reynir Þór Reynisson fengu að vita hvernig þeim hefði gengið að tippa á Eurovision-keppnina í fyrra. Óhætt er að fullyrða að þau hafi reynt starfi sínu vaxin því spáhlutfall þeirra var áttatíu prósent. „Ef þeim tekst álíka vel upp núna þá verður horft til þessa þáttar í framtíðinni og örugglega vitnað í hann,“ segir Páll.

Hins vegar var einn galli á gjöf Njarðar sem skekkir eilítið þessa tölfræði. Því vegna knapps tíma í fyrra þurftu fjórmeningarnir að velja skemmtilegustu lögin, önnur sem þóttu ekki

merkilegur pappír enduðu í ruslafötunni. Páll upplýsir að eitt þeirra laga sem hafi ekki hlotið náð fyrir augum almennings hafi verið sigurlag Rússa. „En til þess að koma í veg fyrir að þetta gerist aftur þá erum við búin að hlusta á öll lögin 42. Hins vegar fá þau leiðinlegustu ekki langan líftíma en sigurstranglegustu lögin lifa,“ útskýrir Páll en að hans sögn hafa álitsgjafarnir mikið álit á norska laginu, gríska og portúgalska auk framlags Möltu. Páll telur jafnframt að fulltrúi Íslendinga, Jóhanna Guðrún, gæti átt við ramman reip að draga, „Það eru þrettán ballöður í keppninni og þegar svo er þá veltur allt á frammistöðu hennar á sviðinu.“

- fgg



**NÖSK Á GÓÐ LÖG** Þau Guðrún Gunnarsdóttir, Páll Óskar, Reynir Þór Reynisson og Dr. Gunni reyndust spámannlega vaxin í þáttinum Alla leið sem sýndir voru í fyrra. Þau ætla að gera enn betur í ár.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. varsla, 6. í röð, 8. hélt á brott, 9. hrós, 11. ekki heldur, 12. fáni, 14. gosefni, 16. fisk, 17. gapa, 18. tugur, 20. hljóm, 21. þurka út.

## LÓÐRÉTT

1. helminguð, 3. frá, 4. áttfætla, 5. bjálki, 7. brjóstverja, 10. spor, 13. gifti, 15. jarðgöng, 16. svíf, 19. kringum.

## LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. hálfi, 3. af, 4. kónguldi, 5. tré, 7. bolhlífi, 10. far, 13. gaf, 15. flá, 18. tíu, 20. óm, 21. afmá.  
LÁRÉTT: 2. vakt, 6. áb, 8. fót, 9. lóf, 11. né, 12. flagg, 14. hraun, 16. ál, 17.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

1. Dr. Gunni.
2. Sigurður Gíslí Pálmason.
3. Sómalíu.

Íslensk hönnun og handverk



fríða  
SKARTGRÍPAHÖNNUÐUR

Strandgötu 43 | Hafnarfirði  
Sími 565 5454 | www.fridaskart.is



LÆTUR GAMLAN DRAUM RÆTAST David Robertson er mikill hjólaáhrifamaður og fer allra ferða sinna á hjólestinum. Hann ætlar nú að opna hjólaverkstæði þar sem hann hyggst jafnframt smíða ný hjól eftir þörfum hvers og eins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## DAVID ROBERTSON: SNÝR Á KREPPUNNA

## ÚR ARKITEKTÚR Í HJÓLASMÍÐI

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hafa arkitektar úr tiltölulega fáum verkefnum að móða um þessar mundir enda hafa nánast allar nýbyggingar stöðvast. Englendingurinn David Robertson vann hjá arkitektastofunni Kradsarkitektar en missti vinnuna þegar kreppan skall á. Í stað þess að leggja sig í kör ákvað hann að láta gamlan draum rætast og opna verkstæðið Kria Cycles. Þar hyggst hann gera við gömul hjól, halda við nýlegri hjólum við og smíða ný eftir þörfum hvers og eins þótt einfaldleikinn ráði ríkjum í hönnun hans.

David hefur unnið við arkitektúr í tæp tólf ár og verið búsettur á Íslandi í tvö. Hann hefur ávallt

verið mikill hjólamaður og farið allra sinna ferða á hjólestinum, sama hvernig víðar. „Ef ég hefði ekki verið svona góður að hlaupa hefði ég sennilega lagt stund keppnishjóla,“ segir David. Hann samtali við Fréttablaðið en hann keppti meðal annars fyrir England í viðvangshlaupum og langhlaupum á sínum yngri árum.

David hjólaði hvert sem hann fór þegar hann var búsettur í London og ætlaði ekki að slá slöku við þegar hann fluttist til Íslands. Hann viðurkennir þó að það sé síður en svo auðvelt að hjóla á eyjunni í Norður-Atlantshafi, honum finnst þó að Íslendingar gætu gefið hjólunum sínum tækifæri. „Auðvitað hefur

þetta sína kosti og sína galla, stundum hefur þú vinnu í fangið, stundum getur hann líka verið í bakkið og virkað sem meðbyr.“

David segist einnig hjóla yfir vetrartímann og bendir á að fólk þurfi ekkert endilega 27-gíra fjallahjól til að komast leiða sinna innan borgarmarkanna.

„Eg er allavega ekki á slíkum faraskjóta og það hefur bara reynt mér vel.“ David hyggst opna verkstæði á næstunni og er bjartsýnn á að fólk muni taka þessu framtaki vel. Verkstæðið verður við Hólmaslóð en áhugasamir geta kynnst sér starfseminna frekar á kria-cycles.com.

freyrigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það var mikið stuð í knattspyrnuhöllinni Kórnum í Kópavogi um helgina þegar knattspyrnufélag samkynhneigðra, **Styrmir**, stóð fyrir alþjóðlegu móti í fótbolta. **Hafsteinn Þórólfsson** og félagar tóku á móti tíu liðum, þar af fimm frá útlöndum.

Spennan var mikil þegar úrslitaleikurinn var háður, en hann var milli Styrmis South og dansks liðs. Leikar stóðu jafnir eftir venjulegan leiktíma þannig að gripið var til vítaspurnukeppni en úrslitin réðust ekki fyrr en í bráðabana, þar sem danskir fóru með sigur af hólmi. Um kvöldið var síðan blásið til mikillar veislu á Rúbín þar sem Páll Óskar fór venju samkvæmt á kostum.

Tökur eru nú hafnar á nýjustu kvikmynd **Anitu Briem**, Dead of Night, en þær fara fram í New Orleans. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu leikur Anita þar á móti sjálfu Ofurmenninu, Brandon Routh, sem er góðvinur Guðna Gunnarssonar, rope yoga-kóngsins á Íslandi. Myndin er engin smámynd

því samkvæmt imdb.com-vefnum kostar hún litlar tuttugu milljónir dollara eða tvo og hálfan milljarð íslenskra króna.

Ög meira af Íslendingum úti í heimi því Vesturport tekur þátt í ástralskri leikhátíð til heiðurs Franz Kafka sem nú fer fram í Sydney. Leikgerð Vesturports á Hamskiptunum hefur vakið mikla athygli en sýningin hefur meðal annars hlotið fina dóma í Tasmaníu og víðar í Eyjaálfunni. **Gísli Örn Garðarsson** leikstjóri sýningunni í samstarfi við enska leikstjórnann David Farr.

Óg meira af Íslendingum úti í heimi því Vesturport tekur þátt í ástralskri leikhátíð til heiðurs Franz Kafka sem nú fer fram í Sydney. Leikgerð Vesturports á Hamskiptunum hefur vakið mikla athygli en sýningin hefur meðal annars hlotið fina dóma í Tasmaníu og víðar í Eyjaálfunni. **Gísli Örn Garðarsson** leikstjóri sýningunni í samstarfi við enska leikstjórnann David Farr.

Óg meira af Íslendingum úti í heimi því Vesturport tekur þátt í ástralskri leikhátíð til heiðurs Franz Kafka sem nú fer fram í Sydney. Leikgerð Vesturports á Hamskiptunum hefur vakið mikla athygli en sýningin hefur meðal annars hlotið fina dóma í Tasmaníu og víðar í Eyjaálfunni. **Gísli Örn Garðarsson** leikstjóri sýningunni í samstarfi við enska leikstjórnann David Farr.

Óg meira af Íslendingum úti í heimi því Vesturport tekur þátt í ástralskri leikhátíð til heiðurs Franz Kafka sem nú fer fram í Sydney. Leikgerð Vesturports á Hamskiptunum hefur vakið mikla athygli en sýningin hefur meðal annars hlotið fina dóma í Tasmaníu og víðar í Eyjaálfunni. **Gísli Örn Garðarsson** leikstjóri sýningunni í samstarfi við enska leikstjórnann David Farr.

Óg meira af Íslendingum úti í heimi því Vesturport tekur þátt í ástralskri leikhátíð til heiðurs Franz Kafka sem nú fer fram í Sydney. Leikgerð Vesturports á Hamskiptunum hefur vakið mikla athygli en sýningin hefur meðal annars hlotið fina dóma í Tasmaníu og víðar í Eyjaálfunni. **Gísli Örn Garðarsson** leikstjóri sýningunni í samstarfi við enska leikstjórnann David Farr.

Óg meira af Íslendingum úti í heimi því Vesturport tekur þátt í ástralskri leikhátíð til heiðurs Franz Kafka sem nú fer fram í Sydney. Leikgerð Vesturports á Hamskiptunum hefur vakið mikla athygli en sýningin hefur meðal annars hlotið fina dóma í Tasmaníu og víðar í Eyjaálfunni. **Gísli Örn Garðarsson** leikstjóri sýningunni í samstarfi við enska leikstjórnann David Farr.



**FÓR Á KOSTUM** Hemmi Gunn fór á kostum fyrir vestan og þakið ætlaði að rifna af húsina þegar slagarar á borð við Einn dans við mig tóku að hljóma.

## TEPPI Á STIGAGANGINN

GÓLFEFNI ÞEKKING ÞJÓNUSTA

Stepp ehf Ármúla 32 Sími 533 5060 www.stepp.is stepp@stepp.is

## Allir sungu með Hemma

„Þetta var algjört ævintýri og það var virkilega gaman að fá að taka þátt í þessu,“ segir Hermann Gunnarsson, Hemmi Gunn. Hann tróð upp á rokkhátíð alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, og sló, að sjálf-sögðu, í gegn. Þakið ætlaði bókstaflega að rifna af húsnaði KNH á Ísafirði þegar sjónvarpsstjarnan steig á stökk og flutti öll sín bestu lög ásamt Kraftlyftingu. Salurinn tók undir og hápunkturinn var


þegar hinn sígildi slagari Einn dans við mig tók að hljóma. Slíkar voru vinsældir Hemma að hann áritaði bringu eins aðdáanda með nafni sínu.

Jón Þór Þorleifsson, einn af aðstandendum hátíðarinnar, segir erfitt að meta fjöldann sem mætti í ár, skýtur þó á þrjú til fjögur þúsund. Hann segir það hafa verið samdöma álit tónlistarmanna að stemningin hefði aldrei verið betri. - fgg



# IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR



Ein besta heilsudýna í heimi



iq-care.com

ATH.  
Breyttir opnunartímar  
12:00-18:00 virka daga  
12:00-16:00 laugardaga

6 mán. vaxtalausar greiðslur

## FERMINGARTILBOÐ

### Beauty Sleep

97x203 cm kr. 59.900  
135x200 cm frá kr. 79.900

### IQ-CARE

100X200 cm kr. 99.900  
120X200 cm kr. 139.900



**Nýir svefnsófar  
með heilsudýnu**

**Íslensk framleiðsla**



**30% afsláttur**  
af fylgihlutum við dýnukaup



## S-CAPE WALLHUGGER

Sá nýjasti og besti frá Leggett  
Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu  
2x90 x 200 cm. Áður 684.900  
**Nú 499.000**



Íslenskir botnar  
Íslensk framleiðsla  
Margir leðurlitir í boði

## IQ-CARE

### King

Áður 269.900  
**Nú 199.900**

### Cal. King

Áður 269.900  
**Nú 189.900**

### Queen

Áður 189.900  
**Nú 149.900**



**20-50% afsláttur**  
af völdum vörum



## PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.  
Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu  
2x80x200 cm. Áður 384.900

**Nú 279.900**



Óseyri 2

AKUREYRI

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150  
Opíð virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is





**BAKÞANKAR**  
Þórunn Óddsdóttir

## Heimsókn í safnið


Lokið augunum og ímyndið ykkur það þið séuð stödd í stórum rökkvuðum sal. Þið eruð rétt búin að ganga framhjá miðasöludömunni sem gaf ykkur frítt inn og standið nú í þessu stóra rými og horfið í kringum ykkur. Þarna er margt að sjá og andrúmsloftið vekur blendnar tilfinningar; eftirsjá, bræði og vanþóknun.

VIÐ erum stödd á opnun Gróðærissafns ríkisins. Þeir standa þarna í röð, útrásarvíkingarnir og stjórnmálamennirnir, og taka brosandí á móti okkur í nýstraujuðum jakka-fötum. Auðvitað búnir til úr vaxi en svo raunverulegir að liggur við að hægt sé að telja svitaholurnar á efri vör Björgólfs Thors og einhver hefur fengið útrás fyrir reiði sína og sparkað af alefli í vaxfótlegg Bjarna Ármannssonar, sem hefur nú verið færður til hliðar og er merktur „í viðgerð“.

LJÓST er að leikmyndahönnuðir ríkisins hafa skilað góðu verki í sinni atvinnubótavinnu. Þarna er öllu stillt upp á sannfærandi hátt; blaðaúrklippur og ljósmyndir þekja veggina ásamt teikningum af framandlegum sumarþústöðum ríka fólksins sem aldrei voru kláraðir. Á risaflatskjá rúllar gamall Innlit/útlit þáttur þar sem Ásgeir Kolbeins sýnir íbúðina sem hann keypti meðan veislan stóð sem hæst og var víst óbúðarhæf sökum „viðbjóðslega hallærislegra innréttinga“.

ÞETTA er nútímalegt safn sem tekur mið af kröfum samtímans um gagnvirkni og upplifun. Það er hægt að prófa að setjast í mjúk leðursæti í gljáfægðri einkabotu og vopnaðir öryggisverðir leyfa gestum að handfjatla nokkrar milljónir í seðlum og þreifa þannig á ríki-dæminu sem við förum flest á mis við. Þrátt fyrir allt raus um að allir hafi tekið þátt í vitleysunni verður þessi veruleiki álíka framandi fyrir meðaljóninn og það stofulífið sem við kynnumst á Þjóðminjasafninu.

VITASKULD er svoltið snemmt að opna þetta safn strax. Það liðu til dæmis áratugir frá því að síldarævintýrinu lauk og þar til Síldarminjasafnið á Siglufirði varð að veruleika. Nú höfum við hins vegar áttað okkur á gildi slíkra safna og ættum að kappkosta að koma Gróðærissafninu á fót fyrir sumarið. Líkt og Síldarminjasafnið verður það minnisvarði um ákveðinn tíðaranda sem þó er ekki baðaður dýrðarljóma síldarævintýrisins. Nei, Gróðærissafnið á meira sam-eiginlegt með Galdrasafninu á Ströndum eða Vesturfasetrinu á Hofsósi – minnisvarði um tímabil í sögu þjóðarinnar sem við vildum helst gleyma.




**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er þriðjudagurinn 14. apríl,  
104. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	5.59	13.28	20.59
Akureyri	5.37	13.12	20.50

Heimild: Almanak Háskólans

# HVAR ER ÞINN LÍFEYRISSPARNADUR?

## SAMANBURÐUR Á 5 ÁRA MEÐALNAFNÁVÖXTUN




## BERÐU SAMAN ÁVÖXTUNINA!

Við samanburð kemur í ljós að Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem ávaxtar skyldu- og viðbótarlífeyrissparnað, skilaði sjóðfélögum sínum mun betri ávöxtun en helstu samkeppnisaðilar.

- Frjálsi lífeyrissjóðurinn hjá Kaupþingi
- Almenni lífeyrissjóðurinn, Ævisafn hjá Glitni/Íslandsbanka
- Íslenski lífeyrissjóðurinn, Líf hjá Landsbankanum

## SAMANBURÐUR Á NAFNÁVÖXTUN 2008



Fjárfestingarleiðirnar sem bornar eru saman eru þær leiðir sem hafa líkustu fjárfestingarstefnurnar. Líf 1 hjá Íslenska lífeyrissjóðnum, Ævisafn 1 hjá Almenna lífeyrissjóðnum og Frjálsi Áhætta hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum eru með mest vægi hlutabréfa og því áhættumestar en Líf 4, Ævisafn 4 og Frjálsi 3 eru aftur á móti ekki með nein hlutabréf og því áhættuminnstar. Ávöxtunartölur Almenna lífeyrissjóðsins og Íslenska lífeyrissjóðsins eru fengnar af upplýsingasíðum sjóðanna. Frjálsi Áhætta var stofnuð 1. janúar 2008 og því eru ekki til 5 ára ávöxtunartölur fyrir þá leið.

## LEITAÐU TIL OKKAR ÞEGAR KEMUR AÐ LÍFEYRISSPARNADI

Hafðu samband við Ráðgjöf Kaupþings, Borgartúni 19, í síma 444 7000, sendu tölvupóst að [radgjof@kaupthing.is](mailto:radgjof@kaupthing.is) eða komdu við í næsta útibúi Kaupþings.